



skóga



Ástandsmat áfangastaða innan friðlýstra svæða

Skýrsla 2023

Samkvæmt ákvæðum 79. gr. laga nr. 60/2013 skal Umhverfisstofnun gefa ráðherra árlega skýrslu um ástand náttúruverndarsvæða í umsjá stofnunarinnar. Í þessari skýrslu er að finna mikilvægar upplýsingar er varða ástand friðlýstra svæða en hér er þó einblínt á áfangastaði ferðamanna innan friðlýstu svæðanna. Umhverfisstofnun hefur frá árinu 2010 gefið út skýrslur um ástand friðlýstra svæða og frá sama tíma hefur verið gefinn út listi yfir svæði í hættu, svokallaður *Rauði listinn*, annað hvert ár.

Nú er í sjöunda sinn unnið með verkfæri til að meta ástand áfangastaða innan friðlýstra svæða. Verkfærið var unnið af Umhverfisstofnun, en á vordögum 2016 gerðu Umhverfisstofnun og Stjórnstöð ferðamanna með sér samning um að fyrrgreindi aðilinn myndi hanna og þróa verkfæri sem nýta mætti til að leggja mat á svæði sem væru undir álagi vegna gestasóknar. Áhersla er lögð á að verkfærið leggi hlutlægt mat á verndarsvæði, sé samanburðarhæft milli svæða og gefi til kynna hvort ástand svæða fari batnandi eða versnandi milli ára. Þrír meginþættir (skipulag, innviðir og verðmæti) eru metnir til að byrja með en bæta má við nýjum meginþáttum og fella þætti út eftir því hvernig verkfærið þróast. Verkfærið sem hér fylgir er því enn í þróun og verður það sennilega komandi ár.

Í þessari skýrslu er að finna ástandsmat 144 áfangastaða innan friðlýstra svæða. Fjórdá árið í röð taka systurstofnanir Umhverfisstofnunar, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Vatnajökulspjóðgarður, þátt í skýrslugerðinni og má því finna niðurstöður mats á svæðum innan þjóðgarðanna í þessari skýrslu.

Uppsetning skýrslunnar er þannig að fremst er matseinkunn allra metinna svæða. Þeim er raðað eftir stafrófsröð innan hvers landshluta. Í tilfelli Vatnajökulspjóðgarðs, sem spannar nokkur landsvæði, er garðinum skipt í starfssvæði og fylgir hvert starfssvæði landshlutanum sem það er í, þannig er því að finna fjóra kafla um Vatnajökulspjóðgarð í skýrslunni. Þar á eftir er kafli þar sem dregin eru fram annars vegar svæði í hættu en hins vegar svæði sem standa vel að vígi. Að lokum er hið eiginlega ástandsmat hvers svæðis með tillögum að úrbótum þar sem litið er til möguleika svæðis til að þjóna gestum og viðhalda verndargildi. Jafnframt er fjallað um breytingar milli ára þar sem við á.

Verkfærið

Ýmsar leiðir eru þekktar erlendis til að meta ástand og álag á fjölsóttum svæðum og gera úttekt á stjórnun þeirra. Við gerð þessa verkfæris voru ýmis erlend tól skoðuð og hugmyndafræði þeirra nýtt. Ber sérstaklega að nefna *Management Effectiveness Tracking Tool - WWF* sem er verkfæri hannað til að meta virkni stjórnunar á friðlýstum svæðum. Aðferðarfræði ástandsmatsins er byggð á svipuðum grunni, þ.e. settar eru fram fullyrðingar um vísu þætti sem skipta ástand svæða máli. Sú fullyrðing sem á best við gefur vísu einkunn.

Matið skiptist í þrjú meginhluta: skipulag, innviði og verðmæti. Alls er um 27 þætti eða viðföng að ræða og felur hver þáttur í sér fullyrðingar þar sem hverri fullyrðingu fylgir ákveðin einkunn. Eigi tiltekinn þáttur ekki við um tiltekið svæði hverfur hann úr matinu og vægi hans núllast út.

Kallaður var saman fundur margra hagsmunaaðila þar sem viðföng sem skipta máli er kemur að ástandsmati áfangastaða voru samin, rædd og metin. Í kjölfarið voru viðföngin fínþússuð og sett fram með einkunnum. Þá var sett fram reiknilíkan til að leggja lokamat á einkunnagjöf hvers metins svæðis.

Haustið 2018 unnu sérfræðingar í teymi náttúruverndar að uppfærslu matsverkfærisins. Í þeirri vinnu var reynt að afmá þá hnökra sem komið höfðu upp og bæta við viðföngum sem talið var að myndu hjálpa til

við að gefa skýrari mynd af ástandi hvers áfangastaðar fyrir sig. Verkfærið fór aftur í gegnum nokkrar breytingar vorið 2020 en engu að síður er talið að það sé samanburðarhæft milli ára.

Hafa skal í huga að verkfærið er hannað til að leggja mat á ástand svæða sem eru undir álagi vegna gestasóknar, þekktir áfangastaðir. Ekki er ástæða til að leggja mat á svæði sem fáir sækja og áhrif gesta eru óveruleg. Sama á við ef álag á svæði er vegna náttúrulegra þátta og/eða framkvæmda þriðja aðila s.s. virkjanir, vegaf framkvæmdir eða annað álag sem ekki er hægt að rekja beint til ferðamanna. Með verkfærinu er gestaálag metið og lagðar til leiðir til úrbóta. Þó eru stök viðföng sem heyra ekki beint undir álag gesta en geta haft áhrif á upplifun þeirra, t.d. landnýting, framandi ágengar lífverur o.s.frv.

Frekari upplýsingar um verkfærið ásamt leiðbeiningum um notkun má finna í viðauka 1.

Efnisyfirlit

Einkunnir áfangastaða	9
Ástandsmat áfangastaða ferðamanna – áfangastaðir í hættu.....	5
Áfangastaðir sem standa vel.....	7
Ástandsmat, ástand og úrbætur	14
Vesturland.....	14
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull	19
Vestfirðir	25
Norðvesturland.....	33
Norðausturland.....	35
Vatnajökulspjóðgarður – Jökulsárgljúfur	40
Austurland.....	44
Suðurland.....	49
Vatnajökulspjóðgarður	57
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	66
Miðhálandið	70
Vatnajökulspjóðgarður – Hálandi Skaftárhrepps	78
Vatnajökulspjóðgarður – Hálandið norðan Vatnajökuls	81
Höfuðborgarsvæðið	86
Suðvesturland	105
Lokaorð	114
Viðauki 1	115

Árið 2023 framkvæmdu starfsmenn Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarðs og Þjóðgarðsins á Þingvöllum, ástandsmat á 143 áfangastöðum ferðamanna innan friðlýstra svæða. Í tilfellum þar sem friðuðu svæðin eru stór hafa verið skilgreindir fleiri en einn áfangastaður innan hins friðlýsta svæðis og er því að finna upplýsingar um marga áfangastaði innan sumra friðaðra svæða. Má þar nefna svæði eins og Snæfellsjökulspjóðgarð og Friðlandið að Fjallabaki. Hér skal tekið fram að sökum stærðar Vatnajökulspjóðgarðs, þá flokkast hann inn á fjögur landssvæði; Norðausturland, Austurland, Suðurland og Miðhálandið.

Árið 2023 varð töluverð fjölgun gesta frá því sem verið hefur og í mörgum tilfellum fleiri gestir en nokkru sinni fyrr. Þrátt fyrir þessar öru breytingar í gestakomum, stóðu svæðin sig vel. Álíka mörg svæði lækkuðu að einhverju ráði og þau sem hækkuðu að sama skapi. Því er staðan nú að meðaleinkunn þeirra 143 áfangastaða sem metnir voru er sú sama og hún var fyrir tveimur árum, örlítið lægri en í fyrra. Vert er að taka fram að einmuna veðurlíða og þurrkur nánast um allt land hefur mikið að segja um hvernig svæðin komu undan sumrinu.

Ástandsmat áfangastaða ferðamanna – áfangastaðir í hættu

Verkfærið *ástandsmat áfangastaða* var þróað til að unnt væri að fá heildaryfirsýn um ástand áfangastaða á Íslandi. Verkfærið er miðað að einum af stærstu þáttunum sem hafa áhrif á ástand náttúru Íslands, sem er ferðamennska og nýting náttúru til útivistar. Með notkun verkfærisins er hægt að greina eftirsótt náttúrusvæði, sem eru í hættu vegna ferðamennsku og útivistar, á skilvirkan hátt. Nú birtum við lista yfir áfangastaði í hættu – rauða áfangastaði árlega, þar sem gerð er grein fyrir áhrifum ferðamanna á náttúru. Unnið er samkvæmt eftirfarandi flokkun þegar kemur að einkunnum sem áfangastaðir fá út úr matinu:

- Áfangastaður með heildareinkunn **lægri en 5 telst rauður** og er í verulegri hættu á að tapa verndargildi sínu. Þar er æskilegt að grípa til tafarlausra aðgerða. Það sama gildir ef einkunn fyrir þann hluta er fellur undir „verðmæti áfangastaðar“ er lægri en 5.
- Áfangastaður með heildareinkunn á **bilinu 5-6 flokkast sem appelsínugulur** áfangastaður, þ.e. hugsanleg hætta er á því að svæðið tapi verndargildi sínu og þörf er á aðgerðum til afstýringar. Sama gildir ef einkunn fyrir þann hluta er fellur undir „verðmæti áfangastaðar“ er á milli 5 og 6.

Ástandsmat ferðamannastaða tekur ekki tillit til álags vegna annarra hagsmunaárekstra t.d. vegna orkunýtingar, landbúnaðarnotkunar, iðnaðar, áhrifa þéttbýlis (t.a.m. skólphreinsun, byggingar) og annarrar starfsemi sem telst ekki til ferðamennsku.

Tafla 3. Áfangastaðir í hættu

2022

Áfangastaðir í hættu

Innan Friðlands að Fjallabaki: *Suðurnám*
Innan Vatnajökulsþjóðgarðs: *Námuvegur*
Innan Reykjanesfólkvangs: *Vigdísarvellir og*
Vigdísarvallarleið

Appelsínugulir áfangastaðir

Bringur
Innan Friðlands að Fjallabaki: *Stútur*
Geysir
Háubakkar
Hleinar
Hlið
Hveravellir
Rauðhólar
Innan Bláfjallafólkvangs: *Skíðasvæði*
Innan Reykjanesfólkvangs: *Leiðarendi, Sogin, Stapar og*
fjaran við Kleifarvatn
Tröllabörn
Tungufoss

2023

Áfangastaðir í hættu

Innan Friðlands að Fjallabaki: *Suðurnám*
Innan Vatnajökulsþjóðgarðs: *Námuvegur*
Innan Reykjanesfólkvangs: *Vigdísarvellir og*
Vigdísarvallarleið

Appelsínugulir áfangastaðir

Bringur
Innan Friðlands að Fjallabaki: *Stútur*
Geysir
Hleinar
Hlið
Rauðhólar
Innan Bláfjallafólkvangs: *Skíðasvæði*
Innan Reykjanesfólkvangs: *Leiðarendi, Sogin,*
Stapar og fjaran við Kleifarvatn
Innan Vatnajökulsþjóðgarðs:
Bæjarstaðarskógur og Kristínartindar

Engin breyting er á milli ára á listanum áfangastaður í hættu, einkunnir þessara áfangastaða hafa þó í tveimur tilfellum hækkað aðeins milli ára, en ekki nógu mikið til að færast milli flokka. Það eru Suðurnám og Námuvegur. Vigdísarvellir og Vigdísarvallarleið verða enn fyrir miklum skemmdum, ekki síst vegna aukins aksturs utan vega sem að hluta til helgast af nálægð svæðisins við eldstöðvarnar.

Á appelsínugula listanum er nokkur breyting, þar sem þrjú áfangastaðir ná að vinna sig út af listanum og einn staður var ekki metinn sem áfangastaður og því tekinn út úr matinu. Þau svæði sem hækkuðu einkunn sína út af listanum eru Hveravellir, Tröllabörn og Tungufoss. Metið var að Háubakkar væru ekki áfangastaður ferðamanna og því eru þeir teknir út. Tveir nýir áfangastaðir koma á appelsínugula listann. Hvorir tveggja eru áfangastaðir sem verið er að meta í fyrsta skipti, það eru Bæjarstaðarskógur og Kristínartindar innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Áfangastaðir sem standa vel

Til að komast á græna listann þarf svæði að hafa náð a.m.k. 8 í heildareinkunn.

Mikil fjölgun var á meðal grænna áfangastaða árið 2020. Munaði þar óneitanlega um hversu mörg svæði fengu mun færri heimsóknir en í meðalári. Það er ánægjulegt að sjá að langflest þessara svæða halda stöðu sinni, þrátt fyrir að gestafjöldi sé að aukast jafn mikið og raun ber vitni. Í ár eru 59 áfangastaðir með græna einkunn, þrjú áfangastaðir sem voru á græna listanum í fyrra voru ekki metnir í ár. Þrjú nýir áfangastaðir komu inn í ár, Arnarstapi, Spákonufellshöfði og Stöng og Gjáin innan Þjórsárdals. Sjö áfangastaðir falla út af listanum, það eru Einkunnir, Klasar, Skógaheiði, Skútustaðagígar, Dettifoss að vestanverðu, Sel og Háifoss innan Þjórsárdals. Lækkun einkunnar rúmlega helmingss þessara áfangastaða tengist álagi vegna fjölgunar gesta.

Milli ára lækkar prósentu þeirra áfangastaða sem ná inn á græna listann úr 44% í 42% metinna áfangastaða.

Tafla 4. Áfangastaðir sem standa vel

2022	2023
Grænir áfangastaðir	Grænir áfangastaðir
Álfaborg	Arnarstapi
Blábjörg	Álfaborg
Innan Bláfjallafólkvangs: <i>Þríhnjúkagígar</i>	Blábjörg
Búðahraun	Innan Bláfjallafólkvangs: <i>Þríhnjúkagígar</i>
Dimmuborgir	Búðahraun
Dverghamrar	Dimmuborgir
Dynjandi	Dverghamrar
Dyrhólaey: <i>Háey og Lágey</i>	Dynjandi
Einkunnir	Dyrhólaey: <i>Háey og Lágey</i>
Goðafoss	Goðafoss
Grábrók	Grábrók
Innan Hornstranda: <i>Hesteyri, Höfn, Hornbjargsviti og Látrar</i>	Innan Hornstranda: <i>Hesteyri, Höfn</i>
Hólmanes	Hólmanes
Hraunfossar	Hraunfossar/Barnafoss
Hrútey	Hrútey
Húsafell	Húsafell
Ingólfshöfði	Ingólfshöfði
Kattarauga	Kattarauga
Kirkjugólf	Kirkjugólf
Klasar	Neskaupsstaður fólkvangur
Krossanesborgir	Ósland
Ósland	Seljahjallagil
Seljahjallagil	Spákonufellshöfði
Skógafoss: <i>Skógaheiði</i>	Ströndin Stapar-Hellnar
Skútustaðir	Surtarbrandsgil
Ströndin á milli Stapa og Hellna	Svarfaðardalur
Surtarbrandsgil	Innan Vatnsfjarðar: <i>Flókalundur, Hörgsnes, Vatnsdalur og Þingmannaá.</i>
Svarfaðardalur	Innan Snæfellsjökulsþjóðgarðs: <i>Djúpalón, Lóndrangar, Malarrif, Skarðsvík, Skálasnagi og Svalþúfa</i>
Innan Vatnsfjarðar: <i>Flókalundur, Hörgsnes, Vatnsdalur og Þingmannaá.</i>	Varmárósar
Innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökull: <i>Djúpalón, Lóndrangar, Malarrif, Skarðsvík, Skálasnagi og Svalþúfa</i>	Innan Vatnajökulsþjóðgarðs: <i>Askja, Botnstjörn í Ásbyrgi, Drekgil, Eldgjá, Fjallsárlón, Hljóðaklettur, Holubraun, Hvannalindir, Laki, Langisjór, Skaftafell tjaldsvæði og Þjónustumiðstöð, Skaftafellsjökull, Snæfell gönguleið, Svartifoss, Tjarnargígur</i>
Innan Vatnajökulsþjóðgarðs: <i>Askja, Botnstjörn í Ásbyrgi, Dettifoss að vestanverðu, Drekgil, Eldgjá, Fjallsárlón, Hljóðaklettur, Holubraun, Hvannalindir, Laki, Langisjór, Sel, Skaftafell tjaldsvæði, Skaftafell Þjónustumiðstöð,</i>	Þjórsárdalur: <i>Stöng og Gjáin</i>
<i>Skaftafellsjökull, Snæfell gönguleið, Svartifoss, Tjarnargígur</i>	Innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum: <i>Almannagjá, Hakið, Silfra og Öxarárfoss</i>
Þjórsárdalur: <i>Háifoss</i>	
Innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum: <i>Almannagjá, Hakið, Silfra og Öxará</i>	

Einkunnir áfangastaða

Hér er að finna töflu með upplýsingum um ástand allra metinna áfangastaða. Þeir eru flokkaðir eftir landssvæðum og einkunn áfangastaða skipt niður í þrjá flokka; þ.e. skipulag, innviðir, verðmæti og heildareinkunn áfangastaðar. Vert er að benda á að í þarnæsta kafla eru frekari upplýsingar um ástand hvers staðar fyrir sig og yfirlit yfir brýnar úrbætur.

Tafla 1. Einkunnir áfangastaða

Vesturland	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Arnarstapi	7,00	7,71	8,67	8,06
Búðahraun	6,30	8,10	9,67	8,53
Einkunnir	7,50	8,33	8,0	7,99
Eldborg	7,04	6,39	8,0	7,36
Grábrók	9,26	9,52	9,36	9,40
Hraunfossar/Barnafoss	6,50	6,94	9,17	8,01
Húsafell	7,71	9,44	9,11	8,91
Ströndin Stapar-Hellnar	7,22	8,33	9,00	8,45
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Djúpalón	8,83	6,67	8,67	8,16
Lóndrangar	8,15	7,92	8,00	8,01
Malarrif	8,83	8,33	8,83	8,70
Saxhóll	7,83	7,67	6,67	7,18
Skarðsvík	8,15	5,56	9,33	8,06
Skálasnagi	9,26	8,0	9,00	8,78
Svalþúfa	8,50	8,61	8,67	8,62
Öndverðarnes	7,96	5,83	9,00	7,93
Vestfirðir	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Dynjandi	8,33	7,50	8,53	8,21
Hornstrandir, Hesteyri	9,63	9,20	7,56	8,44
Hornstrandir, Horn	8,54	7,62	7,67	7,84
Hornstrandir, Höfn	9,38	9,00	8,00	8,56
Látrabjarg	7,59	5,39	8,33	7,38
Surtarbrandsgil	10	10	10	10
Vatnsfjörður, Flókalundur	7,41	8,33	8,33	8,14
Vatnsfjörður, Hörgsnes	7,96	9,76	8,78	8,87
Vatnsfjörður, Vatnsdalur	8,04	8,61	9,67	9,04
Vatnsfjörður, Þingmannaá	8,15	8,70	9,00	8,74
Norðvesturland	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Hrútey	8,89	9,33	9,50	9,33
Kattarauga	7,14	8,67	9,83	8,95
Spákonufellshöfði	7,78	7,50	8,44	8,05

Norðausturland	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Dimmuborgir	9,67	8,33	7,33	8,09
Goðafoss	8,67	7,92	7,33	8,63
Hverfjall	7,67	7,92	7,33	7,56
Klasar	7,00	7,92	7,33	7,42
Seljahjallagil	7,04	7,50	10,0	8,70
Skútustaðir	8,67	8,33	7,00	7,71
Svarfaðardalur	7,41	9,58	7,67	8,13
Vatnajökulsþjóðgarður	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Botnstjörn í Ásbyrgi	9,33	8,10	8,00	8,31
Dettifoss að austanverðu	7,22	8,33	6,67	7,23
Dettifoss að vestanverðu	6,50	6,50	8,00	7,00
Hljóðaklettur	7,78	8,89	8,22	8,31
Austurland	Skiplag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Álfaborg	8,67	9,52	8,00	8,55
Blábjörg í Berufirði	7,41	7,78	9,11	8,39
Helgustaðanáma	7,67	7,62	6,11	6,84
Hólmanes	8,33	8,10	8,67	8,44
Neskaupsstaður fólkvangur	8,67	8,89	7,56	8,15
Stóruð	2,59	6,33	7,33	6,07
Teigarhorn	8,33	6,67	8,00	7,71
Suðurland	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Dverghamrar	9,50	9,58	7,72	8,60
Dyrhólaey, Háey	9,00	8,33	8,78	8,70
Dyrhólaey, Lágey	8,67	8,89	8,67	8,73
Geysir	8,67	8,52	5,33	6,89
Gullfoss	9,00	8,15	7,00	7,73
Ingólfshöfði	8,96	8,61	9,33	9,06
Kirkjugólf	8,83	9,17	8,67	8,84
Ósland	8,61	7,78	8,89	8,45
Skógafoss, láglandi	7,67	5,21	8,89	7,64
Skógafoss, Skógaheiði	7,50	7,71	7,89	7,76
Þjórsárdalur, Stöng og Gjáin	7,96	7,41	8,83	8,27
Þjórsárdalur, Háifoss	7,04	6,33	8,33	7,51
Þjórsárdalur, Hjálparfoss	7,96	7,38	7,67	7,65
Vatnajökulsþjóðgarður	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Bæjarstaðaskógur	8,60	8,53	5,00	6,71
Fjallsárlón	8,60	8,33	9,83	9,17
Háalda	7,41	8,42	7,00	7,47
Heinaberg	8,00	6,81	7,50	7,42
Jökulsárlón	6,83	6,19	6,83	6,66

Kristínartindar	6,50	4,33	6,22	5,77
Morsárjökull	7,04	7,67	7,67	7,53
Námuvegur	5,40	3,00	5,83	4,98
Sel	8,15	5,75	8,57	7,72
Skaftafell þjónustukjarni og tjaldsv.	8,10	8,48	8,67	8,50
Skaftafellsjökull	9,10	8,20	8,44	8,52
Svartifoss	8,67	8,54	8,67	8,63
Þröng	5,83	5,00	6,83	6,13

Þjóðgarðurinn Þingvellir	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Almannagjá	10,0	10,0	9,0	9,48
Hakið	10,0	10,0	8,61	9,28
Silfra	9,67	9,44	6,67	8,05
Öxarárfoss	9,67	9,44	8,33	8,91

Miðhálandið	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Fjallabak, Hnausapollur	7,22	5,42	8,00	7,14
Fjallabak, Hrafninnuskur	6,30	6,67	7,00	6,76
Fjallabak, Landmannahellir	7,04	6,46	6,67	6,69
Fjallabak, Landmannalaugar	7,78	6,48	7,17	7,11
Fjallabak, Laugahringur	7,96	7,59	7,83	7,80
Fjallabak, Laugavegur	7,41	6,90	7,00	7,06
Fjallabak, Ljótípollur	6,85	7,14	8,00	7,53
Fjallabak, Rauðufossar	7,22	8,61	7,83	7,92
Fjallabak, Stútur	6,11	5,21	6,00	5,81
Fjallabak, Suðurnám	7,04	5,00	4,89	5,37
Fjallabak, Vondugiljaaurar	4,67	6,90	7,33	6,66
Hveravellir	7,78	7,67	7,33	7,52
Kerlingarfjöll	8,33	6,21	8,33	7,76
Lónsöræfi	5,93	7,67	8,33	7,65

Vatnajökulsþjóðgarður	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Askja	9,67	8,52	9,11	9,07
Drekagil	9,00	8,89	8,11	8,51
Eldgjá	9,81	9,26	8,67	9,07
Herðubreiðarlindir	7,33	8,15	6,67	7,73
Holuhraun	8,67	8,75	8,67	8,69
Hvannalindir	8,15	9,05	8,00	8,31
Laki	9,44	8,70	8,33	8,67
Langisjór	9,44	8,54	10,0	9,49
Snæfell gönguleið	9,00	9,26	9,11	9,13
Tjarnargígur	9,44	9,58	8,67	9,08

Höfuðborgarsvæði	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Álafoss	8,52	7,78	6,00	7,01

Ásfjall	6,19	7,33	6,00	6,40
Ástjörn	5,83	7,33	6,00	6,33
Bakkatjörn	6,25	8,89	6,67	7,18
Bessastaðanes	7,14	8,33	7,33	7,56
Borgir	6,67	8,67	7,67	7,73
Bringur	5,83	5,56	6,11	5,90
Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá	8,75	6,88	6,67	7,16
Fjaran við Kasthúsatjörn	6,67	8,00	7,00	7,20
Fossvogsbakkar	6,67	8,00	7,00	7,20
Garðahraun og Vífilstaðahraun	7,14	9,44	6,33	7,34
Gálgahraun	7,22	9,17	7,33	7,81
Gróttta	7,29	8,67	7,56	7,80
Hamarinn	7,62	8,67	6,67	7,41
Hleinar	6,19	6,11	5,33	5,72
Hlið	5,42	8,89	5,67	6,48
Hvaleyrlón	6,19	8,33	6,67	7,02
Kaldárhraun og Gjárnar	4,81	6,19	7,33	6,50
Kasthúsatjörn	7,50	7,22	6,67	6,99
Laugarás	8,10	7,33	7,00	7,32
Maríuhellar við Vífilstaðahraun	7,14	6,67	6,67	6,77
Rauðhólar	5,71	5,42	5,56	5,55
Stekkjahraun	6,67	7,78	6,67	6,97
Tröllabörn	6,25	6,67	6,33	6,41
Tungufoss	7,50	8,67	6,00	7,04
Valhúsahæð	7,22	8,33	6,67	7,23
Varmárósar	6,67	9,33	8,67	8,43
Vífilsstaðavatn	8,52	7,08	7,00	7,34
Víghólar	6,19	9,17	6,89	7,36
Suðvesturland	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Bláfjallafólkvangur, skíðasvæði	7,04	8,00	5,00	6,24
Bláfjallafólkvangur, Príhnúkagígar	8,33	9,44	8,78	8,86
Eldborg í Bláfjöllum	5,71	8,33	8,67	7,96
Eldborg undir Geitahlíð	6,67	8,33	7,00	7,29
Herdísarvík	5,93	6,67	7,00	6,68
Litluborgir	6,19	10,00	6,67	7,47
Reykjanesfólkvangur, Helgafell	5,93	6,04	6,00	6,00
Reykjanesfólkvangur, Krísuvíkurbjarg	6,30	5,33	7,00	6,40
Reykjanesfólkvangur, Leiðarendi	7,92	7,50	5,67	6,63
Reykjanesfólkvangur, Seltún	7,67	8,33	7,00	7,50
Reykjanesfólkvangur, Sogin og nærumhverfi	3,33	5,83	6,33	5,57

Reykjanesfólkvangur, Stapar og fjaran við Kleifarvatn	3,75	6,00	6,33	5,70
Reykjanesfólkvangur, Vigdísarvellir og Vigdísarvallaleið	5,42	5,19	4,00	4,62

Ástandsmat, ástand og úrbætur

Hér er að finna ástandsmat hvers áfangastaðar sem metinn hefur verið með verkfærinu. Áfangastöðunum er raðað upp eftir landshlutum og í stafrófsröð innan landshlutans. Þar sem fleiri en einn áfangastaður er metinn innan sama friðlýsta svæðis, er hann að finna undir nafni svæðisins.

Vesturland

Arnarstapi

<https://ust.is/nattura/nattuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vesturland/strondin-vid-stapa-og-hellna/>

Arnarstapi er skammt austan Snæfellsjökulsþjóðgarðs og undir umsjón starfsfólks hans. Á svæðinu er fjölbreytt þjónusta, tjaldsvæði, hótél og veitingastaðir. Arnarstapi er einn fjölsóttasti ferðamannastaður á Snæfellsnesi en ekki er fullljóst hve margir gestir koma þangað árlega.

Arnarstapi – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8	7
Innviðir áfangastaðar	7,38	7,71
Verðmæti áfangastaðar	8,17	8,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,92	8,06

Breyting á milli ára

Álag á svæðinu hefur aukist lítillega milli ára með fjölgun gesta. Meginástæðu álags má rekja til skorts á skipulagi innan svæðisins. Eftirlit með svæðinu var aukið lítillega yfir sumartímann en nægir samt ekki. Almenningsalerni á vegum Snæfellsbæjar voru sett upp á Arnarstapa og eru opin yfir sumartímann.

Úrbætur

Deiliskipulagsvinna er hafin í samvinnu við Snæfellsbæ og mikilvægt að ljúka henni sem fyrst. Klára þarf uppbyggingu innviða á austurhluta svæðisins, lagfæra göngustíga og gera útsýnisstaði. Endurnýja og fjölga þarf fræðslu- og upplýsingaskiltum.

Búðahraun

<https://ust.is/budahraun>

Búðahraun er utanvert á sunnanverðu Snæfellsnesi. Svæðið er friðlýst vegna jarðmyndana, gróðurs og menningarminja. Starfsfólk Snæfellsjökulsþjóðgarðs fer með umsjón svæðisins. Á svæðinu er hótél og kirkja. Ekki eru til tölur um hve margir heimsækja friðlandið. Flestir gestir virðast þó aka beint að kirkjunni, skoða hana og nærumhverfi en ganga minna um friðlandið.

Búðahraun – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,41	6,3
Innviðir áfangastaðar	8,33	8,1
Verðmæti áfangastaðar	9,33	9,67
Heildareinkunn áfangastaðar	8,66	8,53

Breyting á milli ára

Eftirlit með friðlandinu var aukið yfir sumarið. Bílastæði við kirkjuna annar ekki þeim fjölda gesta sem kemur á svæðið og rútustæði eru óhentug. Ekki fékkst fjármagn í viðhald á fjárgirðingu og því var talsvert af sauðfé í friðlandinu í ár, en óheimilt er að beita fé þar.

Úrbætur

Fara þarf í hönnun á aðkomusvæði og bæta bílastæði með minniháttar stækkun og merkja stæði fyrir fólksbíla og rútur. Nauðsynlegt er að bæta og endurnýja fjárgirðingu á kafla og koma í veg fyrir að fé fari inn í friðlandið. Halda þarf áfram viðhaldi og uppbyggingu göngustíga og setja upp fræðslu- og upplýsingaskilti.

Einkunnir

<https://ust.is/einkunnir>

Einkunnir eru fólkvangur rétt við Borgarnes. Svæðið er töluvert nýtt af heimafólki til útivistar. Fallegar gönguleiðir í vel grónu umhverfi. Skógrækt er á svæðinu og hefur verið allt frá 1950. Ekki er ljóst hve mikil umferð er um svæðið. Svæðið er í umsjón Borgarbyggðar og svæðislandvörður hefur eftirlit með því. Gott samstarf er á milli landvarðar og umsjónarnefndar Einkunna.

Einkunnir – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,33	7,50
Innviðir áfangastaðar	8,81	8,33
Verðmæti áfangastaðar	7,87	8,00
Heildareinkunn áfangastaðar	8,22	7,99

Breytingar milli ára

Ástandi skilta hefur hrakað mikið og þau eru illa staðsett með tilliti til öryggis. Sótt hefur verið um endurnýjun á skiltum en það ekki hlotið brautargengi. Með aukinni nýtingu svæðisins yfir sumartímann hefur komið upp ógn sem þarf að bregðast við með fræðslu, en það er hætta á gróðureldum í mikilli þurrkatíð sem er ekki óalgeng í Borgarfirði.

Úrbætur

Halda þarf áfram merkingum á gönguleiðum og laga stíga. Þá þarf að finna leiðir til að auka öryggi gesta sem ganga upp á borgirnar. Nauðsynlegt er að endurnýja skilti á svæðinu bæði til fræðslu og upplýsingagjafar.

Eldborg

<https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vesturland/eldborg-i-hnappadal/>

Eldborg er áberandi gosgígur við mynni Hnappadals. Svæðið er ekki sérstaklega merkt og því hafa flestir leitað sér upplýsinga um svæðið áður en þeir koma. Gönguteljari er á svæðinu sem lesið er af þrisvar á ári. Gott samstarf er við landeigendur. Gestir nýta aðstöðu ferðaþjónustunnar á Snorrastöðum s.s. bílastæði og salerni. Áætlaður fjöldi gesta 2023 er um 14.000 en var árið 2022 um 11.000.

Eldborg – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,5	7,04
Innviðir áfangastaðar	7,8	6,39
Verðmæti áfangastaðar	8,0	8,00
Heildareinkunn áfangastaðar	7,8	7,36

Breyting á milli ára

Helsta ástæða lægri einkunnar er hnignandi ástand gönguleiðar. Síðustu ár hefur verið unnið að endurbótum á þrepum upp á Eldborgina sjálfa. Gönguleiðin að Eldborg er jafnframt mjög illa farin og töluverðar gróðurskemmdir á leiðinni. Sjálfboðaliðar unnu að lagfæringum stígs í eina viku í sumar.

Úrbætur

Nauðsynlegt er að fara í bráðabirgða aðgerðir til að koma í veg fyrir frekari gróðurskemmdir á svæðinu. Gera þarf úttekt og verkáætlun um framtíðar uppbyggingu á stíg frá Snorrastöðum að Eldborg.

Grábrókargígar

<https://ust.is/grabrok>

Grábrókargígar eru í alfaraleið við hringveg 1 um Norðurárdal í Borgarfirði. Gígarnir eru þrír; Litla Grábrók, Grábrók og Grábrókarfell. Árið 2022 var fjöldi gesta sem heimsótti Grábrók 77.000. Heildar fjöldi gesta í lok nóvember er komin í rúmlega 95.000 sem er töluverð aukning á milli ára og mestur fjöldi síðan talningar hófust árið 2018.

Grábrók – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,50	9,26
Innviðir áfangastaðar	9,20	9,52
Verðmæti áfangastaðar	8,90	9,36
Heildareinkunn áfangastaðar	8,90	9,40

Breytingar á milli ára

Árið 2023 var lokið við framkvæmdir á bílastæði Grábrókar. Jafnframt er vinna við Grábrókarrett, göngustígalagfæringar og skiltauppsetning að skila sér með mun minni ágangi og skemmdum á réttinni. Svæðið er vel uppbyggt og stýring góð.

Úrbætur

Halda þarf áfram að fylgjast grannt með umferð um Grábrókarfell og bregðast við áður en þar stefnir í óefni. Unnið er árlega við mosauppgræðslu og lúpína fjarlægð. Skoða þarf vel uppsetningu á skiltum við Grábrók bæði til fræðslu og upplýsinga. Komið er að smá viðhaldi á stíg sem þarf að sinna og skipta þarf um línur í afmörkun meðfram stíg.

Hraunfossar og Barnafoss

<https://ust.is/hraunfossar>

Hraunfossar og Barnafoss eru einn af vinsælustu áfangastöðunum á Vesturlandi. Göngustígar og útsýnisstaðir eru á svæðinu og aðgengi fyrir alla á hluta þess. Umferð um svæðið er allt árið um kring, en vetrarumferð hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár. Árið 2023 er áætlað að 250.000 gestir hafi heimsótt svæðið.

Hraunfossar/ Barnafoss - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	6,67	6,50
Innviðir áfangastaðar	7,70	6,94
Verðmæti áfangastaðar	9,17	9,17
Heildareinkunn áfangastaðar	8,27	8,01

Breyting á milli ára

Mikið ósamræmi er á innviðum, þeir eru gamlir og farnir að láta á sjá. Eina breytingin á milli ára er að innviðir eru verr á sig komnir en fyrir ári. Þá er fjöldi gesta að verða sá sami og var fyrir faraldur og álag því að aukast á lélega innviði.

Úrbætur

Skilti eru gömul og þarfnast endurnýjunar. Þá þarf að auka umsjón með svæðinu og landvörslu á háönn. Engin landvarsla er um helgar þegar langmestur fjöldi er á svæðinu. Nauðsynlegt er að vinna að endurnýjun og úrbótum á innviðum samkvæmt fyrirbyggjandi hönnun.

Engin vetrarþjónusta er á svæðinu en mikil þörf á henni. Lúpína er í nálægð við svæðið og þarf að fylgjast með útbreiðslu hennar. Salerni eru kominn til ára sinna og anna vart þeim fjölda gesta sem heimsækir svæðið. Skoða þarf endurnýjun og viðbætur við salerni með rekstraraðilum á svæðinu.

Húsafellsskógur

<https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vesturland/husafellsskogur-borgarbyggd/>

Húsafell er vinsæll áfangastaður ofarlega í Borgarfirði sem fjölmargir heimsækja allt árið um kring. Óvissa er um heildarfjölda ferðamanna innan friðlandsins, en svæðið nýtur mikilla vinsælda sem útivistarsvæði fyrir gesti sem og heimamenn.

Húsafell - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,33	7,71
Innviðir áfangastaðar	9,44	9,44
Verðmæti áfangastaðar	9,11	9,11
Heildareinkunn áfangastaðar	9,04	8,91

Breyting á milli ára

Stikur voru lagaðar og tré fjarlægð af gönguleið. Ástæða lækkunar á einkunn er girðingarmál, en ekki hefur náðst að skoða girðingarmál um friðlandið. Samkvæmt auglýsingu á það að vera félaust en er það ekki.

Úrbætur

Koma þarf upp skiltum á mörkum friðlandsins. Jafnframt þarf að skoða úrbætur vegna sauðfjárbeitar með landeigendum og heimafélki. Fylgjast þarf með nýtingu gesta á svæðinu. Mikið af stórum trjám hafa fallið á gönguleið og þarf að grisja og opna leiðir betur.

Ströndin Stapar-Hellnar (göngustígur um Hellnahraun)

<https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vesturland/strondin-vid-stapa-og-hellna/>

Gönguleiðin er hluti af friðlandinu Ströndin við Stapa og Hellnar og er um að ræða eina vinsælustu gönguleið á Snæfellsnesi sem liggur á milli Arnarstapa og Hellna. Óvíst er um fjölda göngufólks.

Ströndin Stapar – Hellnar - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,78	7,22
Innviðir áfangastaðar	8,33	8,33
Verðmæti áfangastaðar	9,00	9,00
Heildareinkunn áfangastaðar	8,56	8,45

Breyting á milli ára

Fara þarf í endurbætur á göngubrú við upphaf leiðarinnar á Arnarstapa. Eftirlit var lítið eitt aukið yfir sumarið en mætti vera meira. Meðfram gönguleið er minniháttar rask á gróðri og jarðminjum, á kafla, og einstaka villustígar

Úrbætur

Skilgreina þarf útsýnisstaði á hluta gönguleiðarinnar, koma upp fræðsluskiltum og vegvísunum. Æskilegt væri að setja teljara á gönguleiðina a.m.k. tímabundið til að fá mynd af fjölda göngufólks. Klára þarf viðhald á stígnum Arnarstapa megin og loka villustígum þar.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

www.snaefellsjokull.is

Yst á Snæfellsnesi er Snæfellsjökulspjóðgarður. Stærð hans er 183 km². Innan þjóðgarðsins eru fjölmargir vinsælir áfangastaðir og er ástand þeirra metið árlega. Tvær gestastofur eru í og við þjóðgarðinn, á Malarrífi og á Hellissandi og eru þær opnar allt árið um kring. Í ár er áætlað að um 440 þúsund manns hafi lagt leið sína í þjóðgarðinn samkvæmt talningum Vegagerðarinnar. Það er um 120 þúsund fleiri en árið 2022 og mesti fjöldi frá upphafi talninga.

Djúpalón

www.snaefellsjokull.is

Djúpalón er í suðurhluta Snæfellsjökulspjóðgarðs og er mest heimsótti ferðamannastaðurinn innan þjóðgarðsins. Djúpalón hefur fengið mikla umfjöllun hérlendis og erlendis og hefur því sterkt aðdráttarafl. Samkvæmt talningum er áætlað að um 240 þúsund gestir hafi komið að Djúpalóni í ár eða um 50 þúsund fleiri en árið 2022.

Djúpalón - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,33	8,83
Innviðir áfangastaðar	6,90	6,67
Verðmæti áfangastaðar	9,11	8,67
Heildareinkunn áfangastaðar	8,35	8,16

Breytingar á milli ára

Aukning var á fjölda gesta sem heimsótti staðinn og álagið var mikið á innviði. Bílastæði annar engan veginn þeim fjölda sem heimsækir svæðið sem hefur áhrif á upplifun gesta. Vegur, salerni og bílastæði láta sífellt meira undan aukinni umferð og aðgerða er þörf. Eftirlit var meira með svæðinu en undanfarin ár, en mest allur tími landvarða á svæðinu í sumar fór í umferðastýringu á bílastæði og þríf og viðhald á salernum. Deiliskipulag fyrir svæðið var klárað á árinu og grunnur að nýju bílastæði lagður upp við Þjóðveg.

Úrbætur

Endurnýja þarf salerni og fara í viðhald á bílastæði við Djúpalón. Auka þarf viðhald á vegi og gera hann öruggari þannig að hann anni þeirri umferð sem fer um hann í dag. Klára þarf uppbyggingu á nýju bílastæði og koma því í gagnið. Æskilegt væri einnig að auka viðveru landvarða á svæðinu.

Lóndrangar

www.snaefellsjokull.is

Lóndrangar eru áberandi kennileiti í Snæfellsjökulspjóðgarði og draga þeir árlega tugi þúsunda gesta til sín. Ekki er akvegur að þeim en gengið er að dröngunum frá tveimur stöðum, Malarriði og Svalþúfu.

Lóndrangar – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,96	8,15
Innviðir áfangastaðar	7,92	7,92
Verðmæti áfangastaðar	8,33	8,0
Heildareinkunn áfangastaðar	8,35	8,01

Breytingar á milli ára

Á stöku stað eru jarðminjar og menningarminjar undir álagi vegna ágangs. Hluta þess má rekja til ferðamanna sem þrifa í klettum og ganga óvarlega um minjar, en hluta til náttúrulegs rofs. Álag á gönguleið við drangana hefur aukist og talsvert af villustígum myndast. Gróður umhverfis stíga lætur meira á sjá.

Úrbætur

Bæta og fjölga þarf vegpóstum og upplýsingum um gönguleiðina. Fara þarf í áframhaldandi viðhald á gönguleiðinni frá Svalþúfu að Lónröngum og við drangana sjálfa. Þá þarf að skilgreina útsýnisstaði og gera þá örugga við sjávarbakkann. Merkja þarf menningarminjar og gera þeim skil með fræðsluskilti þar sem gönguleiðin liggur að hluta um minjasvæði.

Malarrif

www.snaefellsjokull.is

Á Malarrifi er gestastofa þjóðgarðsins og salerni sem opin eru allan sólahringinn allt árið. Auk þess eru fjölbreyttar gönguleiðir um svæðið, leiktæki, viti og fjörur þar sem brim er oft stórfenglegt. Heimsóknir í gestastofu voru um 78 þúsund í ár.

Malarrif – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	9,17	8,83
Innviðir áfangastaðar	8,81	8,33
Verðmæti áfangastaðar	9,17	8,83
Heildareinkunn áfangastaðar	9,07	8,70

Breytingar á milli ára

Gestum fjölgar á milli ára yfir háannatímann á Malarrifi. Álag á gönguleiðum út frá gestastofu hefur aukist lítillega og leiktæki sem eru við gestastofuna þarfnast viðhalds. Salerni anna ekki þeim fjölda gesta sem koma á háannatíma.

Úrbætur

Setja þarf upp nýtt fræðslu- og upplýsingaskilti við gestastofu með upplýsingum um þjóðgarðinn. Bæta leiðarmerkingar (vegprestar). Ljúka þarf uppgræðslu og lóðaframkvæmdum, loka villustígum og ganga frá opinna námu á svæðinu. Skilgreina þarf örugga útsýnisstaði við ströndina.

Saxhóll

www.snaefellsjokull.is

Saxhóll er um 40 metra hár gígur og er einn af vinsælustu áfangastöðunum innan þjóðgarðsins. Samkvæmt teljara fóru um 120 þúsund gestir upp á gíginn í ár eða tæplega 25 þúsund fleiri en árið 2022. Gígurinn er einstaklega viðkvæmur fyrir raski og mikilvægt að gangandi umferð um hann sé vel stýrt.

Saxhóll – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,59	7,83
Innviðir áfangastaðar	7,00	7,67
Verðmæti áfangastaðar	6,67	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	6,95	7,18

Breytingar á milli ára

Framkvæmdir hafa dregist á langinn vegna ónógs fjármagns. Gestum hefur fjölgað umtalsvert með bættum innviðum en samhliða því hefur álag á gróður og jarðminjar aukist vegna þess að framkvæmdum er ekki lokið. Eftirlit á svæðinu hefur verið aukið og bætt hefur verið við leiðbeinandi skiltum um umgengni.

Úrbætur

Klára þarf áætlaða uppbyggingu á svæðinu sem fyrst. Setja þarf upp fræðslu- og upplýsingaskilti og malbika og merkja bílastæði.

Skarðsvík

www.snaefellsjokull.is

Skarðsvík er lítil sandströnd í Snæfellsjökulsþjóðgarði umvafin klettum til allra átta. Nokkur óvissa er með fjölda gesta sem kemur í eða eður fram hjá Skarðsvík. Skarðsvík er ekki síst vinsæl meðal heimafólks sem dvelur þar og nýtur strandlífsins.

Skarðsvík – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,15	8,15
Innviðir áfangastaðar	5,83	5,56
Verðmæti áfangastaðar	9,67	9,33
Heildareinkunn áfangastaðar	8,31	8,06

Breytingar á milli ára

Gestum fjölgar milli ára. Í hrauninu, ofan vegar, er talsvert rask á gróðri og mikið skilið eftir af salernisúrgangi. Bílastæði er mjög lítið og annar engan veginn þeim fjölda bíla sem leggja þar á háannatíma. Bílum er þá lagt utan vega sem veldur raski á gróðri. Eftirlit með svæðinu hefur verið aukið og á haustmánuðum var settur upp bílateljari.

Úrbætur

Gera þarf breytingar á gildandi deiliskipulagi. Fjármagn til hönnunar og framkvæmda við nýtt bílastæði hefur verið úthlutað. Setja þarf upp nýtt fræðsluskilti. Æskilegt væri að setja upp salerni sem myndi einnig gagnast gestum sem halda lengra út á Öndverðarnes.

Skálasnagi

www.snaefellsjokull.is

Skálasnagi er fuglabjarg með útsýni yfir gatkleitinn Svörtuloft í vestanverðum þjóðgarðinum. Þar er viti og góður útsýnis- og áningarstaður.

Skálasnagi – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,89	9,26
Innviðir áfangastaðar	8,33	8,0
Verðmæti áfangastaðar	9,33	9,0
Heildareinkunn áfangastaðar	8,97	8,78

Breytingar á milli ára

Umferð hefur aukist milli ára og á einstaka stað er álag á gróður og jarðminjar. Óvissa er varðandi álag á bjargfugl, en vísbendingar eru um aukna notkun dróna á varptíma. Fjármagn er komið í gerð deiliskipulags.

Úrbætur

Bílastæði þarf að breikka og gera stæði fyrir fatlaða svo áfangastaðurinn nýtist einnig þeim sem eru í hjólastól. Bæta aðkomuskilti og upplýsingar um umgengisreglur. Bæta stýringu á gangandi umferð út á gatkleitinn.

Svalpúfa

www.snaefellsjokull.is

Svalpúfa er stór móbergshöfði með mikilfenglegu fuglabjargi. Svæðið er vinsæll áningarstaður rétt innan suðurmarka Snæfellsjökulsþjóðgarðs. Ekki er vitað um fjölda gesta sem ganga á Svalpúfu en hún er í alfaraleið við þjóðveginn og aðgengileg allan ársins hring.

Svalpúfa – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,50	8,50
Innviðir áfangastaðar	8,61	8,61
Verðmæti áfangastaðar	9,56	8,67
Heildareinkunn áfangastaðar	9,08	8,62

Breytingar á milli ára

Bílastæði er of lítið, nýtist illa og umhverfi þess hefur látið á sjá. Einstaka villustígar hafa myndast, þ.á.m. út frá útsýnispalli við bjargbrún með tilheyrandi raski. Hluti göngustíga þarfnast viðhalds. Eftirlit með svæðinu hefur verið aukið lítillega milli ára. Óvíst er um álag á fuglalíf á varptíma vegna notkunar dróna og svifflugs við Þúfubjarg.

Úrbætur

Endurnýja þarf öll skilti við Svalpúfu og bæta upplýsingar um umgengisreglur. Endurhanna þarf bílastæði, stækka það og merkja. Loka þarf villustígum og fara í viðhald á einstaka kafla á gönguleiðum og bæta tengingu þeirra við gönguleiðir að Lóndröngum.

Öndverðarnes

www.snaefellsjokull.is

Öndverðarnes er minjasvæði í vestanverðum þjóðgarðinum. Mikið er af minjum á svæðinu sem tengjast útræði og búsetu. Þá er víðfeðmt útsýni á nesinu og talsvert fugla- og hvalalíf utan stranda. Ekki er vitað um fjölda gesta sem heimsækja svæðið.

Öndverðarnes – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,22	7,96
Innviðir áfangastaðar	5,83	5,83
Verðmæti áfangastaðar	9,33	9,0
Heildareinkunn áfangastaðar	7,95	7,93

Breytingar á milli ára

Umferð um svæðið heldur áfram að aukast og álag á gróður er sýnilegt. Skortur er á merktum gönguleiðum um svæðið sem veldur því að nýir troðningar myndast. Bílastæði stendur ekki undir þeim fjölda bíla sem koma á staðinn á háönn. Í gangi er vinna við gerð deiliskipulags ásamt því að gera svæðið að svo kölluðu minjaheildarsvæði í samstarfi við Minjastofnun.

Úrbætur

Setja þarf upp upplýsinga- og fræðsluskilti og halda áfram uppbyggingu göngustíga í kjölfar deiliskipulags. Gera þarf betra bílastæði og skoða að færa það út fyrir minjasvæðið. Auka þarf landvörslu á svæðinu.

Vestfirðir

Dynjandi

www.ust.is/dynjandi

Dynjandi er náttúruvætti í Arnarfirði, Ísafjarðarbæ og dregur svæðið nafn sitt af efsta fossinum í fossaröð Dynjandisár á leið sinni til sjávar. Dynjandi er einn vinsælasti áfangastaður ferðafólks á Vestfjörðum og árlega sækja um 115.000 manns svæðið heim, langflestir yfir sumarmánuðina. Algengt er að farþegar skemmtiferðaskipa komi í dagsferðir í rútum frá Ísafirði en fleiri koma þó á svæðið í einkabílum og eitthvað er um göngu- og hjólræiðafólk. Á liðnum árum hefur það aukist að leiðangursskip kasti akkeri á Dynjandisvogi og ferji farþega í land á léttabátum. Dynjandi var áður utan alfaraleiða yfir vetrartímann en það breyttist með opnun Dýrafjarðarganga og öðrum samgöngubótum í nágrenninu. Fossinn og umhverfi hans er heilsársáfangastaður í dag. Stærstur hluti gesta gengur eftir stígnum að efsta fossinum en sumir láta sér nægja útsýnið af láglandinu. Dynjandi er vinsæll ljósmyndastaður og hafa myndir af fossinum birst víða.

Dynjandi - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,67	8,33
Innviðir áfangastaðar	6,94	7,50
Verðmæti áfangastaðar	8,53	8,53
Heildareinkunn áfangastaðar	8,13	8,21

Breytingar á milli ára

Heildareinkunn svæðisins hækkar lítillega milli ára en að baki liggja breytingar í einkunnagjöf þriggja viðfanga. Einkunn lækkar í viðfangi er snýr að landvörslu en með fjölgun gesta verður þörfin á viðveru landvarða ríkari. Einkunn hækkar í viðfangi er snýr að aðkomuleiðum samhliða stíganda í vegaframkvæmdum á Dynjandisheiði og í viðfangi er snýr að útsýnisstöðum þar sem framkvæmdir við þrjá útsýnispalla við fossaröðina hófust á haustmánuðum 2023.

Úrbætur

Auka þarf landvörslu þannig að viðvera landvarða sé tryggð á annasamasta tíma. Vinna við endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar hófst í júní 2023 og ráðgert er að henni ljúki 2024. Framkvæmdir við útsýnispalla Ú3-Ú5 hófust haustið 2023 og nær hluti framkvæmdarinnar yfir göngustíginn. Fjármögnun lagfæringa á öðrum hlutum stígsins er ekki í hendi. Huga þarf að því hvort bæta megi leiðbeinandi umferðarskilti við bílastæði þar sem bílstjórar stærri farartækja aka stundum inn á hringstæði ætlað fólksbílum og það getur skapað hættu. Hanna þarf landtökustað vegna farþega leiðangursskipa sem koma að Dynjanda frá sjó, sótt var um fjármagn í Landsáætlun fyrir hönnunarkostnaði haustið 2023. Í framhaldi þarf að útbúa lendingarstaðinn en með því að beina öllum landtökum á sama blettinn er lífríki fjörunnar hlíft við álagi. Áfram þarf að meta þörf á vetrarþjónustu út frá gestasókn og tíð, í dag eru salerni þjónustuð og skilti leiðbeina gestum um notkun mannbrotta þegar göngustígar eru hálrir.

Hornstrandir

www.ust.is/hornstrandir

Friðlandið Hornstrandir er um 600 km² svæði nyrst á Vestfjörðum. Sökum landfræðilegrar legu friðlandsins koma flestir gestir sjóleiðina og þá jafnframt langflestir yfir hásumarið. Þó er boðið upp á skíðaferðir og náttúruskoðunarferðir yfir veturinn, en það er aldrei mjög fjölmennt. Flestir sem koma á Hornstrandir eru þangað mættir til að ganga um náttúru þeirra eða til að heimsækja átt Hagana og búa þá gjarnan í sumarhúsum sínum.

Sumarið 2023 heimsóttu um 10.500 gestir Hornstrandir. Þar af voru um 4800 í dagsferðum en aðrir dvöldu lengur á svæðinu. Um 2300 manns gengu um friðlandið að meðaltali í 4,3 daga.

Hornstrandir – Hesteyri

Hesteyri er þorp í Jökulfjörðum, innan friðlandsins á Hornströndum. Mjög stór hluti þeirra sem heimsækja friðlandið koma við á Hesteyri. Á það bæði við um göngumenn sem hefja eða ljúka ferð sinni þar eða gista á tjaldsvæðinu og ganga út frá því í nokkra daga. Undanfarin ár hefur mikið verið um komur dagsferðamanna, sem koma af skemmtiferðaskipum, með viðkomu á Ísafirði. Aukning var í gestakomum á Hesteyri árið 2023, en um 4200 dagsferðamenn heimsóttu Hesteyri og um 1700 göngumenn. Gestir heimamanna í sumarhúsum eru ekki inn í þessum tölum og má því áætla að um 6500 gestir hafi heimsótt Hesteyri sumarið 2023.

Hesteyri - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	9,17	9,63
Innviðir áfangastaðar	9,00	9,20
Verðmæti áfangastaðar	7,56	7,56
Heildareinkunn áfangastaðar	8,28	8,44

Breytingar á milli ára

Flotbryggja var sett upp á Hesteyri. Hún breytti til muna aðgengi fólks að svæðinu, þá sérstaklega þeirra sem eru eldri og fótafúnari.

Úrbætur

Bæta verður aðgengi gesta um svæðið með varanlegri brú yfir Hesteyrará. Fjármagn er komið í framkvæmdirnar og er hönnun og samráð við landeigendur hafið.

Halda þarf áfram vinnu við að halda ágengum tegundum í lágmarki og viðhalda gönguleiðum um þorpið.

Hornstrandir - Horn í Hornvík

Horn í Hornvík er hluti af gönguleið sem ríflega 75% göngumanna á Hornströndum heimsækja. Að auki er boðið upp á dagsferðir og gestir í vitanum í Látravík koma mjög gjarnan við. Gönguleiðin er frá bænum Horni, upp á Horn, yfir Miðfell og niður Miðdalinn.

Sumarið 2023 er áætlað að tæplega 2000 manns hafi gengið á Horn.

Horn – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,54	8,54
Innviðir áfangastaðar	7,50	7,62
Verðmæti áfangastaðar	7,67	7,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,81	7,84

Breytingar á milli ára

Nánast engar breytingar milli ára. Þurrt sumar skilaði göngustígum í betra ásigkomulagi.

Úrbætur

Skilgreina þarf betur vinnuskipulag landvarða að vori þegar grenjatíminn er í gangi og refurinn viðkvæmur fyrir truflun. Leggja þarf aukna áherslu á að útrýma kerfli sem er í litlum fleka við Hornbæinn. Laga þarf kafla í göngustíg á Miðfelli og gera ráðstafanir við Svaðagjá. Farið var með sérfræðing til að meta mögulegar aðgerðir við Svaðagjá haustið 2023 og hefur nú verið sótt um fjármagn til framkvæmda.

Hornstrandir - Höfn

Innst í Hornvík er Höfn, þar er að finna stærsta og fjölmennasta tjaldsvæðið á Hornströndum. Talið er að 75% göngumanna sem fara um Hornstrandir gisti í Höfn og flestir þeirra í 2 nætur. Jafnframt er nokkuð um að ferðalangar hafi aðsetur sitt í Höfn og gangi út frá henni í nokkurra daga ferðum. Sumarið 2023 gistu um 1700 manns í Höfn að meðaltali í 2 nætur.

Höfn – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	9,38	9,38
Innviðir áfangastaðar	8,33	9,00
Verðmæti áfangastaðar	7,89	8,00
Heildareinkunn áfangastaðar	8,29	8,56

Breytingar á milli ára

Smíðaður voru tröppur/pallur að salernishúsi, þannig að traðk við húsið minnkaði til muna. Lokað var á töluvert af villustígum í grennd við húsið.

Bætt var við borðum til að matast við á tjaldsvæðið.

Úrbætur

Mikilvægt að fá Minjastofnun til að skoða hvaða minjar eru á svæðinu og hvernig sé best að varðveita þær.

Ferðatími hefur lengst inn á svæðinu, en töluvert er um gestakomur fram í september, lengja þarf landvörslu fram á haustið til að koma til móts við þá breytingu.

Látrabjarg

Látrabjarg er friðland í Vesturbyggð og þar má finna einar mikilvægustu varpstöðvar fjölmargra fuglategunda á Íslandi. Bjargtangar, þar sem bjargið er lægst, er vestasti oddi Íslands en þar er endastöð Örlygshafnarveggar og þangað koma flestir þeirra 60.000 gesta sem árlega sækja bjargið heim. Látrabjarg er meðal fjölsóttustu áfangastaða ferðafólks á sunnanverðum Vestfjörðum yfir sumarmánuðina; júní, júlí og ágúst. Farþegum skemmtiferðaskipa í höfn á Patreksfirði er gjarnan boðið upp á dagsferðir í rútu á Látrabjarg en mun fleiri koma á einkabílum. Örlygshafnavegur er ekki þjónustaður af Vegagerðinni yfir vetrarmánuðina og engin vetrarþjónusta er innan friðlandsins. Stærstur hluti gesta lætur sér nægja að ganga frá Bjargtangavita að Ritugjá og sumir upp Barðsbrekkur áður en snúið er til baka en á Látrabjargi og í nágrenni eru jafnframt nokkrar vinsælar gönguleiðir sem þeir sem lengur dvelja feta gjarnan.

Látrabjarg– ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,41	7,59
Innviðir áfangastaðar	5,39	5,39
Verðmæti áfangastaðar	8,33	8,33
Heildareinkunn áfangastaðar	7,34	7,38

Breyting á milli ára

Einkunn hækkar lítillega milli ára þar sem vinna við stjórnunar- og verndaráætlun hefur þokast áfram en vegna tafa við vinnslu hennar mun hún ekki verða auglýst fyrr en á fyrri hluta ársins 2024. Sumarið 2023 voru fræðsluskilti á áhaldahúsi endurnýjuð. Nýtt bílastæði var hannað á árinu.

Úrbætur

Fjölga þarf landvarðavikum á Látrabjargi og nauðsynlegt er að tryggja landvörðum öruggt húsnæði á svæðinu. Tryggja þarf opnun salerna við Brunna fram í miðjan september. Hefja þarf framkvæmdir við nýtt bílastæði og hanna hring-gönguleið frá nýju bílastæði að Ritugjá og vita í samræmi við deiliskipulag. Í þeirri hönnun kemur til álita að huga að bótum á slóðum ofan Ritugjár þar sem gróðureyðing er á bjargbrún og traðk er viðvarandi ásamt því að skilgreina og hanna útsýnisstaði og beina gestum á þá með innviðum, t.d. pöllum eða hellulögn. Eftir að verndaráætlun hefur tekið gildi þarf að setja upp leiðbeinandi skilti þar sem umgengnisreglur eru tíundaðar ásamt gönguleiðakorti. Bæta þarf drónabannsskiltum við gönguleiðir að Ritugjá og vita sem og skiltum sem upplýsa gesti um bann við næturdvöl, við bílastæði.

Surtarbrandsgil

www.ust.is/surtarbrandsgil

Surtarbrandsgil er í landi Brjánslækjar á Barðaströnd og er friðlýst sem náttúruvætti. Þar má finna steingerðar leifar gróðurs sem klæddi landið á tertíer-tímabilinu. Sýning Umhverfisstofnunar um Surtarbrandsgil er í gamla prestbústaðnum á Brjánslæk, utan hins friðlýsta svæðis. Sýningin er opin yfir sumartímamann og þaðan leiða landverðir göngur fimm sinnum í viku á sumrin en uppganga í gilið er óheimil nema í fylgd landvarðar. Árlega fara tæplega 300 ferðamenn í gilið en fleiri láta sér nægja að skoða steingervinga á sýningunni. Gestir eru af ýmsu þjóðerni en Íslendingar fjölmennastir. Í flestum tilfellum er um að ræða ferðamenn á eigin vegum en einnig er farið með hópa í gilið ef þess er óskað. Hópum sem vilja skoða sýninguna utan opnunartíma (þ.e. á veturna) stendur það til boða.

Surtarbrandsgil – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	10	10
Innviðir áfangastaðar	10	10
Verðmæti áfangastaðar	10	10
Heildareinkunn áfangastaðar	10	10

Breytingar á milli ára

Engin breyting milli ára og svæðið er með fullt hús stiga. Ýmis smærri verkefni voru unnin á árinu svo sem tilfærsla skilta, viðhald gönguleiðar, sláttur kringum prestbústaðinn o.fl.

Úrbætur

Engin stærri verkefni fyrirsjáanleg en árlegt viðhald er áfram nauðsynlegt.

Vatnsfjörður

www.ust.is/vatnsfjordur

Vatnsfjörður er vestastur þeirra fjarða sem ganga úr norðanverðum Breiðafirði og er friðlýstur sem friðland. Til eyja, hólma, skerja og fjara Vatnsfjarðar taka einnig lög nr. 54/1995 um verndun Breiðafjarðar. Vegagerðin telur umferð um Vestfjarðaveg í Vatnsfirði en aðrar talningar eru ekki fyrir hendi utan talninga landvarða á tjaldstæði við Flókalund. Um friðlandið liggur leið þeirra sem koma á sunnanverða Vestfirði af Vesturlandi og því er gegnumstreymi mikið. Vetrarþjónusta innan friðlandsins er lítil sem engin og langflestir gesta dvelja þar yfir sumarmánuðina en þar er bæði hótél, orlofsbyggð, sundlaug og vinsæl náttúruleg í fjöru. Gestir sækja líka svæðið heim í dagsferðum en í Vatnsfirði er mikið af fallegum gönguleiðum, áhugavert landslag, saga, gróðursæld og fjölbreytt fuglalíf. Ferðamenn á eigin vegum eru algengari en ferðamenn í skipulögðum ferðum. Vatnsfjörður er innan marka áformaðs þjóðgarðs á Vestfjörðum og því liggur vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Vatnsfjörð niðri. Innan friðlandsins eru fjórir staðir sem flokka má sem áfangastaði ferðamanna: Flókalundur og umhverfi, Hörgsnes, Vatnsdalur og svæði við Þingmannaá.

Vatnsfjörður - Flókalundur

Flókalundur er þungamiðja ferðamanna í Vatnsfirði. Þar er veitingasala, verslun, eldsneytissala og tjaldstæði auk orlofsbyggðar, steyptrar sundlaugar og hlaðinnar náttúrulegaugur í nágrenninu. Nokkrar gönguleiðir liggja um svæðið og þar mætir Barðastrandarvegur nr. 62 Vestfjarðavegi nr. 60.

Flókalundur – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,41	7,41
Innviðir áfangastaðar	7,92	8,33
Verðmæti áfangastaðar	8,33	8,33
Heildareinkunn áfangastaðar	8,03	8,14

Breytingar á milli ára

Heildareinkunn hækkar lítillega á milli ára samhliða hækkun á innviðaeinkunn. Settar voru upp stórar skiltaplötur við hótelið og náttúrustígur frá efri brú Pennu, áleiðis að tjaldstæði var lagfærður mikið með hleðslum, gróðurflutningi og jarðvinnu. Öðrum stígum og stikuðum leiðum í grennd við hótelið var haldið við eftir þörfum.

Úrbætur

Gera ætti fornleifakönnun á svæðinu. Margt af því sem dregur einkunn svæðisins í nágrenni Flókalundar niður mun leysast þegar veglína Vegagerðarinnar um Vatnsfjörð verður fullhönnuð og framkvæmdum lýkur. Gera þarf stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnsfjörð.

Vatnsfjörður – Hörgsnes

Hörgsnes er nes á Hjarðarnesi við eystri mörk friðlandsins í Vatnsfirði. Þar er áningarstæði Vegagerðarinnar og stikuð gönguleið sem liggur m.a. framhjá Gíslahelli og klettinum Hörgi. Engar talningar hafa verið gerðar á gestum og óvíst er hversu margir staldra við á Hörgsnesi en af staðnum er fagurt útsýni yfir skerjagarða Vatnsfjarðar, Breiðafjörð og allt út í Flatey.

Hörgsnes – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,15	7,96
Innviðir áfangastaðar	10,0	9,76
Verðmæti áfangastaðar	8,78	8,78
Heildareinkunn áfangastaðar	8,98	8,87

Breytingar á milli ára

Einkunn lækkar lítillega með aukinni umferð. Á árinu var komið fyrir varanlegu skilti við Gíslahelli og náttúrustígum var haldið við.

Úrbætur

Gera þarf stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnsfjörð. Koma þarf fyrir skilti við áningarstæði með upplýsingum um gönguleiðir, Breiðafjörð, lífríki, sögu o.fl. Einnig að setja upp minna upplýsingaskilti um jarðfræði við klettinn Hörg og trjábolaholurnar. Huga að því hvort þörf sé á fleiri áningarborðum.

Vatnsfjörður - Vatnsdalur

Vatnsdalur gengur inn úr Vatnsfirði, akvegur í dalbotni er torfær og ekki þjónustaður af Vegagerðinni. Árlega loka landverðir honum í leysingum á vorin svo hann verði ekki fyrir skemmdum. Í Vatnsdal er lítið um innviði utan nokkurra áningarborða og stikaðra gönguleiða að Smalahellu og í kringum Vatnsdalsvatn sem lagfærðar eru árlega. Einnig er til staðar skilti og tákmyndir. Veiði er í vatninu. Engar talningar eru í Vatnsdal.

Vatnsdalur – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,15	8,04
Innviðir áfangastaðar	8,61	8,61
Verðmæti áfangastaðar	9,67	9,67
Heildareinkunn áfangastaðar	9,06	9,04

Breytingar á milli ára

Einkunn er nálægt því að standa í stað. Styrkur fékkst úr styrkvegasjóði í annað sinn á árinu og var viðgerð fram haldið haustið 2023. Skilti um Smalahellu var sett upp við bílastæði. Leiðin inn Vatnsdal og að fossum var endurstikuð og klippt frá í skóglendi.

Úrbætur

Verktaki mun meta þörf á frekari lagfæringu á veginum að loknum vetri vorið 2024. Mögulega þarf þá að sækja um meira fjármagn í styrkvegasjóð Vegagerðarinnar og keyra í hann efni, nú þegar komið hefur verið í veg fyrir að vatn taki hann sundur í sama mæli og fyrr. Enn fremur þarf alltaf að loka veginum í leysingum á vorin á meðan ástand hans er eins og það er. Koma ætti fyrir upplýsingaskilti um Vatnsdal við syðri enda Vatnsdalsvatns, nálægt Lómatjörnum. Þar þarf einnig að skipta út áningarborði sem er illa farið og bæta við einu eða tveimur. Gera þarf stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnsfjörð.

Vatnsfjörður - Þingmannaá

Þingmannaá rennur til sjávar í Vatnsfirði austanverðum. Nálægt ósum hennar er upphaf gömlu akleiðarinnar yfir Þingmannaheiði en hún er aðeins fær velbúnum bílum. Landverðir loka henni í leysingum

á vorin svo hún verði ekki fyrir skemmdum. Í Þingmannaá eru fallegir fossar og gljúfur og á svæðinu er upphaf nokkurra stikaðra gönguleiða. Friðlýstar fornminjar, smiðju Gests Oddleifssonar, er að finna á svæðinu og upphaf vörðuraðarinnar yfir Þingmannaheiði. Engar talningar eru til staðar.

Þingmannaá – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,15	8,15
Innviðir áfangastaðar	8,70	8,70
Verðmæti áfangastaðar	9,00	9,00
Heildareinkunn áfangastaðar	8,74	8,74

Breytingar á milli ára

Einkunn stendur í stað milli ára. Sumarið 2023 voru smáskilti sett upp í reynilundinum, við vörðuröð og við Gestssmiðju. Auk þess var náttúrustígum viðhaldið eftir þörfum með endurstikun og klippingu. Til stóð að ljúka framkvæmdum við hringleið við Þingmannaá en svo fór að verktaki náði ekki að koma á svæðið vegna anna.

Úrbætur

Ljúka þarf framkvæmdum á hringleið og standa vonir til þess að það verði vorið 2024 en það mun ráðast af verkefnastöðu verktaka. Hefja þarf framkvæmdir við salerni sbr. fyrirliggjandi fjármagn. Setja þarf upp síðasta smáskiltið við Nafnlaus fossinn. Gera þarf stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnsfjörð.

Norðvesturland

Hrútey í Blöndu

www.ust.is/hrutey

Hrútey í Blöndu er fólkvangur innan sveitarfélagsins Blönduóss. Svæðið er vinsælt útivistarsvæði bæði hjá heimamönnum og öðrum gestum, engar talningar eru þó til um fjölda gesta ár hvert.

Hrútey – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,81	8,89
Innviðir áfangastaðar	9,33	9,33
Verðmæti áfangastaðar	8,90	9,50
Heildareinkunn áfangastaðar	9,00	9,33

Breytingar á milli ára

Mikil vinna hefur verið unnin í aðgengi að svæðinu. Sumarið 2021 var stórglæsileg brú sett yfir í eyna og nú er búið að tengja göngustíga frá henni við fyrra göngustígakerfi. Aðkoma að svæðinu er til mikillar fyrirmyndar. Göngustígar hafa aðeins látið á sjá.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið var samþykkt árið 2023.

Úrbætur

Gott væri að setja upp teljara nú þegar aðgengi er orðið gott. Gera má ráð fyrir töluverðri aukningu gesta.

Mikilvægt er að fara í aðgerðir vegna lúpínu, svo að lúpínan kæfi ekki allan annan gróður í eygni.

Kattarauga

www.ust.is/kattarauga

Kattarauga er lítil tjörn með fljótandi hólum í, staðsett í Vatnsdalnum. Ekki er vitað hversu margir heimsækja náttúruvættið, en þó er vitað að ferðamenn staldra gjarnan við þar stutta stund.

Kattarauga - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	6,88	7,14
Innviðir áfangastaðar	8,00	8,67
Verðmæti áfangastaðar	9,90	9,83
Heildareinkunn áfangastaðar	8,75	8,95

Breytingar á milli ára

Röskun á jarðvegi í grennd við svæðið hafði truflandi áhrif á upplifun á svæðinu.

Úrbætur

Kattarauga er lítið náttúruvætti sem ekki ber mikla umferð og ekki frekari uppbyggingu þjónustu. Viðhalda þarf svæðinu eins og það er.

Spákonufellshöfði

www.ust.is/spakonufellshofdi

Spákonufellshöfði er fólkvangur við Skagaströnd. Fólkvangurinn er notaður sem útivistarsvæði bæði fyrir heimafólk og gesti svæðisins. Ekki eru til talningar á fjölda gesta. Svæðið er notað til göngutúra og almennrar útivistar flesta mánuði ársins eða þar til allt fer á kaf í snjó.

Spákonufellshöfði - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,59	7,78
Innviðir áfangastaðar	7,50	7,50
Verðmæti áfangastaðar	8,18	8,44
Heildareinkunn áfangastaðar	7,87	8,05

Breyting á milli ára

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið tók gildi árið 2023. Miklar áætlanir hafa verið gerðar varðandi uppbyggingu og lagfæringar á svæðinu. Hluti þeirra hefur nú þegar fengið fjármagn úr Framkvæmdarsjóði ferðamannastaða og eru framkvæmdir að hefjast.

Úrbætur

Endurnýja þarf skilti á svæðinu, en þau eru öll orðin upplituð og ólæsileg. Göngustígar eru að hverfa á köflum og gera þarf þá aðgengilega á ný.

Lúpína er að hasla sér völl á svæðinu og hefur hún dreift sér um nánast allt svæðið. Gera þarf áætlun um hvernig á að halda þessum vágesti í skefjum.

Norðausturland

Dimmuborgir

<https://ust.is/dimmuborgir/>

Dimmuborgir í Mývatnssveit eru friðlýstar sem náttúruvætti. Þangað leggja margir ferðamenn leið sína ár hvert, sumar jafnt sem vetur. Töluverð innviðauppbýgging hefur verið í borgunum undanfarin ár, góðir göngustígar og allt aðgengi gott. Landgræðslan fer með umsjón Dimmuborga samkvæmt samningi og hefur framkvæmt talsvert á svæðinu hin síðari ár. Umhverfisstofnun sér um landvörslu og vetrarþjónustu innan Dimmuborga en Landgræðslan sér um snjómokstur á bílaplani. Teljari er við Dimmuborgir og áætlaður fjöldi gesta árið 2023 er um 360.000.

Dimmuborgir - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	9,43	9,67
Innviðir áfangastaðar	9,43	8,33
Verðmæti áfangastaðar	7,20	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	8,27	8,09

Breytingar á milli ára

Merkja má breytingar á ástandi Dimmuborga milli ára. Borgirnar þola ennþá ágætlega þann fjölda gesta sem heimsækja staðinn ár hvert en samhliða aukinni umferð skemmtiferðaskipa til Akureyrar er oft gríðarlegur fjöldi gesta dag hvern yfir sumarmánuðina. Samhliða auknum fjölda gesta hefur álag aukist á gróðurfar og jarðmyndanir svæðisins. Villustígar myndast hratt þar sem gestir fara út fyrir merkta stíga á háannatíma. Leiðarkort eru farin að láta á sjá. Líkt og fyrri ár er enn þörf á merkingum á bílastæði en þar myndast oft mikið umferðaröngþveiti sem getur ógnað öryggi gesta.

Úrbætur

Merkja þarf bílastæði til að tryggja aðgengi, öryggi og umferðarflæði á annatímum. Bæta þarf leiðarkort og fræðsluskilti en verið er að vinna að úrbótum á því með fjármagni sem fékkst úr Landsáætlun. Bæta þarf talningar og endurskoða staðsetningu teljara sem fyrir eru á svæðinu.

Goðafoss

<https://ust.is/godafoss>

Goðafoss var friðlýstur sem náttúruvætti sumarið 2020 og er einn fjölsóttasti ferðamannastaðurinn í Þingeyjarsveit, jafnt sumar sem vetur. Vetrarþjónusta er við fossinn að austanverðu. Á sumrin er oft gríðarlegur fjöldi gesta við fossinn sem tengist umferð og komu skemmtiferðaskipa til Akureyrar en ætla má að 80-90% gesta skemmtiferðaskipa komi að Goðafossi. Einnig er umferð hestamanna á svæðinu en reiðleið liggur í gegnum hið friðlýsta svæði. Undanfarin ár hefur farið fram mikil uppbygging á innviðum

svæðisins á vegum sveitarfélagsins til að mæta auknum fjölda gesta. Teljari er við Goðafoss og áætlaður heildarfjöldi gesta árið 2023 er um 600.000.

Goðafoss - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,27	8,67
Innviðir áfangastaðar	8,95	8,33
Verðmæti áfangastaðar	8,07	8,78
Heildareinkunn áfangastaðar	8,35	8,63

Breytingar á milli ára

Stjórnunar- og verndaráætlun var undirrituð af ráðherra þann 12. apríl 2023. Fjöldi gesta hefur aukist mikið á milli ára, samhliða aukinni umferð skemmtiferðaskipa til Akureyrar með tilheyrandi áhrifum á gróðurlendi og upplifun gesta. Villustígar myndast hratt þar sem gestir fara út fyrir merkta stíga og þrátt fyrir breiða stíga er gengið í jaðri þeirra sökum mikils fjölda gesta á háannatíma.

Úrbætur

Leggja þarf nýja reiðleið og byggja gerði vegna hestaumferðar um svæðið í samræmi við fyrirliggjandi hönnun og deiliskipulag en það er mikið öryggismál. Tillaga liggur fyrir að nýju deiliskipulagi á svæðinu vegna reiðleiðar og sótt hefur verið um fjármagn til Landsáætlunar til þeirrar framkvæmdar fyrir árið 2024. Huga þarf að frekari stýringu gesta og eftirliti m.a. með aukinni viðveru landvarða, bandagirðingum og lokun villustíga. Æskilegt væri að auka fjármagn til frekari landvörslu á svæðinu í ljósi aukinnar umferðar skemmtiferðaskipa til Akureyrar sem hefur bein áhrif á fjölda gesta við Goðafoss. Mjög mikilvægt er að efla talningu á svæðinu og endurskoða staðsetningu núverandi teljara.

Hverfjall

<https://ust.is/hverfjall/>

Hverfjall í Mývatnssveit er vinsæll áfangastaður ferðamanna með aðgengilegri gönguleið upp á gíginn þar sem er gott útsýni yfir svæðið. Salernisaðstaða og upplýsingaskilti eru við bílastæði norðan við Hverfjall. Aðgengi að náttúruvættinu er takmarkað á veturna þar sem engin vetrarþjónusta er á svæðinu og því ræðst fjöldi gesta oft eftir snjóalögum. Heildarfjöldi gesta árið 2023 eru áætlaðir um 120.000.

Hverfjall – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,30	7,67
Innviðir áfangastaðar	8,10	7,92
Verðmæti áfangastaðar	7,33	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	7,74	7,56

Breytingar á milli ára

Vatnslögn var lögð frá nýrri borholu að salernishúsum vorið 2023 sem bætti vatnsrennsli salerna til muna. Gerður var tímabundinn verksamningur við landeigendur um umsjón og rekstur salernanna þann 1. júlí 2023. Þá hefur ráðherra samþykkt breytt friðlýsingarmörk svæðisins að beiðni landeigenda og sú vinna er í ferli.

Úrbætur

Bæta þarf merkingar, vegvísa og fræðsluskilti á svæðinu. Endurbæta þarf stíg frá malbikuðu bílastæði að salernishúsum og merkja bílastæði. Bæta þarf talningar á svæðinu.

Klasar og Strípar

<http://umhverfisstofnun.is/nattura/natturuverndarsvaedi/myvatn-og-laxa/>

Klasar við Kálfaströnd og Strípar við Kálfastrandarvog eru vinsælir áfangastaðir innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Þar er að finna formfagra hraundranga og fjölskrúðugt fuglalíf. Tvær gönguleiðir eru á svæðinu, annars vegar um 2,1 km löng leið um Kálfaströnd/Klasa og hins vegar stutt gönguleið niður að Strípum frá útskoti við veg. Fjölmargir leggja leið sína að Strípum allan ársins hring enda gott aðgengi frá vegi. Enginn teljari er á svæðinu en áætlaður fjöldi árið 2023 er um 200.000 (óvissa vegna skorts á gögnum).

Klasar og Strípar – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,27	7,00
Innviðir áfangastaðar	8,10	7,92
Verðmæti áfangastaðar	8,67	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	8,22	7,42

Breytingar á milli ára

Verulega er farið að sjást á gróðri vegna ágangs við Strípana. Merkja má breytingu milli ára á gróðurfari við Klasana vegna aukinnar umferðar þar sem m.a. hefur fjölgað villustígum. Ný salernisaðstaða var opnuð við Höfða sumarið 2023 sem nýtist áningarstöðum við Klasa og Strípa. Salernin eru í umsjá sveitarfélagsins samkvæmt umsjónarsamningi um Höfða.

Úrbætur

Bæta þarf merkingar, fræðsluskilti og vegvísa á svæðinu. Fela og græða upp troðna villustíga við Klasa og lagfæra göngustíga niður að Strípum í samræmi við fyrirliggjandi hönnun og nýtt deiliskipulag. Endurgerð göngustíga niður að Strípum er fyrirhuguð á næsta ári og sótt var um fjármagn í Landsáætlun fyrir árið 2024 til þeirra framkvæmda. Nauðsynlegt er að setja upp teljara á svæðinu.

Seljahjallagil, Bláhvammur og Þrengslaborgir

<https://ust.is/seljahjallagil/>

Seljahjallagil var friðlýst sem náttúruvætti árið 2012. Þangað liggja torfærir vegir frá Hverfjalli og Grænavatni sem takmarka umferð og ágang ferðamanna. Engin talning er á svæðinu né dagleg landvarsla svo erfitt er að áætla fjölda gesta.

Seljahjallagil og nágrenni - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	6,25	7,04
Innviðir áfangastaðar	8,00	7,50
Verðmæti áfangastaðar	10,00	10,00
Heildareinkunn áfangastaðar	8,67	8,70

Breytingar milli ára

Aðkomuvegur að svæðinu var lagfærður þar sem hann kom illa undan vetri. Merkja má aukna umferð hjólreiðafólks og smærri hópa milli ára.

Úrbætur

Gott væri að vinna stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Æskilegt væri að gera einhverskonar athugun á fjölda gesta sem sækja svæðið heim.

Skútustaðagígar

<https://ust.is/skutustadagigar/>

Skútustaðagígar við Mývatn eru vinsæll viðkomustaður ferðamanna og innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Þar er Gígur gestastofa og tvær gönguleiðir um gígana, Gígahringur og Tjarnahringur. Gönguleiðirnar eru einnig vinsælar til útivistar fyrir heimamenn, jafnt sumar sem vetur. Vetrarþjónusta er uppá Hræðuhver sem er hluti af Gígahringnum. Svæðið er vel í stakk búið til að taka á móti gestum en áætlaður heildarfjöldi gesta árið 2023 er um 120.000.

Skútustaðagígar - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,73	8,67
Innviðir áfangastaðar	8,95	8,33
Verðmæti áfangastaðar	8,53	7,00
Heildareinkunn áfangastaðar	8,69	7,71

Breytingar á milli ára

Við Skútustaðagíga er Gígur gestastofa sem mun opna nýja og glæsilega sýningu árið 2024. Líklegt er að staðurinn eigi eftir að laða til sín fleiri gesti með tilkomu nýrrar gestastofu. Göngustígur við Stakhólstjörn,

sem er hluti af gönguleið við Skútustaðagíga, var endurbættur til muna haustið 2023. Veruleg aukning drónaflugs í óleyfi er á svæðinu. Lækkun einkunnar á verðmæti áfangastaðar milli ára skýrist fyrst og fremst af rangri skráningu árið 2022.

Úrbætur

Merkingar verða bættar á svæðinu með uppsetningu fræðslu- og gönguskilta með tilliti til nýrrar gestastofu en fjármagn hefur fengist úr Landsáætlun í það verkefni. Auka þarf eftirlit, upplýsingar og merkingar til að sporna við drónaflugi á svæðinu. Bæta þarf gönguleið milli bílastæða svo tryggja megi betur öryggi gesta. Einnig þarf að malbika og merkja bílastæðin. Mikilvægt er að efla talningu gesta á svæðinu þar sem núverandi mælar eru ónákvæmir.

Friðland í Svarfaðardal

<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-eystra/fridland-i-svarfadardal/>

Friðland Svarfðæla er votlendissvæði með miklu fuglalífi en oft er talað um fuglafriðland í daglegu tali. Samningur er við Dalvíkurbyggð um umsjón og rekstur svæðisins. Umhverfisstofnun sér um landvörslu í átta vikur á sumri. Friðlandið er í mynni Svarfaðardals skammt frá Dalvík og er sívaxandi útivistarsvæði heimafólks og viðkomustaður ferða- og fuglaáhugafólks. Hánefsstaðaskógur er innan friðlandsins og er í umsjón Skógræktarfélags Eyfirðinga. Engir teljarar eru í friðlandinu en áætlaður fjöldi gesta árið 2023 er um 5.000.

Friðland í Svarfaðardal - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,44	7,41
Innviðir áfangastaðar	9,67	9,58
Verðmæti áfangastaðar	8,00	7,67
Heildareinkunn áfangastaðar	8,54	8,13

Breytingar á milli ára

Fræðsluskilti voru endurnýjuð á þremur stöðum í friðlandinu sumarið 2023, göngubrýr lagfærðar og eitt nýtt ræsi sett niður. Lækkun einkunnar á skipulagi áfangastaðar milli ára er vegna urðunarstaðar á vegum Dalvíkurbyggðar, nyrst í friðlandinu sem er ekki samkvæmt skipulagi, lögum né reglum. Svæðissérfræðingur Umhverfisstofnunar hefur fundað með sveitarstjóra, sent inn formlegt erindi til sveitarfélagsins og krafist úrbóta.

Úrbætur

Endurbæta þarf enn frekar gönguleiðir í friðlandinu og setja upp fræðsluskilti við Saurbæjartjörn en sótt var um fjármagn í Landsáætlun fyrir árið 2024 vegna slíks skiltis með útsýni yfir Ingólfshöfða. Fylgja þarf eftir kröfum um úrbætur um að loka urðunarstað í friðlandinu. Setja þarf upp teljara á svæðinu.

Vatnajökulspjóðgarður – Jökulsárgljúfur

<https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/svaedin/jokulsargljufur>

Jökulsárgljúfur voru friðlýst sem þjóðgarður árið 1973 og hafa frá 2008 verið hluti af Vatnajökulspjóðgarði. Svæðið er í Norðurþingi og nær frá Dettifossi í suðri að Ásbyrgi í norðri.

Mikið eru um dagsferðamenn sem eru komnir til að skoða náttúruminjar eða fara í styttri gönguferðir. Jafnframt er hátt hlutfall gesta sem nýtir sér tjaldsvæði til útilegu og lengri gönguferða. Hlutfall rútuferða er hæst við Dettifoss en ekki er að merkja sérstakt álag vegna skemmtiferðaskipa. Hlutfall Íslendinga meðal gesta er fremur hátt í samanburði við önnur svæði Vatnajökulspjóðgarðs. Dettifoss hefur á síðustu árum sótt mjög í sig veðrið sem heilsársáfangastaður og Ásbyrgi að einhverju leyti. Ásókn reiðhjólafólks er mjög vaxandi.

Vatnajökulspjóðgarður – Botnstjörn í Ásbyrgi

Botnstjörn er helsti áfangastaður ferðamanna í Ásbyrgi. Tjörnin er í fornum fosshyl undir lóðréttum hamraveggjum innst í Ásbyrgi, en veggirnir mynda gott skjól fyrir bæði flóru og fínu. Auðugt fuglalíf er á tjörninni og í skóginum norðan hennar liggja göngustígar milli hávaxinna trjáa. Frá bílastæði að tjörninni er tæplega 400 metra gangur eftir aðalstígunum, en hægt er að velja aðra stíga til baka vilji gestir fara fáfarnari leiðir og hringleiðir.

Rúmlega hundrað þúsund manns heimsækja Botnstjörn á hverju ári og Íslendingar eru hátt hlutfall af gestum í Ásbyrgi samanborið við önnur svæði þjóðgarðsins. Umferð á jaðartímum hefur farið vaxandi undanfarin ár og þetta ár er ekki undanskilið þeirri þróun en hlýnandi veðurfar á þar stóran hlut að máli. Flestir gestir heimsækja svæðið á háannatíma sumars og álag er sem fyrr mest um miðjan daginn.

Botnstjörn í Ásbyrgi - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	9,33	9,33
Innviðir áfangastaðar	8,10	8,10
Verðmæti áfangastaðar	8,00	8,00
Heildareinkunn áfangastaðar	8,31	8,31

Breytingar á milli ára

Sumarið 2023 var sérstök áhersla lögð á að snyrta svæðið og innviði þess, kurl var borið í stíga, villustígum var lokað, danspallurinn var mokaður upp, gert var við skilti og dauðar greinar við stíga voru fjarlægðar. Grunnur var lagður að skipulagi við endurnýjun útsýnispalls við Botnstjörn á nýju ári en pallurinn er orðinn 23 ára gamall og mjög slitinn.

Úrbætur

Endursmíða útsýnispall við Botnstjörn, endurnýja gömul skilti en einnig bæta nýjum við. Halda áfram viðhaldi á stígum og afmörkun á gönguleiðum. Auka þarf viðveru landvarða á svæðinu.

Dettifoss að austan

Dettifoss er í Jökulsá á Fjöllum, á mörkum Norðurþings og Skútustaðahrepps. Aðkoma að Dettifossi austanverðum er um Hólsfjallaveg, en það er um 60 km malarvegur milli Öxarfjarðar og Grímsstaða á Fjöllum. Vegurinn er seinfarin og í góðu samræmi við hrátt umhverfið austan við Dettifoss. Gönguleiðir á svæðinu liggja um grýtt landslag og helst fyrir fótvíssa að fara þar um.

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að fá Google Maps til þess að vísa ferðafólki, sem vill heimsækja Dettifoss, að keyra eftir malbikuðum vegi 862 vestan ár í stað malarvegsins 864 austan ár. Sumarið 2023 urðu merkileg tímamót við Jökulsárgljúfur en þá tókst loksins að fá Google Maps til að vísa fólki vestur fyrir á. Þessi breyting hafði samdægurs gífurleg áhrif. Við samanburð á fjöldatölum fyrir ágúst mánuð árin 2022 og 2023 kemur í ljós að gestum við Dettifoss austan ár fækkaði úr rúmum 22.000 í 11.000, sem er um helmingss fækkun á milli ára.

Dettifoss að austanverðu - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,22	7,22
Innviðir áfangastaðar	8,33	8,33
Verðmæti áfangastaðar	6,67	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,23	7,23

Breytingar á milli ára

Litlar breytingar voru gerðar á milli ára en þó voru stígar afmarkaðir enn frekar með kaðlagirðingum og unnið að því að fækka villustígum.

Úrbætur

Ljóst er að endurskoða þarf heildarskipulag svæðisins í samráði við landeigendur og Umhverfisstofnun. Sú vinna hófst árið 2022 en ekki tókst að halda áfram með það verkefni á þessu ári.

Vatnajökulsþjóðgarður – Dettifoss að vestanverðu

Aðkoma að Dettifossi vestanverðum er um Dettifossveg, sem er uppbyggður vegur með bundnu slitlagi og tengir Ásbyrgi við Mývatnsöræfi. Tæplega kílómeters löng ganga er frá bílastæði að Dettifossi. Nærumhverfi fossins vestan ár er öllu grösugra en austan ár.

Fjöldi gesta að fossinum margfaldaðist um mánaðamót júlí/ágúst þegar Google Maps fór að vísa ferðafólki vestur fyrir á og vandræðaástand skapaðist sökum þess. Í ágúst komu 76.000 gestir að fossinum og stefnir í að gestafjöldi fari vel yfir 300.000 á árinu 2023.

Dettifoss að vestanverðu - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,17	6,50
Innviðir áfangastaðar	8,96	6,50
Verðmæti áfangastaðar	8,00	8,00
Heildareinkunn áfangastaðar	8,29	7,00

Breytingar á milli ára

Merkingar voru að einhverju leiti bættar og unnið var að afmörkun stíga. Næsti áfangi við pallasmíði kláraðist að miklu leiti og það á eftir að auðvelda gestum gönguna að Dettifossi að vetrarlagi. Bílastæðið fylltist í langan tíma, magn sorps jókst og ágangur fólks utan stíga og álag á starfsfólks jókst sömuleiðis.

Úrbætur

Vegna aðgerða Google Maps fylltist bílastæðið í lok júlí og það ástand var viðvarandi fram á haust. Ljóst er að ekki er hægt að halda áfram inn í framtíðina án úrbóta og skipulagsbreytinga.

Koma þarf upp nýjum fræðslu- og upplýsingaskiltum við upphaf gönguleiðar og setja upp varanleg skilti í stað heimatilbúinna skilta á gönguleiðum. Opna þarf á samtal við landeigendur um lagfæringar á göngustígum. Auka þarf viðveru landvarða, bæði að sumarlagi og á jaðartíma.

Vatnajökulspjóðgarður - Hljóðaklettur

Hljóðaklettur eru einstakar jarðminjar við Jökulsá á Fjöllum, milli Ásbyrgis og Dettifoss.

Fjöldi gesta í Hljóðaklettum hefur verið í kringum 25-30 þúsund undanfarin ár. Flestir koma á einkabíl, en jafnframt er talsvert um smærri rútur og litla húsbíla. Eins er töluvert af göngufólki á svæðinu sem og gestum á tjaldsvæði. Fram til þessa hefur umferð á svæðinu verið mest bundin við sumrin og álag verið mest um miðjan daginn. Viðbúið er að bætt aðgengi muni hafa áhrif til breytinga og vinnur þjóðgarðurinn að áætlunum til að bregðast við því.

Hljóðaklettur - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,78	7,78
Innviðir áfangastaðar	8,89	8,89
Verðmæti áfangastaðar	8,22	8,22
Heildareinkunn áfangastaðar	8,31	8,31

Breytingar á milli ára

Áætlað var að setja niður nýtt upplýsingahús á tjaldsvæðið í Vesturdal en þeim áformum var breytt og á haustdögum var húsið sett niður við bílastæðið hjá Hljóðaklettum. Ljóst er að salernishús þarf við bílastæðið hjá Hljóðaklettum.

Úrbætur

Auka þarf viðveru landvarða á þessu svæði, bæta þarf merkingar við upphaf stíga og á gönguleiðum. Halda þarf áfram við úrbætur á stígum við Hljóðakletta og Rauðhóla. Endurskoða þarf staðsetningu bílateljara með tilliti til breyttra aðstæðna á þessu svæði. Byggja þarf nýtt salernishús við bílastæðið við Hljóðakletta.

Austurland

Álfaborg

<https://ust.is/alfaborg>

Álfaborg er hamraborg fram við sjó við miðjan Borgarfjörð eystri og var friðlýst sem fólkvangur árið 1976. Flestir gestir svæðisins eru útivistar- og göngufólk sem einnig heimsækja náttúruperlurnar Víknaslóðir og Stóruð. Auk þess er mikið af fuglaáhugafólki sem heimsækir svæðið, sér í lagi Hafnarhólmann þar sem mikið af lunda hefur athvarf. Samkvæmt teljara í Hafnarhólmanum má gera ráð fyrir að um 50.000 gestir heimsæki Álfaborgina.

Álfaborg – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,67	8,67
Innviðir áfangastaðar	9,52	9,52
Verðmæti áfangastaðar	8,00	8,00
Heildareinkunn áfangastaðar	8,55	8,55

Breytingar á milli ára

Heildareinkunn stendur í stað á milli ára.

Úrbætur

Leggja þarf náttúrulegan útsýnispall uppi á borginni og nota til þess efni úr nágrenninu, sama efni og tröppurnar eru unnar úr. Vinna þarf að því að uppræta lúpínu í nágrenninu þannig að hún dreifist ekki meira á svæðinu.

Blábjörg í Berufirði

www.ust.is/blabjorg

Blábjörg á Berufjarðarströnd eru friðlýst náttúruvætti vegna sérstæðra jarðmyndana sem hafa hátt fræðslu- og vísindagildi. Ekki er vitað hve margir gestir heimsækja Blábjörg en vinsælt er að stoppa þar og ganga stutta leið niður að björgunum. Talið er að ferðamenn komi við á svæðinu allan ársins hring enda bílastæðið rétt við hringveginn.

Blábjörg í Berufirði – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	6,67	7,41
Innviðir áfangastaðar	7,78	7,78
Verðmæti áfangastaðar	9,11	9,11
Heildareinkunn áfangastaðar	8,24	8,39

Breytingar á milli ára

Ástæða hærrí heildareinkunnar árið 2023 er að landvarsla var aukin á svæðinu og tókst að halda svæðinu hreinu auk þess sem gestir héldu sig við að ganga niður nýju tröppurnar í stað þess að mynda villustíga til hliðar við þær gömlu.

Úrbætur

Loka þarf fyrir fjárgötu meðfram fjárgirðingu uppi við bílastæði og tröppur. Setja þarf upp teljara svo meta megi þörf á landvörslu á svæðinu.

Helgustaðanáma

www.ust.is/helgustadanama

Helgustaðanáma er gömul silfurbergsnáma í landi Helgustaða, rétt utan við Eskifjörð í norðanverðum Reyðarfirði. Náman var friðlýst sem náttúruvætti árið 1975. Talið er að um 20.000 gestir sækji Helgustaðanámu heim á ári hverju. Flestir gesta eru almennt ferðafólk, en náman er sérlega vinsæll viðkomustaður göngufólks sem gengur Gerpissvæðið auk jarðfræðinga. Auk þess hefur verið stöðug aukning á heimsóknum heimamanna á svæðið.

Helgustaðanáma – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,76	7,67
Innviðir áfangastaðar	7,62	7,62
Verðmæti áfangastaðar	6,11	6,11
Heildareinkunn áfangastaðar	6,84	6,84

Breytingar á milli ára

Heildareinkunn helst óbreytt á milli ára.

Úrbætur

Ráðast þarf strax í að koma upp aðstöðuhúsi fyrir landvörð. Bæta þarf aðgengi að vatni á salernið þar sem lækurinn sem vatnið er tekið úr þornar reglulega. Bæta þarf öryggi gesta fyrir ofan gömlu námuna með girðingu. Setja upp fræðsluskilti um minjar á svæðinu og minna gesti á að fara varlega, sérstaklega inni í námugöngunum.

Hólmanes

www.ust.is/holmanes

Hólmanes er friðland og fólkvangur í Reyðarfirði. Svæðið er vinsælt útivistarsvæði ferðafólks sem og heimafólks. Aukning hefur verið á heimsóknum gesta í Hólmanes og hafa verið um 24.000 gestir á ári undanfarin ár. Almennt ferðafólk stoppar mikið á bílastæði í Hólmahálsinum þar sem gönguleiðir liggja niður í Hólmaborgirnar, fæstir ganga niður í borgirnar en margir ganga á nýskilgreindum stíg út á

útsýnisstað fyrir ofan Urðarskarð. Taka verður fram að mikið af heimafólki gengur um uppbyggðan göngustíg fólkvangsins í Hólmanesi en þar er ekki teljari.

Hólmanes - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,33	8,33
Innviðir áfangastaðar	8,10	8,10
Verðmæti áfangastaðar	8,00	8,67
Heildareinkunn áfangastaðar	8,10	8,44

Breytingar á milli ára

Heildareinkunn hækkar örlítið vegna þess að vel tókst til við að uppræta ágengar tegundir á svæðinu sumarið 2023, auk viðhalds á gönguleiðum. Auk þess var sett upp fræðsluskilti við Baulhús.

Úrbætur

Koma þarf upp salerni í fólkvanginum og er það á höndum sveitarfélagsins Fjarðabyggðar, en vatnsskortur skapar vandamál á svæðinu sem þó er hægt að leysa. Halda þarf þétt áfram við að uppræta lúpínu á svæðinu en það er gert í samvinnu með Fjarðabyggð og Náttúrustofu Austurlands. Setja þarf upp teljara í fólkvanginum.

Neskaupstaður fólkvangur

ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/austurland/folkvangur-neskaupsstadar/

Fólkvangurinn í Neskaupstað er notaður af heimafólki í útivist en auk þess kemur þar mikið af ferðafólki ár hvert. Á vorin og haustin er mikið álag á göngustíga fólkvangsins vegna mikillar bleytu.

Neskaupsstaður fólkvangur - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,00	8,67
Innviðir áfangastaðar	8,33	8,89
Verðmæti áfangastaðar	7,56	7,56
Heildareinkunn áfangastaðar	7,86	8,15

Breytingar á milli ára

Heildareinkunn hækkar vegna þess að farið var í viðhald á svæðinu. Stigi sem liggur niður í Páskahelli var lagaður. Göngustígur var dreinaður auk þess var farið í að uppræta ágengar tegundir á svæðinu í samvinnu við Náttúrustofu Austurlands.

Úrbætur

Halda þarf áfram viðhaldi á göngustíg og vinna áfram í að uppræta ágengar tegundir á svæðinu í samvinnu við Fjarðabyggð og Náttúrustofu Austurlands. Setja þarf aftur upp teljara á gönguleiðinni.

Stóruð

www.ust.is/storud

Stóruð var friðlýst sem náttúruvætti 2. júlí 2021. Stóruð er gömul skriða sem féll ofan í Urðardal og einkennist af stórum björgum og stórgrýti. Innan um stórgrýtið eru litlar tjarnir og sléttir grasbalar. Stórgrýtið er úr móbergi sem á uppruna sinn í megineldstöðinni í Dyrfjöllum.

Stóruð og nágrenni er mikið útivistar- og göngusvæði með fjölbreyttum gönguleiðum og þangað koma um 50-60 þúsund manns á ári.

Stóruð - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	5,56	5,19
Innviðir áfangastaðar	6,67	6,67
Verðmæti áfangastaðar	7,33	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	6,78	6,70

Breytingar á milli ára

Vegna fjölgunar ferðamanna og lengra ferðatímabils hafa bæði innviðir og gönguleiðir látið á sjá og er það ástæða þess að heildareinkunn lækkar á milli ára.

Úrbætur

Klára þarf stjórnunar- og verndaráætlun þannig að hefjast megi handa við að hanna göngusvæðið, styrkja og afmarka þær gönguleiðir sem fyrir eru til að bæta stýringu um svæðið. Setja þarf upp fræðsluskilti við upphaf gönguleiða og huga að salernismálum á svæðinu. Setja þarf upp nokkra teljara svo hægt sé að átta sig á fjölda gesta á hverri gönguleið fyrir sig að náttúruvættinu. Með því sést einnig betur hvaða leiðir þarf helst að styrkja, einnig þarf að ákveða á hvaða leið hjólreiðar verða leyfðar og byggja þá leið upp með það að leiðarljósi. Auka þarf landvörslu á svæðinu.

Teigarhorn náttúruvætti og fólkvangur

www.ust.is/teigarhorn

Teigarhorn er náttúruvætti og fólkvangur í sunnanverðum Berufirði, rétt innan við Djúpavog. Náttúruvættið er einn þekktasti fundarstaður geislasteina (zeolíta) í heimi. Fólkvangurinn er mikið útivistarsvæði. Ekki er vitað nákvæmlega hve margir gestir sækja Teigarhorn heim ár hvert en flestir eru ferðamenn og áhugafólk um steina.

Teigarhorn náttúruvætti - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,33	8,33
Innviðir áfangastaðar	7,14	6,67
Verðmæti áfangastaðar	8,00	8,00
Heildareinkunn áfangastaðar	7,84	7,71

Breyting milli ára:

Lækkun á heildareinkunn á milli ára er tilkomin vegna innviða sem eru farnir að láta á sjá, svo sem skilti, bílastæði, stígar ofl.

Úrbætur

Byggja þarf þjónustuhús og skipuleggja göngustíga og bílastæði á svæðinu sem allra fyrst auk þess þarf að girða af svæði innan hins friðlýsta svæðis og komið er að endurnýjun á skiltum. Þessi vinna hefur tafist vegna fyrirhugaðra breytinga og skipulags Vegagerðarinnar á aðalvegi og aðkomu að Teigarhorni. Koma þarf upp teljurum á svæðinu.

Suðurland

Dverghamrar

<https://ust.is/dverghamrar/>

Dverghamrar eru kyrrlátt svæði með formfögru stuðlabergi og kubbabergi. Náttúruvættið er við Þjóðveg 1 í Skaftárhreppi. Bílateljari er við aðkomuveg. Samkvæmt honum er áætlaður fjöldi gesta 2023 65.000.

Dverghamrar – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	9,83	9,50
Innviðir áfangastaðar	9,58	9,58
Verðmæti áfangastaðar	7,72	7,72
Heildareinkunn áfangastaðar	8,67	8,60

Breytingar á milli ára

Litlar breytingar hafa orðið á svæðinu á milli ára. Nýlegir innviðir hafa reynst svæðinu vel, eitthvað er þó um að gestir gangi utan stíga með tilheyrandi gróðurskemmdum sem var ástæða þess að heildareinkunn svæðisins lækkaði örlítið.

Úrbætur:

Unnið er að uppfærslu á nýju aðkomuskilti, bæta þarf merkingar til að koma í veg fyrir að gestir séu utan stíga.

Dyrhólaey

<https://ust.is/dyrholaey/>

Dyrhólaey er 120 metra hár móbergsstapi sem hefur myndast í að minnsta kosti tveimur gosum fyrir um 100.000 árum. Dyrhólaey var friðlýst árið 1978 af íslenska ríkinu vegna hinna miklu náttúrufegurðar og fuglalífs og til að viðhalda þessum vinsæla viðkomustað ferðamanna. Árið 2022 var áætlaður gestafjöldi 433.679 og árið 2023 er áætlaður fjöldi gesta 515.400.

Dyrhólaey – Háey

Dyrhólaey, Háey - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,67	9,00
Innviðir áfangastaðar	9,44	8,33
Verðmæti áfangastaðar	8,78	8,78
Heildareinkunn áfangastaðar	8,48	8,70

Breytingar á milli ára

Heildareinkunn áfangastaðarins hækkaði vegna úrbóta á stíg milli Háeyjar og Lágeyjar. Lokið var við merkingar á bílastæði. Mikil aukning gesta uppi á Háey varð til þess að bílastæði önnuðu ekki fjölda gesta og langar raðir myndast meðfram vegi.

Úrbætur

Bæta þarf merkingar og beina gestum í auknum mæli á Lágey, þar sem fyrir eru innviðir til þess að taka á móti fleiri gestum. Hönnun nýrra upplýsingaskilta er langt komin, áætlað er að setja þau niður vorið 2024.

Dyrhólaey - Lágey

Dyrhólaey, Lágey - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,67	8,67
Innviðir áfangastaðar	8,61	8,89
Verðmæti áfangastaðar	8,67	8,67
Heildareinkunn áfangastaðar	8,65	8,73

Breytingar á milli ára

Heildareinkunn svæðisins er svipuð á milli ára, örlítið breyting var á flokknum „innviðir áfangastaða“ vegna loka framkvæmdar á göngustíg á milli Háeyjar og Lágeyjar sem gerði það að verkum að einkunn hækkaði en á móti kom lækkaði einkunn örlítið vegna viðvarandi bilunar í greiðslukerfi á salernum.

Úrbætur

Til stendur að hefja gjaldtöku bílastæða haustið 2024 og hætta gjaldtöku á salernum. Halda þarf áfram að bæta við fræðslu og upplýsingaskiltum á eyinni allri til að samfella náist í upplýsingagjöf til gesta sem heimsækja Dyrhólaey.

Geysir

<http://ust.is/geysir>

Náttúruvættið Geysir í Haukadal í Bláskógabyggð þarf vart að kynna en svæðið hefur verið einn vinsælasti og fjölsóttasti áfangastaður ferðamanna frá upphafi Íslandsferða. Hverasvæðið var friðlýst ásamt bænum Laug, Laugarfelli og Laugarheiði þann 17. júní 2020 og er nú friðlýst sem náttúruvættið Geysir. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið var undirrituð á síðasta ári. Þar sem Geysir er einn vinsælasti áfangastaður ferðamanna á Íslandi er nauðsynlegt að allir innviðir taki mið af því. Gestir við Geysi hafa verið um milljón síðustu ár ef frá eru talin Covid árin. Nú stefnir í metár í fjölda ferðamanna sem sækja Geysi heim eða hátt í 1.500.000 gesti.

Geysir - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,00	8,67
Innviðir áfangastaðar	7,67	8,52
Verðmæti áfangastaðar	5,33	5,33
Heildareinkunn áfangastaðar	6,52	6,89

Breytingar á milli ára

Unnið var áfram við að lagfæra stíga upp Laugarfell og hlaða grjóti í kanta. Göngustígar og útsýnispallar voru girtir betur af. Vatnsræsi voru fegruð með grjóti o.fl. Aðgengi er orðið mun betra og dreifing gesta meiri. Unnið hefur verið áfram í heildarskipulagningu á svæðinu og er þeirri vinnu nánast lokið og framkvæmdir byrjaðar. Upplýsingaaðstöðu landvarða hefur verið komið upp í þjónustubyggingu við Geysi. Öryggisáætlun var unnin fyrir svæðið. Áætlað er að framkvæmdir við stíga og útsýnispalla á Geysi verði lokið 2025. Vegagerðin setti upp hraðahindrun á milli hverasvæðis og bílastæðis.

Úrbætur

Klára þarf að hanna aðkomutorg og vinna í framkvæmdum innan hverasvæðis. Uppræta þarf lúpínu og furur innan hverasvæðis. Klára þarf framkvæmdir og færa Biskupstungnabraut austur fyrir þjónustuhús þannig að gestir þurfi ekki að fara yfir þjóðveg til þess að komast að hverasvæðinu við Geysi.

Gullfoss

<http://ust.is/gullfoss>

Gullfoss er í uppsveitum Árnessýslu í Bláskógabyggð og hefur verið friðlýstur síðan 1979 ásamt Hvítárgljúfri að Brattholti. Friðlandið Gullfoss er einn vinsælasti áfangastaður ferðamanna á Íslandi og er nauðsynlegt að allir innviðir taki mið af því. Ferðamenn eru í ár líkt og á Geysi nánast 1.5 milljón. Mikið hefur verið gert í að bæta aðgengi og upplifun gesta á svæðinu og er sú vinna enn í gangi.

Gullfoss - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,67	9,00
Innviðir áfangastaðar	8,00	8,15
Verðmæti áfangastaðar	7,22	7,00
Heildareinkunn áfangastaðar	7,74	7,73

Breytingar á milli ára

Ný skilti komu upp á þessu ári. Hönnun á áframhaldandi stíg er vel á veg komin. Vegagerð bætti merkingar á neðra bílastæði. Gömul sár á jarðvegi voru löguð af sjálfbóðaliðum og landvörðum innan friðlands nálægt Brattholti. Fjölgað var ræsum á göngustíg niður að fossi. Gert var við göngustíg á neðra svæði. Unnið áfram í hönnun á útsýnisstíg á efra svæði. Margmiðlunarsýning um Sigríði í Brattholti var unnin og skilti fara upp

á þessu ári. Þrep voru sett við bergstall við foss til þess að auðvelda aðgengi og bæta öryggi. Girðing var endurnýjuð við foss. Unnið er að hönnun á náttúrustíg á efra svæði til þess að ná betri dreifingu gesta og auka upplifun.

Úrbætur

Byggja þarf upp nýtt stígakerfi á neðra svæði þannig að samræmi verði milli efra og neðra svæðis. Jafnframt þarf að bæta aðgengi fyrir alla. Klára þarf í framhaldi hringleið frá gamla Kjalvegi að klett við enda göngustígs á efra svæði. Með tveimur náttúrustígum fæst betri dreifing gesta um svæðið og gestir geta þannig notið friðlandsins betur. Nýir stígar bæta aðgengi fyrir alla og öryggi gesta sem sækja Gullfoss heim.

Ingólfshöfði

<https://ust.is/ingolfshofdi>

Ingólfshöfði er kletthöfði á Suðausturlandi. Höfðinn er úr basalti sem hvílir á móbergsundirstöðu og í sjávarbjörgum er mikið fuglalíf. Höfðinn er vinsæll ferðamannastaður en erfitt er að komast í hann. Vagnferðir með traktor eða ferðir á breyttum jeppum eru vinsælar út í höfðann. Ekki eru teljarar á svæðinu og því ekki vitað um fjölda gesta yfir árið.

Ingólfshöfði – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,96	8,96
Innviðir áfangastaðar	8,89	8,61
Verðmæti áfangastaðar	9,33	9,33
Heildareinkunn áfangastaðar	9,13	9,06

Breytingar á milli ára

Heildareinkunn lækkar vegna þess að klára þarf að stika hringleið sem ferðapjónustuaðilar fara með gesti. Bæta þarf aðkomuskilti við bílastæði.

Úrbætur

Koma niður fræðsluskiltum fyrir vorið 2024 og klára að stika hringleið um höfðann.

Kirkjugólf

<https://ust.is/kirkjugolf>

Kirkjugólf er við Kirkjubæjarklaustur og hluti af hringleið um svæðið. Svæðið er lágreist, veðruð stuðlabergsklöpp sem myndar nokkuð slétt og formfagurt „gólf“. Ágætis bílastæði og fræðsluskilti er við aðkomustað og stígur frá bílastæði að Kirkjugólfi er uppbyggður með drenum og góðum köntum. Reglulegt eftirlit landvarða er á svæðinu. Ekki er teljari á svæðinu og því ekki vitað um árlegan gestafjölda.

Kirkjugólf - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,83	8,83
Innviðir áfangastaðar	9,17	9,17
Verðmæti áfangastaðar	9,33	8,67
Heildareinkunn áfangastaðar	9,18	8,84

Breytingar á milli ára

Meiri gróðurskemmdir voru nú í ár en á síðasta ári og er það skýring á lægri einkunn. Lokið var við Stjórnunar- og verndaráætlun árið 2023. Unnið er að því að koma upp römpum til þess að auka aðgengi hreyfihamlaðra að Kirkjugólfi, framkvæmdin er komin vel á veg og til stendur að rampar verðir settir niður fyrir lok ársins 2023.

Úrbætur

Bæta þarf við merkingum til að koma í veg fyrir gróðurskemmdir. Niðursetning rampa til að auka aðgengi hreyfihamlaðra á svæðinu.

Ósland

<https://ust.is/osland>

Ósland er fólkvangur við Höfn í Hornafirði. Þar er auðugt fuglalíf og fjölbreytileg vistkerfi. Gónhóll er hæð á miðju Óslandi og helsta aðkomusvæði gesta, þar eru afmörkuð bílastæði, listaverk, minnisvarðar og fræðsluskilti. Fín hringleið er á Óslandi sem er lítið uppbyggð og fellur vel inn í náttúruna. Lítið er vitað um fjölda gesta á svæðinu en fólkvangurinn er almennt mikið notaður af heimafólki.

Ósland - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,61	8,61
Innviðir áfangastaðar	7,78	7,78
Verðmæti áfangastaðar	9,67	8,89
Heildareinkunn áfangastaðar	8,94	8,45

Breytingar á milli ára

Ósland nýtur sífellt meiri vinsælda sem útivistarsvæði heimamanna og ferðamanna. Vegur liggur í gegnum varpssvæði kríunnar og varpsvæði anda við Óslandstjörn þar sem umferð er töluverð. Lúpína hefur stungið sér niður við mörk fólkvangsins.

Úrbætur

Mikilvægt er að bæta merkingar með upplýsingum um varptíma fugla á svæðinu svo að hægt sé að taka tillit til þeirra og uppræta lúpínu á svæðinu til að koma í veg fyrir að hún breiði úr sér innan fólkvangsins.

Skógafoss, láglendi

<https://ust.is/skogafoss>

Náttúruvættið Skógafoss er á Suðurlandi við rætur Eyjafjallajökuls og er einn vinsælasti viðkomustaður ferðamanna á landinu. Áætlaður fjöldi gesta árið 2022 var 906.360. Veruleg fjölgun gesta er á milli ára og er áætlað að 1.130.000 gestir hafi heimsótt Skógafoss árið 2023. Svæðið er vinsæll aðkomustaður allt árið um kring.

Skógafoss láglendi – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,67	7,67
Innviðir áfangastaðar	5,95	5,21
Verðmæti áfangastaðar	8,78	8,89
Heildareinkunn áfangastaðar	7,78	7,64

Breytingar á milli ára

Heildareinkunn svæðisins er örlítið lægri í ár þar spilar helst inn í að innviðir þarfnast endurnýjunar, þ.á.m. salernishús og bílastæðið sem er illa farið með djúpum holum. Farið var í heflun á bílastæði síðsumars en hún dugði skammt enda tók við rigningartímabil stuttu eftir framkvæmdina. Lúpína hefur stungið sér niður fyrir framan fossinn.

Úrbætur

Sveitarfélagið hyggst gera nýtt bílastæði árið 2024 með þjónustuhúsi og aðstöðu fyrir landverði, þá munu innviðir þ.á.m. tjaldsvæði, salerni og bílastæði innan friðlandsins verða fjarlægðir og endurbýggðir við friðlandsmörk. Til stendur að endurhanna stíg/tröppur sem liggur neðan við fossinn uppá Skógaheiði árið 2024 og búið er að fjármagna þá framkvæmd. Ljúka þarf við nýjan göngustíg fyrir hreyfihamlaða frá bílastæði að fossi með útsýnispalli árið 2024.

Skógafoss, Skógaheiði

<https://ust.is/skogafoss>

Mörk náttúruvættisins við Skógafoss fylgja Skógá um 7 km upp heiðina að göngubrú þar sem áin er þveruð til vesturs á leið á Fimmvörðuháls. Ekki er vitað um nákvæmar tölur gesta á Skógaheiði, en gera má ráð fyrir að fjöldinn nái nokkrum þúsundum á dag yfir háönn. Mikill fjöldi gesta gengur upp tröppurnar við Skógafoss og stór hluti þeirra fer um 1 km upp meðfram Skógá. Eftir því sem ofar er komið dregur hratt úr umferð gesta og efst innan verndarsvæðisins fara nær einungis þau sem hyggjast fara yfir Fimmvörðuháls. Leiðin yfir Fimmvörðuháls er ein vinsælasta dagsgönguleiðin á hálendi Íslandi og þúsundir

gesta fara þar yfir á hverju sumri á leið sinni í Þórsmörk. Leiðin er einnig vinsæl fjallahjólaleið og hlaupaleið, en ekki er vitað um nákvæmar fjöldataölur fyrir þessa hópa. Flestir sem hjóla fara þó upp á hálsinn um veg sem liggur utan marka náttúruvættisins.

Skógafoss, Skógaheiði – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,67	7,50
Innviðir áfangastaðar	7,50	7,71
Verðmæti áfangastaðar	8,78	7,89
Heildareinkunn áfangastaðar	8,20	7,76

Breytingar á milli ára

Aukist hefur að gestir fari út fyrir merktar gönguleiðir með tilheyrandi gróðurskemmdum. Áberandi gróðurskemmdir á köflum þar sem bratti eykst.

Úrbætur

Vegna vinsælda á gönguleið þarf að girða meðfram stíg þar sem ágangur er mestur eða u.þ.b. einn kílómetur frá efsta hluta Skógafoss. Bæta við merkingum til að gestir haldi sig innan stíga. Til stendur einnig að breikka stíg á kafla þar sem brattinn er mestur og gestir leita út fyrir stíga.

Þjórsárdalur

<https://ust.is/thjorsardalur>

Hluti Þjórsárdals er friðlýst landslagsverndarsvæði sem býr yfir jarðfræðilegri sérstöðu, fágætu, sérstöku og fögru landslagi ásamt sérstökum náttúrufræðilegum sem þar er að finna. Innan friðlýsta svæðisins eru þrjú náttúruvætti; Gjáin, Háifoss og Hjalparfoss. Einnig eru í dalnum margar merkar fornminjar eins og bærinn Stöng. Náttúruvættin þrjú eru vinsælir viðkomustaðir ferðamanna. Bæði Íslendingar og erlent ferðafólk heimsækir svæðin. Svæðið er vinsælt útivistarsvæði til gönguferða, hjólreiða og hestaferða. Talning sýnir að um 20.000 gestir heimsækja Gjána á hverju ári. Margfalt meiri umferð er að Hjalparfossi og Háafossi en óvíst er um nákvæman fjölda gesta þar.

Þjórsárdalur – Gjáin

Gjáin er gljúfur með mörgum lindum og fossum. Í Gjánni eru fallegar bergmyndanir, stuðlar, hraun og móberg, jafnframt er hún gróskumikil og fer þar mest fyrir ætihvönn, birki og víðiplöntum.

Gjáin – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,15	7,96
Innviðir áfangastaðar	7,62	7,41
Verðmæti áfangastaðar	8,00	8,83
Heildareinkunn áfangastaðar	7,93	8,27

Breyting á milli ára

Áframhald hefur verið á uppbyggingu stíga í Gjánni sem hafa bætt ásýnd svæðisins til muna. Stígagerð síðustu ára hefur ýtt undir mikla framför í gróðurþekju á skömmum tíma þar sem gamlir slóðar hafa verið aflagðir.

Úrbætur

Ljúka stígagerð frá Gjánni niður að Stöng sunnan Rauðár. Hanna og gera bílastæði með eðlilegri tengingu við stígakerfið. Ljúka gerð fræðsluskilta og uppsetningu þeirra.

Þjórárdalur – Háifoss

Háifoss og nágrenni hans Granni, hafa mikið aðdráttarafl og er Háifoss einn af hæstu fossum landsins. Bílastæði er austan megin við gljúfrið sem fossarnir falla niður í og gönguleið þaðan út að brún. Hægt er að ganga niður í gljúfrið ef gengið er lengra niður í Fossárdal. Frá Háafossi liggur vinsæl 8 km löng göngu- og hjólaleið niður að Stöng.

Háifoss – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,22	7,04
Innviðir áfangastaðar	6,67	6,30
Verðmæti áfangastaðar	9,00	8,33
Heildareinkunn áfangastaðar	8,00	7,51

Breyting á milli ára

Unnið var í endurbótum og viðhaldi á gönguleið frá bílastæði að útsýnissvæði við bjargbrún. Annars lækkar einkunn milli ára þar sem vaxandi umferð ferðafólks hefur gert ákveðin verkefni brýnni en áður.

Úrbætur

Ljúka gerð skipulags fyrir svæðið og ráðast svo í hönnun og gerð útsýnispalls við bjargbrún til að bæta öryggi gesta. Huga þarf að salernismálum og gera fræðslu- og upplýsingaskilti fyrir áfangastaðinn.

Þjórsárdalur – Hjálparfoss

Hjálparfoss er einstaklega fallegur tvöfaldur foss og eru stuðlabergsmyndanir beggja megin við hann. Svæðið er gróið og er birki og víðikjarr mest áberandi. Svæðið er í alfaraleið með góðu aðgengi og því fjölsóttur ferðamannastaður. Gestir stoppa þar ýmist stutt við eða dvelja þar með nesti og busla í ánni.

Hjálparfoss – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,59	7,96
Innviðir áfangastaðar	7,22	7,38
Verðmæti áfangastaðar	7,67	7,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,53	7,65

Breyting milli ára

Salernismál hafa verið bætt verulega og er salernið nú rekið á heilsársgrundvelli. Nauðsynlegu viðhaldi var sinnt á pöllum og bekkjum við fossinn.

Úrbætur

Klára þarf frágang á bílastæði og gera útsýnisstað ofan við gljúfrið aðgengilegan öllum. Halda áfram viðhaldi á göngustígum og uppbyggingu þeirra. Setja upp nýtt fræðsluskilti. Halda lúpínu í skefjum.

Vatnajökulsþjóðgarður

<https://vatnajokulsthjodgardur.is>

Skaftafell og Breiðamerkursandur eru meðal fjölsóttustu ferðamannastaða á Suðurlandi og nauðsynlegt að eftirlit og uppbygging taki mið af því. Um milljón gesta heimsækir svæðið ár hvert og þörf á þjónustu, viðeigandi innviðum og stýringu gesta því mikil. Fjölbreytt flóra ferðafólks sækir svæðin heim og ferðast ýmist á einkabílum, rútum eða jafnvel hjólandi. Í Skaftafelli er að auki stórt tjaldsvæði með heilsársopnun. Gestir heimsækja svæðin allt árið um kring og þarf því heilsársstarfsfólk til að sinna eftirliti og viðhaldi ásamt því að tryggja aðgengi og þjónustu.

Vatnajökulsþjóðgarður - Bæjarstaðarskógur

Þessi áfangastaður kom nýr inn í mat 2023. Gönguleiðin um Bæjarstaðarskóg er falleg og að mestu flöt gönguleið inn að Jökulfelli í Morsárdal. Gengið er um gamla árfarvegi Skeiðarár og er lúpína áberandi stóran hluta gönguleiðarinnar. Leiðin er skilgreind hjólaleið og er vinsæl gönguleið allt árið um kring, sérstaklega á sumrin. Ekki fara fram sérstakar talningar gesta umfram þær sem fara fram fyrir Skaftafell almennt.

Bæjarstaðarskógur – ástand	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,60
Innviðir áfangastaðar	8,53
Verðmæti áfangastaðar	5,00
Heildareinkunn áfangastaðar	6,71

Úrbætur

Skipta út veðruðum stikum fyrir endingarbetri. Gera þarf langtímaáætlun um upprætingu lúpínu á svæðinu, tryggja fjármagn og mannafla til verksins.

Vatnajökulsþjóðgarður – Fjallsárlón

Nýting á Fjallsárlóni hefur verið í höndum eins rekstraraðila frá árinu 2015 þegar Sveitarfélagið Hornafjörður gerði samning um nýtingu og uppbyggingu á svæðinu. Þegar svæðið kom inn í Vatnajökulsþjóðgarð árið 2017 yfirtók þjóðgarðurinn samninginn. Góð uppbygging hefur átt sér stað á svæðinu. Á Fjallsárlóni eru bátaferðir að sumri til en yfirleitt er lokað yfir vetrartímenn. Árið 2022 komu 266.859 gestir að Fjallsárlóni og í lok október 2023 var heildarfjöldi gesta á árinu kominn upp í 294.964.

Fjallsárlón – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,66	8,60
Innviðir áfangastaðar	8,10	8,33
Verðmæti áfangastaðar	9,66	9,83
Heildareinkunn áfangastaðar	9,01	9,17

Breytingar á milli ára

Vesturhluti göngustígsins var grjóthreinsaður og lagaður að staðnum þar sem gengið er niður að bátunum. Útsýnisstaður var stækkaður og bætt við bekk. Búið er að setja upp nokkur tilraunadren sem eiga eftir að sanna gildi sitt. Bætt var við nokkrum tréhornstaurum í kringum tröppurnar.

Úrbætur

Bæta þarf skilti og merkingar og auka viðhald á gönguleiðum.

Vatnajökulsþjóðgarður - Háalda

Háalda er lítið náttúruvætti á Suðausturlandi sem byggist upp af hlaupseti eftir jökulhlaup samfara eldgosi í Öræfajökli 1727. Í hlaupsetinu eru tvö stór jökulker sem vinsælt er að skoða. Svæðið er í eðli sínu hrátt, bílaplan hefur verið afmarkað og tveimur upplýsinga- og fræðsluskiltum var komið fyrir haustið 2021. Keyrt hefur verið utan vega á þessu svæði og sjást för m.a. í jökulkerinu sjálfu. Háalda varð hluti af

Vatnajökulsþjóðgarði sumarið 2021 sem hluti af Sandfellsjörðinni. Ekki er vitað um fjölda gesta sem heimsækja náttúruvættið.

Háalda - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,22	7,41
Innviðir áfangastaðar	9,42	8,42
Verðmæti áfangastaðar	7,00	7,00
Heildareinkunn áfangastaðar	7,70	7,47

Breytingar á milli ára

Sandfellsjörðin, sem Háalda er hluti af, er nýkomin í þjóðgarðinn. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið er í vinnslu. Landverðir sinna reglulegu eftirliti, 3-4 sinnum í mánuði yfir sumarið en færri ferðir eru yfir vetrartímann. Í desember 2022 kom óveður sem gerði það að verkum að skiltin sem voru til staðar fuku í burtu.

Úrbætur

Bæta þarf aðkomu að bílastæðinu, oft sést fólk leggja alveg við þjóðveginn en ekki á bílastæðinu. Endurnýja þarf skilti sem fuku og tryggja fjármagn til uppbyggingar.

Vatnajökulsþjóðgarður - Heinaberg

Heinabergssvæðið er útivistarsvæði á milli Heinabergsjökuls og Fláajökuls á Mýrum, í Sveitarfélaginu Hornafirði. Í þessu fyrsta ástandsmati svæðisins var vegurinn inn á svæðið og svæðið í kringum bílastæðið þar tekið út. Slóðinn er að hluta til innan Vatnajökulsþjóðgarðs, en stór hluti hans liggur í gegnum einkaland.

Síðustu ár hefur lítið verið unnið með svæðið, sem er lítt þekkt og ekki sérstaklega vinsælt meðal ferðamanna. Á lóninu eru þó starfræktar kajakferðir yfir sumartímann. Á svæðinu eru einnig nokkrar gönguleiðir. Árið 2022 heimsóttu um 8.800 gestir svæðið, á tímabilinu maí-desember. Í lok október 2023 var heildarfjöldi gesta á árinu kominn upp í tæplega 9.600.

Heinaberg – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,50	8,00
Innviðir áfangastaðar	6,81	6,81
Verðmæti áfangastaðar	7,61	7,50
Heildareinkunn áfangastaðar	7,37	7,42

Breytingar á milli ára

Gerður var stígur frá bílastæði að þurrsalernum. Stígurinn sem liggur frá bílastæði niður að lóni var lagaður. Plast og járnstikur voru fjarlægðar og tréstikur settar í staðinn á fræðsluhring. Fræðsluskilti um hörfandi jökla var sett upp við bílastæði.

Úrbætur

Nauðsynlegt er að lagfæra slóðann sem liggur inn á svæðið.

Vatnajökulsþjóðgarður – Jökulsárlón

Jökulsárlón er einn fjölsóttasti áfangastaður ferðafólks á landinu. Mesti umferðarpunginn er um svæðið yfir sumarmánuðina en vegna aukningar í vetrarferðamennsku síðustu ár hefur verið stöðug umferð á svæðinu allt árið um kring. Svæðið við Jökulsárlón er, eins og önnur svæði á Breiðamerkursandi, tiltölulega nýkomið inn í Vatnajökulsþjóðgarð. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið er ekki tilbúin, auk þess sem uppbygging hefur gengið hægt og innviðir á svæðinu ekki eins góðir og þeir þurfa að vera miðað við þann fjölda gesta sem sækir svæðið heim. Árið 2022 heimsótti 844.381 gestur svæðið og í lok október 2023 var heildarfjöldi gesta kominn upp í 865.574.

Jökulsárlón – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,50	6,83
Innviðir áfangastaðar	6,39	6,19
Verðmæti áfangastaðar	7,89	6,83
Heildareinkunn áfangastaðar	7,42	6,66

Breytingar á milli ára

Einkunn svæðisins lækkar lítið eitt á milli ára, sem orsakast fyrst og fremst af miklu álagi á salerni og bílastæði. Átak hefur verið gert í stýringu ferðamanna um svæðið með afmörkun tveggja gönguleiða niður í fjöruna við aðalbílastæðið. Þetta kemur í veg fyrir óþarfa traðk og bætir ásýnd svæðisins talsvert. Einnig er búið að setja þrep niður í fjöru sem auðvelda aðgengi. Fleiri tréstaugar eru komnir á leiðinni upp á hinn svokallaða Helguhól vinstra megin sem gefur gestum möguleika á að styðja sig við band í hálfu. Aðalstígurinn upp á Helguhól var grjóthreinsaður og dreinaður og sett þrep á nokkrum stöðum. Stígurinn sem liggur meðfram bátaveginum var grjóthreinsaður og sett dren undir veg sem liggur inn að rúttustæðinu. Parka myndavélakerfi og skilti eru komin á aðalbílastæðið og í bæði Eystri- og Vestri-Fellsfjöru ásamt tveimur greiðsluskýlum við hlið salernisgáma. Komin eru drónaskilti í báðar fjörur og drumbar sem koma í veg fyrir utanvegaakstur. Plast og járnstikur var skipt út fyrir tréstikur á milli lóna. Búið er að gera nýtt bílastæði, malbikað og málað, vestan megin við brú. Í kjölfarið lokuðust litlu stæðin þrjú. Fræðsluhings skiltið var fært á nýja stæðið. Kominn er vatnskrani utan á suðurhlið eins salernisgámsins.

Úrbætur

Enn vantar staðfest framtíðarskipulag. Aðstöðu við Jökulsárlón er ábótavant og hún annar ekki umferð gesta.

Vatnajökulsþjóðgarður – Kristínartindar

Þessi áfangastaður kom nýr inn í mat 2023. Í Skaftafelli eru fjölbreyttar gönguleiðir, langar sem styttri leiðir. Kristínartindar eru hluti af lengri gönguleið um Skaftafellsheiði og eru 1126 m að hæð. Fjallgöngur um Skaftafellsheiði eru afar vinsælar yfir sumartímann. Gönguleiðinni er að jafnaði lokað á vorin þegar tekur að hlána og gróðurfar viðkvæmt fyrir ágangi. Ástandsmatið nær til gönguleiðar um Skaftafellsheiði frá Sjórnarskeri til vesturs, um heiðina, til Sjórnarnípu til austurs. Ekki fara fram sérstakar talningar gesta umfram þær sem fara fram fyrir Skaftafell almennt.

Kristínartindar – ástand	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	6,50
Innviðir áfangastaðar	4,33
Verðmæti áfangastaðar	6,22
Heildareinkunn áfangastaðar	5,77

Úrbætur

Gönguleiðin er illa farin að stórum hluta og þarf aukinn mannafla til þess að gera nauðsynlegar úrbætur. Bæta þarf merkingar á nokkrum stöðum.

Vatnajökulsþjóðgarður – Morsárjökull

Þessi áfangastaður kom nýr inn í mat 2023. Gönguleiðin að Morsárjökli í Morsárdal er ein af lengri gönguleiðunum í Skaftafelli. Gönguleiðin er vinsæl meðal gesta en innst inni í dalnum sést þessi tvískipti skriðjökull. Oft má heyra drunur og bresti í jöklinum er ís fellur fram af hamrastálinu. Frá Morsárjökli má sjá inn í mynni Kjósar og fjallgarðinn í kringum Miðfell. Ástandsmatið nær til gönguleiðar frá Skaftafellsstofu inn að Morsárjökli og til baka. Ekki fara fram sérstakar talningar gesta umfram þær sem fara fram fyrir Skaftafell almennt.

Morsárjökull – ástand	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,04
Innviðir áfangastaðar	7,67
Verðmæti áfangastaðar	7,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,53

Úrbætur

Fara í úrbætur á gönguleið þar sem Morsá étur stöðugt úr. Laga merkingar á viðeigandi stöðum.

Vatnajökulsþjóðgarður – Námuvegur

Frá þjóðvegi 1 vestan við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi liggur vegur upp að Breiðárlóni og áfram upp á Breiðamerkurjökul vestanverðan, sem í daglegu tali er kallaður Námuvegur. Vegurinn varð til fyrir tilstuðlan Vegagerðarinnar, en upphaflega lá hann að námu Vegagerðarinnar á svæðinu. Í dag er vegurinn mest notaður af ferðapjónustuaðilum, en einnig er vegurinn og slóði sem liggur út frá honum upp á jökul, skilgreindur sem akstursleið á Vatnajökul árið um kring. Mest umferð er um veginn frá lok október til loka mars ár hvert þegar íshellaferðamennskan er í gangi. Bílateljari er við Breiðárlón. Heildarfjöldi gesta árið 2022 var 22.122 og í lok október 2023 var heildarfjöldi gesta á árinu, kominn upp í 70.344. Hafa ber í huga að umferð um veginn fer að miklu leyti eftir staðsetningu íshella hverju sinni, en svæðið hefur mikið verið notað í íshellaferðir síðasta árið.

Námuvegur – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	6,07	5,40
Innviðir áfangastaðar	2,78	3,00
Verðmæti áfangastaðar	5,00	5,83
Heildareinkunn áfangastaðar	4,62	4,98

Breytingar á milli ára

Aukin umferð er um Námuveginn eftir að íshellafyrirtækin byrjuðu að fara þar um aftur. Í sumar var verið að vinna í námunni og hefluðu verktakarnir veginn nokkrum sinnum. Vegurinn er í sæmilegu ástandi í dag en versnar þegar komið er inn á slóðann sem liggur að jökli. Íshellafyrirtækin lengdu veginn örlítið eftir að jökullinn hropaði og gerðu lítið bílastæði innst við jökul. Þessi viðbót er öll á dauðum ís þannig að hún er ekki varanleg.

Úrbætur

Nauðsynlegt er að ábyrgðaraðili vegarins sé skilgreindur. Mikilvægt er að fara í framkvæmdir á svæðinu, byggja veginn upp að hluta og afmarka hann svo hann haldi ekki áfram að breikka. Þörf er á að yfirfara skilti á svæðinu og setja upp leiðbeinandi skilti um ástand vegarins, þ.e. að hann sé torfær. Við skipulag framtíðaruppbyggingar á Breiðamerkursandi er nauðsynlegt að taka þetta svæði einnig til skoðunar.

Vatnajökulsþjóðgarður – Sel

Sel er uppgerður torfbær í Skaftafellsheiði þar sem búið var til ársins 1946. Selbærinn er í umsjón Þjóðminjasafnsins. Þangað liggur gönguleið frá þjónustukjarna Skaftafells og akvegur, að Hæðum, með takmarkaða umferð í samráði við Vegagerðina. Erlendir gestir eru stærstur hluti gesta sem heimsækja

Sel og koma flestir yfir sumartímann. Umferð gesta að vetrarlagi hefur aukist síðustu ár. Ekki er vitað um fjölda gesta sem heimsækja Selið.

Sel – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,15	8,15
Innviðir áfangastaðar	6,58	5,75
Verðmæti áfangastaðar	8,87	8,57
Heildareinkunn áfangastaðar	8,10	7,72

Breytingar á milli ára

Einkunn svæðisins hefur breyst milli ára þar sem gróður og menningarminjar hafa látið á sjá vegna álags af gestafjölda. Selið sjálft er farið að láta verulega á sjá en í haust var byrjað að vinna að mikilvægum endurbótum og viðhaldi sem Þjóðminjasafnið heldur utan um. Skortur á fræðsluskiltum fyrir gesti.

Úrbætur

Brýn þörf er á að merkja svæðið betur. Ljúka þarf viðgerðum á gönguleið ásamt því að setja upp vegvísa og fræðsluskilti. Unnið er að skiltaáætlun fyrir allt Skaftafellssvæðið. Sinna þarf viðhaldi á Selbænum.

Vatnajökulsþjóðgarður – Skaftafell tjald- og þjónustusvæði

Ákveðið var að taka tjaldsvæðið og þjónustusvæði saman í eina heild í stað þess að meta það í sitthvoru lagi eins og áður. Þjónustukjarninn í Skaftafelli samanstendur af Skaftafellsstofu, salernishúsum, landvarðahúsi, tjaldsvæði, bílastæði hreyfihamlaða fyrir framan gestastofu, almennum bílastæðum og veginum inn í Skaftafell.

Tjaldsvæðið í Skaftafelli samanstendur af átta flötum og hefur leyfi fyrir 1800 manns í gistingu. Þar eru tvö salernishús, annað minna sem einungis er með köldu vatni. Flestir gestir koma á tjaldsvæðið á sumrin og eru það bæði erlent ferðafólk og Íslendingar, oft er meira álag um helgar. Mikill gestafjöldi sækir Skaftafell heim árlega. Í október 2023 er áætlað að um 581.500 gestir hafi komið þangað á árinu. Áætlað að 48.704 gestir hafi gist á tjaldsvæðinu að október meðtöldum.

Skaftafell tjald – og þjónustusvæði – ástand	Einkunn þjón.sv. 2022	Einkunn tjaldsv. 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,27	8,00	8,10
Innviðir áfangastaðar	8,81	8,67	8,48
Verðmæti áfangastaðar	8,93	7,73	8,67
Heildareinkunn áfangastaðar	8,76	8,04	8,50

Breytingar á milli ára

Tjaldsvæði og þjónustusvæði er metið saman sem ein heild.

Móttökuhús er komið í notkun á tjaldsvæðinu. Verið er að setja upp leiksvæði á austasta hluta tjaldsvæðisins. Bætt aðgengi fyrir hreyfihamlaða að veitingasölu sem er í sama húsi og Skaftafellsstofa. Búið er að setja upp hluta af aðkomuskiltum með Vegagerðinni en jafnframt er unnið að betri merkingum bílastæða fyrir hreyfihamlaða og neyðarþjónustur á rútabílastæði.

Úrbætur

Vinna við framtíðarsýn, sem tekur til alls svæðisins, er í farvegi. Frágangi umhverfis fræðslutorg er ábótavant varðandi aðlaðandi heildarútlit. Endurskoða þarf skiltakost almennt og merkja betur. Endurhanna þarf bílastæði og minnka þannig flækjustig. Merkingar frá bílastæði að þjónustukjarna þurfa að vera skýrari. Flest allur húsakostur á þjónustusvæðinu þarfnast viðhalds, m.a. múrviðgerða, gluggaskipta og málunar.

Vatnajökulsþjóðgarður – Skaftafellsjökull

Skaftafellsjökull er stór skriðjökull austan við þjónustusvæðið í Skaftafelli. Að sporði hans liggur hringleið og er hluti leiðarinnar fær hreyfihömluðum. Merkingar eru á leiðinni og er hún hluti af verkefninu *Hörfandi Jöklar*. Yfir fræðslutímabilið eru daglegar göngur með landverði inn að Skaftafellsjökli. Grjóthrun getur verið úr hlíð Skaftafellsheiðar. Í lok október 2023 höfðu 59.557 gestir farið um gönguleiðina á árinu.

Skaftafellsjökull – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,52	9,10
Innviðir áfangastaðar	8,33	8,20
Verðmæti áfangastaðar	8,44	8,44
Heildareinkunn áfangastaðar	8,43	8,52

Breytingar á milli ára

Litlar sem engar breytingar milli ára.

Úrbætur

Bæta þarf vegvísa á gönguleiðinni og koma í veg fyrir villustíga. Skoða þarf möguleika á útsýnisstöðum fyrir gesti og færa upphaf gönguleiðar.

Vatnajökulsþjóðgarður – Svartifoss

Svartifoss er eitt þekktasta kennileiti Skaftafells. Hann fellur um 20 metra fram af formfögru, svörtu stuðlabergi. Þangað liggur mjög góð gönguleið frá þjónustukjarna. Leiðin upp að Svartafossi er vinsælasta gönguleið svæðisins. Í lok október 2023 höfðu um 158.522 gestir gengið að fossinum á árinu.

Svartifoss – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	9,10	8,67
Innviðir áfangastaðar	9,05	8,54
Verðmæti áfangastaðar	8,67	8,67
Heildareinkunn áfangastaðar	8,86	8,63

Breytingar á milli ára

Í umhleyppingum seinasta vetur laskaðist brúin við Svartafoss og standa viðgerðir yfir. Gönguleiðin neðst við Svartafoss hefur verulega látið á sjá vegna rigninga og álags af fjölda gesta á svæðinu.

Úrbætur

Helstu áskoranir eru mikill fjöldi gesta. Reglulegt eftirlit er nauðsynlegt, einkum með traðki utan við útsýnispall við fossinn. Snjóþyngsli og hálsa geta skapað erfiðar aðstæður yfir vetrartímann. Setja þarf upp betri vegvísa um upphaf gönguleiðar að Svartafossi. Setja þarf upp skilti með nöfnum annarra fossa og örnefnum á leiðinni. Fjármagn hefur fengist úr Landsáætlun um innviðaupbyggingu til þess að hanna lokakafla gönguleiðinnar niður að fossinum til þess að auka öryggi og aðgengi allt árið um kring

Vatnajökulsþjóðgarður - Þröng

Frá þjóðvegi 1 austan við Jökulsárlón liggur vegur inn að Breiðamerkurjökli austanverðum, en það svæði er í daglegu tali kallað Þröng. Þessi vegur er aðallega notaður til að ferja gesti að Breiðamerkurjökli í íshellaferðir yfir vetrartímann og í jöklagöngur að sumri. Vegna mikillar umferðar síðustu árin hefur vegurinn mikið látið á sjá og eru nú sýnileg för eftir utanvegaakstur í kringum hann. Heildarfjöldi gesta árið 2022 var 98.570 og í lok október 2023 var heildarfjöldi gesta kominn upp í 69.060. Hafa ber í huga að umferð um veginn fer að miklu leyti eftir staðsetningu íshella hverju sinni, en svæðið hefur mikið verið notað í íshellaferðir síðasta árið.

Þröng – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	6,33	5,83
Innviðir áfangastaðar	5,48	5,00
Verðmæti áfangastaðar	6,28	6,83
Heildareinkunn áfangastaðar	6,07	6,13

Breytingar á milli ára

Ekkert hefur verið gert við veginn síðan í fyrra. Til stendur að setja dren á einum stað og lengja veginn. Stikuð hefur verið gönguleið frá bílastæði að göngubrú yfir Miðfellsá. Einnig var sú gönguleið grjóthreinsuð.

Úrbætur

þarfnast merkinga og lagfæringu slóða. Verið er að undirbúa lagfæringu á slóðanum og lengingu hans nær jöklinum.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

www.thingvellir.is

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum þarf vart að kynna, enda hefur hann verið einn vinsælasti ferðamannastaður landsins um áratuga skeið.

Gestastofa þjóðgarðsins er á vesturbrún Almannagjár, Hakinu, þar sem gengið er niður í Almannagjá. Á Leirum, á mótum þjóðvega 36 og 550, er þjónustumiðstöð þjóðgarðsins en þar er upplýsingaborð á vegum þjóðgarðsins.

Langstærstur hluti ferðamanna á Þingvöllum fer um þinghelgina og þingstaðinn og því er þar mestur ágangur ferðafólks og stígar að sama skapi breiðastir og best afmarkaðir. Þinghelgin liggur neðan og austan Almannagjár.

Fyrir heimsfaraldur COVID komu yfir 2 milljónir ferðafólks til Íslands og samkvæmt talningum komu 70-75% þeirra til Þingvalla eða um 1,5 milljón manns. Fjöldi gesta datt niður í COVID en á þessu ári er gert ráð fyrir að gestafjöldi verði svipaður og árið 2018. Þjóðgarðurinn tekur ekki einungis þátt í ástandsmati innan friðlýstra svæða heldur hefur verið í gangi upplifunarkönnun meðal gesta þjóðgarðsins. Sú könnun hefur verið framkvæmd þrisvar og eru því til gagnasett um upplifun gesta þar sem gestafjöldi var mjög mismunandi.

Þingvellir – Almannagjá

Almannagjá er einn helsti viðkomustaður gesta í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Langflestir sem heimsækja þjóðgarðurinn hefja ferð sína annað hvort hjá gestastofunni á Haki eða á bílastæðinu við enda Almannagjár og ganga gjána fram og til baka. Árið 2022 gekk tæplega 1,1 milljón gesta um gjána og um miðjan nóvember 2023 höfðu 1,2 milljónir gesta farið um Almannagjá. Mikil vetrarþjónusta hefur verið á svæðinu undanfarin ár þar sem gjáin er mokuð og sönduð þegar þörf hefur verið á.

Almannagjá– ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	10,0	10,0
Innviðir áfangastaðar	10,0	10,0
Verðmæti áfangastaðar	9,00	9,00
Heildareinkunn áfangastaðar	9,48	9,48

Breytingar á milli ára

Engar framkvæmdir hafa verið í Almannagjá síðastliðið ár. Fyrir nokkrum árum var girt austan megin í gjánni til þess að vernda gróður fyrir ágangi og hefur sú aðgerð heppnast mjög vel. Það sést meðal annars

á því að búðir sem áður fyrr sást vel í eru nánast horfnar í hátt gras. Nú í haust 2023 er unnið að því að skipta út timbri á hluta brúarinnar efst í Kárastaðastíg.

Úrbætur

Í vinnslu er deiliskipulag fyrir svæðið þar sem enn frekar verður kveðið á um ásýnd og útlit mannvirkja. Slá þarf búðir reglulega á sumrin svo þær sjáist betur. Á næsta ári verður farið í að endurbæta brú yfir Drekkingshyl með öryggi gesta og ásýnd svæðisins að markmiði. Í leysingum rennur efni til í malarstígnum í Kárastaðastíg og einnig myndast pollar í gjánni hjá Lögbergi. Hægt er að bregðast við því með því að bera efni reglulega í stíginn og gæta þess að jaðrarnir liggja aðeins lægra en miðjan þannig að vatnið renni út fyrir stíginn en safnast ekki fyrir á honum. Neðst í Almannagjá eru uppsprettur sem koma fram í miklum leysingum og vatnsveðrum. Vatnið ýtir efninu í göngustígnum til og frá sem veldur því að hann er ójafn á því svæði.

Þingvellir - Hakið

Á Hakið kemur langmestur fjöldi fólks af þeim sem heimsækja Þjóðgarðinn. Heildartölur fyrir fjölda gesta á Haki árið 2022 var rúmlega 1,2 milljónir. Tölur fyrir árið 2023 liggja ekki fyrir þegar þetta er skrifað. Vetrarþjónustu hefur verið sinnt síðustu ár þar sem göngustígar og bílastæði eru mokuð og sönduð.

Hakið – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	10,0	10,0
Innviðir áfangastaðar	10,0	10,0
Verðmæti áfangastaðar	8,61	8,61
Heildareinkunn áfangastaðar	9,28	9,28

Breytingar á milli ára

Unnið er að umbótum á fræðslu- og upplýsingaskiltum á Haki. Búið er að setja niður stoðir fyrir ný skilti og eru skiltin sjálf í vinnslu. Áætlað er að þau verði sett upp á næsta ári. Gangstétt var lögð meðfram sunnanverðu rútbílastæðinu svo auðveldara sé að skila af sér farþegum þegar mikil umferð er á svæðinu. Þetta eykur öryggi gesta og getur bætt upplifun þeirra og öryggistilfinningu. Þegar þetta er skrifað standa yfir frekari framkvæmdir á Haki við að lengja göngustíg meðfram rútbílastæði. Áætlað er að setja gangbraut við enda göngustígarins svo gestir geti gengið yfir veginn og inn á hann.

Úrbætur

Ganga þarf betur frá svæðinu fyrir framan starfsmannahús á Haki en það er hluti af framtíðarskipulagi svæðisins.

Þingvellir – Silfra og nærumhverfi

Gjáin Silfra er vatnsfyllt gjá innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Þar hefur verið stunduð köfun og yfirborðsköfun um árabil og þó nokkur fyrirtæki eru með starfsemi þar. Árið 2022 gengu rúmlega 306

Þúsund gestir að Silfru og fram í miðjan nóvember 2023 höfðu tæplega 324 þúsund gestir gengið þangað. Árið 2022 fóru rúmlega 64 þúsund gestir í Silfru. Um miðjan nóvember 2023 höfðu tæplega 74 þúsund manns kafað og yfirborðskafað í Silfru.

Silfra – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	9,67	9,67
Innviðir áfangastaðar	9,44	9,44
Verðmæti áfangastaðar	6,67	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	8,05	8,05

Breytingar á milli ára

Vöktunaráætlun vegna Silfru var sett í gang og fékk þjóðgarðurinn Hafrannsóknarstofnun til liðs við sig til þess að mæla styrk efna af náttúrulegum uppruna í gjánni auk þess sem lögð var áhersla á að mæla efni sem eru í manngerðu umhverfi og finnast ekki í náttúrunni.

Úrbætur

Vinna þarf að enn meiri endurheimt á gróðri þar sem rof hefur orðið í gróðurþekjunni en einnig þarf að græða upp hentistíga sem sjást sums staðar vel í landslaginu.

Þingvellir – Öxarárfoss

Öxarárfoss er einn af mest sóttu stöðum þjóðgarðsins á Þingvöllum. Árið 2022 gengu 718 þúsund manns að Öxarárfossi og fram í miðjan nóvember 2023 höfðu tæplega 805 þúsund manns gengið að honum. Frá Öxarárfossi er hægt að ganga út Stekkjargjá til norðurs í átt að Langastíg sem er hlaðinn stígur frá 19. öld. Engin vetrarþjónusta er á svæðinu en viðvörunarskilti vegna hálfu eru sett upp þegar líður á haust. Árið 2022 gengu tæplega 197 þúsund gestir á stígunum sem liggur að Langastíg og um miðjan nóvember 2023 höfðu tæplega 843 þúsund manns gengið um stíginn.

Öxarárfoss – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	9,67	9,67
Innviðir áfangastaðar	9,44	9,44
Verðmæti áfangastaðar	8,33	8,33
Heildareinkunn áfangastaðar	8,91	8,91

Breytingar á milli ára

Svæðið er að mjög miklu leyti í sama ástandi og það var fyrir ári síðan. Stígar eru vel skilgreindir sem verður til þess að gestir halda sig á þeim og gróður fær því að mjög miklu leyti að vera í friði. Eðlilegt viðhald á göngupalli hefur átt sé stað en gar stórar framkvæmdir.

Úrbætur

Halda þarf áfram að fylgjast vel með svæðinu og grípa inn í ef ástæða þykir til. Það væri meðal annars hægt að gera með því að loka svæðum eða afmarka þau til þess að minnka álag af völdum gesta. Auk þess þarf að fylgjast með sjálfsáðum furum sem koma upp af og til á svæðinu.

Miðhálandið

Friðland að Fjallabaki

www.ust.is/fjallabak

Friðland að Fjallabaki er víðfeðmt svæði, alls um 446 km² að stærð. Friðlandið er hluti af Torfajökulssvæðinu sem er einstakt jarðminjasvæði á heimsvísu. Innan friðlandsins er landið hálent og þar finnast mörg háhitasvæði sem eru sérstaklega viðkvæm fyrir ágangi. Umferð um svæðið er mikil og er þar ferðapjónusta allt árið um kring. Svæðið er undir miklu álagi vegna ágangs ferðamanna og liggur meginstraumur þeirra inn í Landmannalaugar. Landvarsla er í friðlandinu frá því það opnar í byrjun sumars og fram í október. Einnig er landvarsla í næsta nágrenni friðlandsins frá maí til september sem er gerð út frá starfstöðinni í Hrauneyjum.

Helsta ógnin við verndargildi svæðisins er álag á innviði og náttúru af völdum ferðamanna á viðkvæma náttúru ásamt akstri utan vega. Svæðinu er lokað á vorin á meðan snjóa leysir og frost fer úr jörðu.

Fjallabak – Hnausapollur

Hnausapollur, sem gengur einnig undir nafninu Bláhylur, er stór sprengigígur við veg nr. 208. Einstefnuvegur liggur upp á gígbarminn þar sem hægt er að leggja bílnum og ganga um svæðið. Bílastæði eru ekki afmörkuð. Vegvísir er við veg 208 en engin önnur skilti til staðar. Þetta er fjölsóttur staður þar sem hann er í alfararleið, en gestir staldra stutt við og álag virðist almennt lítið.

Hnausapollur - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	6,48	7,22
Innviðir áfangastaðar	5,42	5,42
Verðmæti áfangastaðar	8,00	8,00
Heildareinkunn áfangastaðar	6,98	7,14

Breytingar á milli ára

Litlar breytingar milli ára. Nokkuð var um utanvegaakstur við aðkomuveg sem og við gígbarminn, með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á ásýnd svæðis.

Úrbætur

Bæta þarf upplýsingagjöf á svæðinu og afmarka betur bílastæði svo ekki sé lagt alveg við gígbarminn. Stöðva þarf utanvegaakstur.

Fjallabak - Hrafninnusker

Hrafninnusker er öllu jafna fyrsti áfangastaður göngufólks á Laugaveginum. Þar rekur Ferðafélag Íslands tjaldsvæði og gistiskáli með þurrsalernum og nestisaðstöðu. Vegslóði liggur að skála Ferðafélagsins og er einungis ætlaður til að þjónusta skálann. Hrafninnusker er að mestu gróðursnautt en viðkvæm hverasvæði finnast í nágreninu. Mikil umferð ferðafólks er um staðinn yfir sumartímann og er talsvert ekið utan vega.

Hrafninnusker - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	6,30	6,30
Innviðir áfangastaðar	7,08	6,67
Verðmæti áfangastaðar	7,00	7,00
Heildareinkunn áfangastaðar	6,87	6,76

Breytingar á milli ára

Litlar breytingar milli ára.

Úrbætur

Koma í veg fyrir akstur utan vega með skýrari upplýsingum um akstursleiðir og takmörkun á akstri á svæðinu. Auka eftirlit og bæta upplýsingagjöf með skiltum og vegvísnum.

Fjallabak - Landmannahellir

Í Landmannahelli eru tjaldsvæði og fjallaskálar til útleigu og einkanota. Skáli landvarða er einnig í Landmannahelli. Nokkrar gönguleiðir liggja um og frá Landmannahelli. Hestaumferð er talsverð og aðstaða fyrir hesta er í gerði á svæðinu. Umferð um svæðið er mikil þar sem vinsælar hjóla-, göngu- og reiðleiðir liggja út frá Landmannahelli.

Landmannahellir - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	6,67	6,85
Innviðir áfangastaðar	6,43	6,46
Verðmæti áfangastaðar	6,33	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	6,43	6,65

Breytingar á milli ára

Stikuðum gönguleiðum var vel viðhaldið sumar 2023. Ræsi hefur verið sett í vað sem bætir aðgengi að svæðinu.

Úrbætur

Gera bílastæði ásamt áningarstað með fræðslu- og upplýsingaskiltum í samræmi við nýtt deiliskipulag svæðisins. Örlítil hækkun í ástandsmati skýrist af því að ákveðnir þættir voru ekki taldir eiga við svæðið sem áður hafa verið metnir.

Fjallabak - Landmannalaugar

Landmannalaugar eru vinsælasti viðkomustaður ferðamanna á miðhálandi Íslands allt árið um kring. Ferðafélag Íslands rekur þar gistaðstöðu í skála og tjaldsvæði ásamt salernisaðstöðu. Heit laug á svæðinu hefur mikið aðdráttarafl. Töluverð umferð hestafólks er um svæðið. Verslun og veitingasala er í rútum yfir sumartímamann og aðstaða fyrir starfsfólk í gámum. Margar gönguleiðir eru út frá Landmannalaugum og hefst ganga um Laugaveg þar, en jafnframt er mikið um daggesti sem fara í laugina eða styttri göngur. Landverðir eru með daglega upplýsingagjöf til ferðafólks í samstarfi við Ferðafélagið.

Talningar sýndu að heildarfjöldi bíla sem komu inn á svæðið jókst um 25% milli ára, eða úr 21.700 í 26.800. og á bilinu 450-500 bílar komu inn á svæðið daglega þegar mest var.

Landmannalaugar – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,15	7,78
Innviðir áfangastaðar	7,29	6,48
Verðmæti áfangastaðar	6,83	7,17
Heildareinkunn áfangastaðar	7,23	7,11

Breytingar á milli ára

Mikil aukning í gestafjölda á milli ára skapaði mikið álag á innviði svæðisins. Bílastæðið við Námskvísl er sprungið og er til mikilla ama alla daga sumarsins. Aðkomuvegur þrengist sífellt vegna rofs frá Jökulgilskvísl. Ný göngubrú var reist yfir Námskvísl og endurnýjaður laugarpallur bætir aðgengi fyrir gesti svæðisins.

Úrbætur

Einkunn Landmannalauga er heilt yfir ágæt, en þó er svæðið undir miklu álagi og nauðsynlegt að bregðast við því. Of mikil umferð er inn á svæðið sem hefur leitt til þess að komið er að þolmörkun. Ánægja gesta hefur fallið skarpt á liðnum árum, þá m.a. vegna þess að þeir telja of mikinn fjölda fólks vera á svæðinu. Ljóst er að grípa þarf inn í með takmörkunum ásamt úrbótum á bílastæði við Námskvísl í samræmi við gildandi deiliskipulag. Bæta þarf upplýsingaskilti þar sem fram koma upplýsingar um útivistarleiðir og náttúrufar svæðisins. Bæta þarf aðkomuleið inn að Landmannalaugum og sinna viðhaldi vega betur.

Fjallabak - Laugahringur

Laugahringur er fjölfarnasta gönguleiðin í friðlandinu og upphaf gönguleiðarinnar um Laugavegin. Gengið er frá Landmannalaugum á uppbyggðum stíg sem leiðir fólk í gegnum Laugahraun að Brennisteinsöldu,

Þar sem stígamót eru við ýmsar lengri gönguleiðir. Þaðan liggur leiðin til baka niður í gegnum Grænagil á stíg þar sem uppbyggingu er lokið að hluta til.

Laugahringur – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,78	7,96
Innviðir áfangastaðar	7,92	7,59
Verðmæti áfangastaðar	7,17	7,83
Heildareinkunn áfangastaðar	7,50	7,80

Breytingar á milli ára

Áfram var unnið í gerð göngustígs í hrauninu og er nú einungis einn kafli eftir við Grænagil til að ljúka hringnum. Mikil framför er í ástandi gróðurþekju á þeim svæðum þar sem stígagerð er lokið og villustígar margir horfnir.

Úrbætur

Ljúka þarf framkvæmdum við lokahluta hringleiðarinnar í hrauninu og niður í Grænagil. Setja þarf upp fræðslu og upplýsingaskilti við upphaf leiðarinnar og mögulega víðar. Koma þarf upp gönguleiðateljara við upphaf leiðar.

Fjallabak - Laugavegur

Gönguleiðin Laugavegur er fjölfarin hálendisgönguleið og einnig vinsæl hjólaleið. Gönguleiðin liggur frá Landmannalaugum niður í Þórsmörk. Hluti leiðarinnar er innan Friðlands að Fjallabaki og er hér gert ástandsmat á leiðinni frá Brennisteinsöldu að friðlandsmörkum sunnan við Hrafninnusker.

Laugavegur – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,04	7,41
Innviðir áfangastaðar	7,22	6,90
Verðmæti áfangastaðar	7,00	7,00
Heildareinkunn áfangastaðar	7,07	7,06

Breytingar á milli ára

Góður tími gafst til viðhalds á stikum og var leiðin öll endurmáluð. Kamrar í Hrafninnuskeri eru orðnir gamlir og daprir.

Úrbætur

Afmarka þarf útsýnisstaði og girða af viðkvæm svæði eins og hverasvæði. Samræma þarf upplýsingagjöf með fræðsluskiltum og merkingum

Fjallabak – Ljótípollur

Ljótípollur myndaðist í Veiðivatnagosinu árið 1477 og er talinn vera einn af þeim heillegustu og fegurstu. Ljótípollur er stutt frá F 208 og því í alfaraleið. Hægt er að ganga á gíginn ýmist frá vegi F208, frá bílastæði við rætur gígsins eða með því að aka upp á gígbarminn.

Ljótípollur - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	5,93	6,85
Innviðir áfangastaðar	6,67	7,14
Verðmæti áfangastaðar	8,00	8,00
Heildareinkunn áfangastaðar	7,20	7,53

Breytingar á milli ára

Utanvegaakstur um brekkuna milli efra og neðra bílastæðis virðist fara minnkandi.

Úrbætur

Afmá þarf vegslóðann í hlíð gígsins að vestan og stöðva þar frekara rof. Koma þarf í veg fyrir að ekið sé utan vega með meira viðhaldi á vegum að gígnum. Setja þarf upp fræðsluskilti og vegvísa.

Fjallabak - Rauðufossar og Rauðufossakvísl

Rauðufossar er vinsæll áfangastaður gesta sem fara um Dómadalsleið. Flestir ganga þá um kílómetersleið að fossinum frá bílastæði, en umferð upp með Rauðufossakvísl fyrir ofan fossinn að upptökum árinna hefur aukist á síðustu árum.

Rauðífoss – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,22	7,22
Innviðir áfangastaðar	8,33	8,61
Verðmæti áfangastaðar	7,83	7,83
Heildareinkunn áfangastaðar	7,84	7,92

Breytingar milli ára

Litlar sem engar breytingar urðu hér milli ára.

Úrbætur

Þörf að bæta fræðsluskilti við upphaf gönguleiðar og setja upp teljara.

Fjallabak – Stútur

Gígurinn Stútur varð til í Veiðivatnagosinu árið 1477 og er á syðri hluta um 60 km langrar gossprungu sem myndaðist í því gosi. Gönguleið liggur upp á gíginn frá vegi F208 og er hann því í alfaraleið.

Stútur – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	5,56	6,11
Innviðir áfangastaðar	4,76	5,21
Verðmæti áfangastaðar	5,33	6,00
Heildareinkunn áfangastaðar	5,23	5,81

Breyting milli ára

Jákvæðar breytingar milli ára í kjölfar aðgerða undanfarinna ára.

Úrbætur

Skoða þarf hvort bílastæði eigi að vera áfram á sama stað, setja upp upplýsingaskilti og vegvísa við gönguleiðir.

Fjallabak – Suðurnám

Suðurnám er um 920 metra hátt líparítfjall í norðurjaðri Torfajökulsöskjunnar. Vinsæl gönguleið liggur upp á fjallið frá vegi F224 og er hún metin hér. F224 liggur í Landmannalaugar og er því gönguleiðin í alfaraleið.

Suðurnám – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	5,74	7,04
Innviðir áfangastaðar	5,37	5,00
Verðmæti áfangastaðar	4,67	4,89
Heildareinkunn áfangastaðar	5,08	5,37

Breytingar á milli ára

Áfram er jarðvegsrof í gamalli leið upp fjallið. Gerð var ný leið upp á fjallið og hún stikuð.

Úrbætur

Ástand er verst þar sem gengið var upp á Suðurnám frá vegi F224 og þar er áfram töluvert rof í gangi. Framkvæmdir við gerð náttúrustígs voru hafnar 2021, en sú framkvæmd var stöðvuð af sveitarfélagi og ný leið fundin upp á fjallið. Setja þarf upp fræðsluskilti og endurnýja vegvísa. Bæta þarf aðgengi við veg F224 og skoða möguleika á að gera lítið bílastæði.

Fjallabak – Vondugiljaaurar og Brennisteinsalda

Norðan við Laugahraun eru stígamót þar sem hægt er að beygja inn á Vondugiljaaura. Er þar gengið eftir gróinni fjallshlíðinni, yfir votlendi og læki. Norðarlega á aurunum er hægt að ganga uppá Brennisteinsöldu og er þá farið um gróið en bratt svæði. Brennisteinsalda er eitt þekktasta kennileitið á svæðinu og vinsælt til myndatöku.

Vondugiljaaurar – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	5,93	4,67
Innviðir áfangastaðar	6,90	6,90
Verðmæti áfangastaðar	6,67	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	6,58	6,66

Breytingar á milli ára

Leiðin meðfram Brennisteinsöldu var lagfærð og pöllum bætt við yfir votlendi og læki.

Úrbætur

Bæta þarf vegvísa og merkingar við upphaf leiðar og á stígamótum. Fylgjast þarf vel með leiðinni upp á Brennisteinsöldu og bregðast við skemmdum.

Hveravellir

www.ust.is/hveravellir

Hveravellir eru friðlýst náttúruvætti efst á Kili. Innan verndarsvæðisins eru sérlega vatnsríkir og tærir hverir ásamt litskrúðugum útfellingum. Hveravellir eru sennilega helsti viðkomustaður ferðalanga sem leggja leið sína yfir Kjalveg ásamt Kerlingarfjöllum og flestir stoppa þar hluta úr degi. Hægt er að kaupa gistingu í skálum eða tjalda. Vinsælt er að baða sig í heitri laug sem hlaðin er við lækjarbakka og nýtir affallsvatn af hverasvæðinu. Umferð um Hveravelli er að langmestu leyti bundin við sumarið en þó er alltaf einhver vetrarumferð. Gestum fjölgaði úr um 30.000 í um 35.000 í ár á Hveravöllum.

Hveravellir – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	6,90	7,78
Innviðir áfangastaðar	8,70	7,67
Verðmæti áfangastaðar	5,78	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	6,80	7,52

Breytingar milli ára

Heildareinkunn áfangastaðarins hækkar nokkuð milli ára og skýrist það af því að landvarsla var aukin á Kili og innviðir lagaðir. Brú yfir á tjaldsvæði var löguð og göngupallur um hverasvæði einnig. Haft var samband

við minjavörð á Norðurlandi ásamt sveitarstjóra um að laga gamla sæluhúsið. Fjármagn hefur verið tryggt í verkið en ekki farið í það fyrr en næsta sumar.

Úrbætur

Lausaganga sauðfjár veldur álagi á friðlýstum jarðminjum svæðisins og samræmist það ekki verndarmarkmiðum. Því þarf að skoða hvort girða þurfi náttúruvættið af. Gamalt sæluhús og aðrar menningarminjar eru í slæmu ástandi og ráðast þarf í nauðsynlegt viðhald. Ágeng tegund uppgötvaðist innan verndarsvæðisins í sumar og er unnið að því að uppræta hana. Bæta þarf upplýsingagjöf til gesta um verndarsvæðið, menningarminjar og gönguleiðir með nýjum upplýsingaskiltum í samráði við Minjastofnun. Vinna þarf stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið.

Kerlingarfjöll

www.ust.is/kerlingarfjöll

Kerlingarfjöll eru mikill fjallaklasi suðvestur af Hofsjökli. Sumarið 2020 voru fjöllin og nærliggjandi landsvæði, alls 344 km², friðlýst sem landslagsverndarsvæði. Verndargildi svæðisins felst fyrst og fremst í jarðfræðilegri sérstöðu, óbyggðum víðernum og fögru landslagi ásamt miklum tækifærum til útivistar. Í dag er skíðafólk á svæðinu á vorin og snemma sumars, en eftir það er göngufólk í miklum meirihluta. Ferðamenska er að mestu leyti bundin við sumarmánuðina eftir að fjallvegir opnast um miðjan júní. Umferð er um svæðið fram eftir hausti, jafnvel inn í október, nóvember. Ávallt er einhver jeppaumferð á veturna á meðan færð leyfir. Mikil uppbygging hefur verið í gangi frá haustinu 2021 hjá rekstraraðilum í Ásgarði og var ný hálendismiðstöð opnuð sumarið 2023. Viðbúið er að umferð muni aukast nokkuð í kjölfarið og tímabil ferðamennsku í fjöllunum lengjast. Umferðarteljari gaf til kynna að um 29.000 gestir hafi heimsótt fjöllin sumarið 2022. Því miður þá gaf teljari við Kerlingarfjöll ekki upp tölur í ár en vel má áætla að gestir hafi verið amk 35.000 ef ekki fleiri ef miða má við Hveravelli.

Kerlingarfjöll – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,04	8,33
Innviðir áfangastaðar	5,93	6,21
Verðmæti áfangastaðar	6,67	8,33
Heildareinkunn áfangastaðar	6,54	7,76

Breytingar á milli ára

Umfangsmiklar framkvæmdir í Ásgarði höfðu mikil áhrif á ásjón svæðisins sumarið 2022. Heildareinkunn áfangastaðarins hækkar því nokkuð þar sem framkvæmdum er lokið og búið að tyrfa tjaldsvæði. Unnið var í lagfæringum á öllum gönguleiðum en mest í neðri Hveradölum þar sem þrepum var fjölgað og stígar bættir. Bætt var aðeins í landvörslu og sjálfbóðaliðar unnu með landvörðum í tvær vikur við lagfæringar á stígum. Hringleið var gerð að heitri laug og nýjum vegvísnum bætt á allar gönguleiðir. Auk þess var stikuð leið meðfram vegi frá Ásgarði að neðri Hveradölum. Aðstaða til upplýsingagjafar var útbúin fyrir landvörð inn í hálendismiðstöð. Vegur upp í Keis var lagaður en hann var illa farinn.

Úrbætur

Vinna þarf stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið en sú vinna er hafin. Klára þarf að velja liti á gönguleiðir og setja fleiri fræðsluskilti og kort því nokkuð var um að gestir væru að tynast á svæðinu. Unnið verður áfram að lagfæringum á stígum á næsta ári og að uppfæra kort og merkingar. Ákveða þarf framtíð skíðaskálans Kastala, sem er að grotna niður á svæðinu. Stækka þarf bílastæði við neðri Hveradali og finna hentugri lausn á landvarðaskála þannig að hægt verði að hafa tvo landverði á Kili yfir sumarið.

Lónsöræfi

www.ust.is/lonsoraefi

Friðland á Lónsöræfum er eitt af stærstu verndarsvæðum landsins, um 320 km² að flatarmáli. Háir fjallgarðar, víða yfir 1000 metra, mynda umgjörð friðlandsins á þrjá vegu, krýndir fönnum og jöklum sem senda frá sér skriðjökultungur. Svæðið var friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum í ársbyrjun 1977. Gönguteljari er á svæðinu, árið 2022 voru skráðir 656 gestir á svæðinu og árið 2023 var gestafjöldi 789. Landvarsla á svæðinu miðar við sirka tvo mánuði á ári en er háð veðri og færð.

Lónsöræfi – ástand	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	5,93
Innviðir áfangastaðar	7,67
Verðmæti áfangastaðar	8,33
Heildareinkunn áfangastaðar	7,65

Úrbætur

Ástandsmat var gert í fyrsta sinn árið 2023 og er því ekki til samanburður milli ára. Bæta þarf merkingar og búa til gönguleiðakort fyrir gesti í öryggisskyni.

Vatnajökulsþjóðgarður – Hálendi Skaftárhrepps

<https://vatnajokulsthodgardur.is>

Hálendi Skaftárhrepps innan Vatnajökulsþjóðgarðs ber þess merki að vera hluti gosbeltis. Umbrotahrinur og barátta elds og íss hafa mótað landslagið sem ber merki mikilla eldgosa á löngum gossprungum í SV-NA stefnu. Við slík gos undir jökli myndast móbergshryggir, eitt af einkennum svæðisins, ásamt gígaröðum og víðáttumikil hraun, sköpuð í gosum utan jökuls, standa sem minnismerki um átökin. Vegir liggja vítt um svæðið og umferð töluverð að sumrinu. Umhverfið er víða afar viðkvæmt fyrir raski, einkum þar sem mosi er ráðandi gróður og því mikilvægt að stýra umferð fólks eftir völdum leiðum. Skaftá setur líka gjarnan mark sitt, bæði á umhverfi sitt og ferðatilhögun gesta, með jökulhlaupum og því er ein af áskorunum í landvörslu svæðisins að tryggja öryggi gesta sem best.

Vatnajökulsþjóðgarður – Eldgjá

<https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/svaedin/laki-eldgja-langisjor>

Eldgjá er um 75 km löng gossprunga og nær frá Mýrdalsjökli langleiðina að Vatnajökli. Sá hluti gjárinnar sem í daglegu tali nefnist Eldgjá er um 8 km að lengd, 600 m á breidd og 150 m þar sem hún er dýpst. Stuttur afleggjari liggur af Fjallabaksleið nyrðri að bílastæði í Eldgjá. Stór hluti þeirra sem fara Fjallabaksleið nyrðri staldra við í Eldgjá, nýta salerni og nokkur hópur gengur inn að Ófærufossi, um 2,5 km leið. Þarna er einnig áningarstaður gönguhópa á leiðinni milli Sveinstinds og Hólaskjól. Gestakomur fylgja opnun vegar, vanalega frá miðjum júní fram í byrjun október. Sumarið 2023 komu um 7400 gestir að þjónustuhúsunum í Eldgjá.

Eldgjá – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	9,81	9,81
Innviðir áfangastaðar	9,26	9,26
Verðmæti áfangastaðar	8,67	8,67
Heildareinkunn áfangastaðar	9,07	9,07

Breytingar á milli ára

Breytingar nánast engar milli ára.

Úrbætur

Búið er að loka allnokkrum gömlum villustígum, en uppgræðslu þeirra er ekki lokið. Vinna við að græða upp gamla stíga heldur áfram.

Vatnajökulsþjóðgarður – Laki

<https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/svaedin/laki-eldgja-langisjor>

Fjallið Laki er móbergsfjall sem stendur upp úr Lakagígaröðinni, um 25 kílómetra langri gígaröð. Hún varð til í miklu gosi 1783 til 1784 sem er annað stærsta hraungos Íslandssögunnar. Gígarnir þykja einstakir á heimsvísu og eru í dag flestir þaktir mosagróðri sem gerir þá enn fegurri. Vinsæl gönguleið liggur yfir Laka, enda er þaðan frábært útsýni yfir gígaröðina. Einnig er þar stutt gestagata sem liggur í gegnum einn gíginn. Undir fjallinu er vatnssalerni og áningaraðstaða fyrir gesti, auk lítills dagskýlis þar sem landverðir geta hafst við yfir daginn og gestir nálgast upplýsingar. Um 7000 gestir sóttu Laka heim á tímabilinu júlí-september.

Laki – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	9,44	9,44
Innviðir áfangastaðar	8,33	8,70
Verðmæti áfangastaðar	8,33	8,33
Heildareinkunn áfangastaðar	8,57	8,67

Breytingar á milli ára

Lagfæring yfirstandandi á göngustíg sunnan og austan á Laka.

Úrbætur

Viðgerðir á göngustíg upp á Laka að sunnan/austan standa yfir og lýkur vonandi á komandi sumri. Mikil ummerki eru eftir gamla umferð vítt og breitt um gígana. Búið að loka villustígum en mikið er ógert í uppgræðslu á þeim. Uppgræðsla og mosaflutningar halda áfram jafnt og þétt.

Vatnajökulsþjóðgarður – Langisjór

<https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/svaedin/laki-eldgja-langisjor>

Starfsstöð VJÞ er við suðvesturenda Langasjávar, stöðuvatns í jaðri Vatnajökuls. Vatnið er um 20 km að lengd og 2 km þar sem það er breiðast. Þar er einfalt tjaldsvæði, salernishús og dagskýli fyrir landvörð. Hér hefjast gönguleiðir umhverfis Langasjó, um Fögrufjöll og vinsæl gönguleið á Sveinstind. Einnig er afmarkað og merkt bátalægi stutt frá þjónustuhúsinu. Sumarið 2022 komu um 3500 manns inn að Langasjó á tímabilinu júlí-september sem er um 40% aukning frá fyrra ári.

Langisjór – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	9,07	9,44
Innviðir áfangastaðar	8,96	8,54
Verðmæti áfangastaðar	9,33	10,00
Heildareinkunn áfangastaðar	9,18	9,49

Breytingar á milli ára

Litlar breytingar milli ára, endurnýjun smærri skilta og settur upp pallur við bátalægi.

Úrbætur

Þörf á að bæta í viðveru landvarðar á staðnum.

Vatnajökulsþjóðgarður – Tjarnargígur

<https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/svaedin/laki-eldgja-langisjor>

Tjarnargígur er hluti af Lakagígaröðinni, einstaklega fallegur gígur sem, eins og nafnið bendir til, skartar stöðuvatni í botninum. Frá bílastæðinu liggur stutt og greiðfarin gönguleið inn að barmi Tjarnargígs þar sem mjög fallett útsýni er yfir gíginn. Einnig er hægt að ganga hring sem liggur að stærstum hluta um stóra hrauntröð (Eldborgarfarveginn). Við bílastæðið er vatnssalerni og áningaraðstaða fyrir gesti, auk lítils dagskýlis þar sem landverðir geta hafst við yfir daginn og gestir nálgast upplýsingar. Um 5000 af þeim sem keyrðu Lakahringinn í sumar stöldruðu við í Tjarnargíg og gengu a.m.k. að útsýnispallinum á gígbarminum.

Tjarnargígur – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	9,44	9,44
Innviðir áfangastaðar	9,58	9,58
Verðmæti áfangastaðar	8,67	8,67
Heildareinkunn áfangastaðar	9,08	9,08

Breytingar á milli ára

Litlar breytingar milli ára.

Úrbætur

Mikil ummerki eftir gamla umferð vött og breitt um gígana. Búið að loka villustígum en mikið ógert í uppgræðslu á þeim. Uppgræðsla og mosaflutningar halda áfram jafnt og þétt.

Vatnajökulsþjóðgarður – Hálendið norðan Vatnajökuls

Flestir gestir koma á vélknúnum farartækjum á eigin vegum en einnig er nokkuð um ferðir undir leiðsögn ferðapjónustuaðila. Algengustu ferðaleiðir eru færar jepplingum, en einnig er mikið um torleiði sem krefjast sérútbúinna jeppabifreiða. Nokkur ásókn er í göngu milli gistiskála (Lónsöræfi-Snæfell og Öskjuvegur), en einnig hefur færst í vöxt að ofurhugar komi hjólandi eða fótgangandi í langferðum (t.d. “strönd til strandar”). Í hefðbundnu árferði er erlent ferðafólk stærstur hluti gesta að sumarlagi, en Íslendingar í vetrarferðum.

Almennt er gott aðgengi að svæðinu seinnipart júní, háönn júlí – ágúst og undanfarin ár að jafnaði verið fært fram í október. Innan áfangastaða að sumarlagi fara nánast allir gestir um gangandi. Þess utan krefjast heimsóknir á svæðið tækja eða útbúnaðar til ferðalaga á snjó. Að vori er svæðið óaðgengilegt vegna leysinga.

Vatnajökulsþjóðgarður - Askja

<https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/svaedin/odadahraun/natturutulkun-og-fraedsla/um-oskju>

Um 8 km langur afleggjari liggur frá þjónustusvæði í Drekgili að Vikraborgum í Öskju. Frá bílastæðinu er 2,3 km gangur að Víti og Öskjuvatni. Landvarsla á svæðinu er mjög virk og fræðsluferðir í boði daglega á háönn. Flestir gestir koma á vélknúnum farartækjum, en einstaka gestur kemur hjólandi (eftir vegi) eða gangandi (að norðan). Áætlaður gestafjöldi í Öskju 2023 var um 13.000 sem er örlítið minna en árið áður. Ákveðnir vankantar voru á talningu þetta árið svo hún er mögulega ekki eins nákvæm. Einnig er vitað að einhverjir gestir hættu við komu sína út af óvissustigi í Öskju vegna landrissins og umfjöllunar um það.

Askja – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	9,67	9,67
Innviðir áfangastaðar	8,52	8,52
Verðmæti áfangastaðar	8,00	9,11
Heildareinkunn áfangastaðar	8,49	9,07

Breytingar á milli ára

Litlar breytingar. Ekki náðist að klára skilti sem setja þarf upp til að bæta stýringu. Ný skilti komu á aðstöðuhús í Vikraborgum til að gestir átti sig á að þar sé hægt að fá upplýsingar.

Úrbætur

Setja þarf upp skýrari upplýsingar og leiðbeiningar áður en gengið er inn í Öskju og ganga betur frá nýju bílastæði þannig að ekki skapist umferðaröngþveiti með tilheyrandi skemmdum. Göngustígar eru almennt í góðu standi en nauðsynlegt að endurskoða aðkomu að Víti og stýra umferð betur. Hálendisvegum er viðhaldið eftir bestu getu en þörf er á langtímaaðgerðum á ákveðnum stöðum. Allar þessar úrbætur eru þegar í ferli og sumar langt komnar.

Vatnajökulsþjóðgarður – Drekgil

Í Drekgili er skilgreind hálendismiðstöð norðan Vatnajökuls. Þar er meginstarfsstöð landvarða á hálendi norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs. Flestir gestanna eru daggestir, en á svæðinu rekur Ferðafélag Akureyrar gistiskála og tjaldsvæði sem er stærsti næturdvalarstaður á hálendinu norðan Vatnajökuls. Sumarið 2023 byrjaði Ferðafélag Akureyrar með smávægilega veitingasölu í nýju aðstöðuhúsi. Flestir koma akandi (fært jepplingum), að austan um veg F910 (með viðkomu í Herðubreiðarlindum eða Krepputungu). Aðrir koma um torleiði, á breyttum bílum vestan úr Nýjadal (um Gæsavötn) eða að norðan um Suðurárbotna.

Drekgil – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,67	9,00
Innviðir áfangastaðar	9,33	8,89
Verðmæti áfangastaðar	8,11	8,11
Heildareinkunn áfangastaðar	8,47	8,51

Breytingar á milli ára

Aðkomuskilti sem sett voru upp lok sumars 2022 til að vísa gestum í Öskju eða í Nýjadal skiluðu hlutverki sínu vel. Uppstöðulóni við virkjun var breytt en það hefur ekki mikil áhrif þar sem það sést ekki frá þjónustusvæðinu. Aðstöðuhúsið var tekið í gagnið og var aðsókn mikil í það. Unnið er að því að setja upp fleiri skilti og vegvísa og stefnt að því að ljúka því sumarið 2024.

Úrbætur

Ásýnd þjónustusvæðis mætti vera heildstæðari, en byggingar eru margar og ólíkar að lit og gerð. Þrátt fyrir að á köflum hafi tekist mjög vel að fella vatnslögn inni í Drekgili að landslagi, stingur hún í stúf við umhverfið á afmörkuðum stöðum. Frekari úrbætur krefðust þó mikils jarðrasks eða nýrrar vatnsveitu sem vandséð er að yrði vistvænni en nú er.

Vatnajökulspjóðgarður – Herðubreiðarlindir

Herðubreiðarlindir urðu hluti af Vatnajökulspjóðgarði árið 2019 (hluti Herðubreiðarfriðlands frá 1974). Svæðið er 60 km sunnan þjóðveggar 1 og eru þrjú vöð á leiðinni. Flestir koma á vélknúnum farartækjum, en einstaka gestur kemur hjólandi. Landvarsla á svæðinu er virk og fræðsluferðir í boði daglega á háönn.

Viðdvöl gesta í Herðubreiðarlindum er mun skemmri en í Öskju en gestir stoppa yfirleitt stutt þar á leið sinni upp í Öskju. Tjaldsvæði voru opin, en aðsókn að þeim hefur minnkað og gestir virðast frekar kjósa að gista í Drekgili. Sumarið 2023 fóru er áætlaður fjöldi gesta í Herðubreiðarlindum 11.500

Herðubreiðarlindir – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,67	7,33
Innviðir áfangastaðar	7,67	8,15
Verðmæti áfangastaðar	6,67	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,15	7,73

Breytingar á milli ára

Innviðauppbýgging og áætlanagerð eru í vinnslu. Sumarið 2023 var sett upp hvítt aðstöðutjald fyrir gesti sem var ekki í miklu samræmi við annað á svæðinu. Sett voru upp bráðabirgðaskilti til að vísa veginn áfram í Öskju og aftur út á þjóðveg þar sem gestir eru stundum óvissir hvert skal stefna.

Úrbætur

Hafin er vinna við skilti sem verða sett upp árið 2024, sem og vinna við stjórnunar- og verndaráætlun.

Vatnajökulspjóðgarður – Holuhraun

Holuhraun varð til í eldgosi á árunum 2014 - 15. Vegur F910 liggur meðfram hrauninu norðanverðu. Flestir gestir koma akandi úr Drekgili, aðrir að vestan. Gönguleiðir hafa verið merktar í hrauninu, en utan þeirra ver hraunið sig sjálft sökum þess hve torfært það er. Verndargildi Holuhrauns er hátt og vöktun á ástandi mikilvæg. Vísindalegt gildi er hátt og mikil ásókn vísindamanna. Virk landvarsla er á svæðinu og fræðsluferðir í boði daglega á háönn.

Fjöldi gesta sem fer um svæðið hefur verið talinn frá 2015 og var mestur rétt eftir gos en hefur farið minnkandi. Sumarið 2023 komu þar um 2440 manns.

Holuhraun – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,67	8,67
Innviðir áfangastaðar	9,26	8,75
Verðmæti áfangastaðar	7,33	8,67
Heildareinkunn áfangastaðar	8,13	8,69

Breytingar á milli ára

Litlar breytingar á milli ára.

Úrbætur

Endurskoða og laga skiltakost til að bæta ásýnd svæðisins. Lagfæra sérhannaðar stikur á gönguleiðinni.

Vatnajökulsþjóðgarður – Hvannalindir

<https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/svaedin/odadahraun/naturutulkun-og-fraedsla/um-hvannalindir>

Þjónustusvæðið við Hvannalindir er við veg F903 í Krepputungu. Heldur hefur dregið úr fjölda þeirra sem heimsækja/keypa í gegnum svæðið síðustu ár. Sumarið 2023 fóru 1585 gestir í gegnum svæðið á 88 daga tímabili samkvæmt bílateljorum, en 2020 voru gestir 2400. Gestir ferðast um svæðið á jeppum. Vegur í Hvannalindir opnar um leið og gæsavarpí lýkur og eru gestir á svæðinu þar til vegir verða ófærir á haustin. Megnið af gestum er á svæðinu um háönn í júlí og ágúst og ferðast um svæðið á leið til eða frá Kverkfjöllum. Á bílastæði inn við rústir undir Kreppuhrygg, er upphaf þriggja stíkaðra gönguleiða og er sú sem liggur að rústum þeirra vinsælust.

Landverðir hafa aðsetur í Hvannalindum og sinna náttúruvöktun, fræðslu og eftirliti.

Hvannalindir – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,89	8,15
Innviðir áfangastaðar	9,05	9,05
Verðmæti áfangastaðar	8,00	8,00
Heildareinkunn áfangastaðar	8,47	8,31

Breytingar á milli ára

Mat á svæðinu lækkar lítillega af tveimur ástæðum. Mjög mikill utanvegaakstur varð á nærsvæðinu í sumar (á leið í Hveragil) og sífellt verður brýnna að endurskoða stefnuna sem er til fyrir svæðið, m.a. með tilliti til minjaverndar. Einnig hefur áætlun fyrir vernd minjanna sem unnin var 2015 ekki verið fylgt nægilega vel eftir.

Úrbætur

Brýn þörf er á að uppfæra og bæta upplýsinga- og fræðsluskilti og gönguleiðamerkingar. Forsendur hafa breyst nokkuð á síðustu árum, t.a.m. á eftir að merkja nýja gönguleið, suður Kreppuhrygg, með táknmyndum. Búið er að taka saman þær merkingar sem vantar og vinna þær, sem og ný skilti. Er í ferli sem hefur tekið heldur langan tíma. Endurskoða þarf áætlun um svæðið varðandi minjavernd og styrkja samráðið við Minjastofnun.

Vatnajökulsþjóðgarður - Snæfell gönguleið

<https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/svaedin/snaefell-lonsoraefi/natturutulkun-og-fraedsla/um-snaefellsoraefi>

Gönguleiðin á Snæfell er 1,5 km sunnan við þjónustusvæðið í Snæfellsskála (F909).

Snæfellssvæðið er það svæði þjóðgarðsins sem opnar síðast á sumrin vegna þess hversu snjóbungt það er. Algengt er að vegurinn opni í byrjun júlí og sé fær fram eftir hausti. Um 2500 manns heimsækja svæðið yfir sumartímamann. Landverðir eru á svæðinu frá því að vegir opna og þar til veiðitímabili lýkur 20. september. Fjöldi slóða og gönguleiða er á Snæfellsöræfum, sem einnig er afréttur og veiðisvæði. Veiðimenn eru tíðir gestir á svæðinu. Gönguleiðin á Snæfell er vinsælasti áfangastaðurinn á svæðinu, fyrir utan Snæfellsskála þar sem er gisting og tjaldsvæði. Teljara var bætt við uppgöngu á Snæfell og taldi hann 271 gest frá 8. júlí - 18. september. Gögn úr bílateljara sýndu 601 bíl miðað við 608 bíla 2022. Gistinóttum á tjaldsvæði fjölgaði á milli ára en fækkaði í skálanum enda voru allir hópar afbókaðir í sumar vegna viðhalds á skálanum. Samanlagt fækkaði gistinóttum um 129 á milli ára og voru 529 á árinu 2023.

Snæfell – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	9,63	9,00
Innviðir áfangastaðar	9,58	9,26
Verðmæti áfangastaðar	10,0	9,11
Heildareinkunn áfangastaðar	9,81	9,13

Breytingar á milli ára

Í fyrsta skipti er vetrarþjónusta inni í matinu, vegna aukningar á vetrarferðamennsku. Einnig eru reiðleiðir nú settar inn í matið. Ástandi gróðurs hrakar milli ára. Þörf er á meira fjármagni til uppbyggingar.

Úrbætur

Tryggja þarf nægjanlegt fé til reksturs og umsjónar á svæðinu.

Höfuðborgarsvæðið

Álafoss

www.ust.is/alafoss

Álafoss er náttúruvætti sem friðlýst var árið 2013. Friðunin verndar fossinn við Varmá og Álanesskóg sem er meðal elstu birkiskóga á höfuðborgarsvæðinu. Náttúruvættið er vinsælt útivistarsvæði. Svæðið er mikið nýtt af almenningi allt árið um kringum sem og af ferðamönnum. Það er stutt að fara fyrir ferðamenn sem eru að heimsækja Álafossreitinn.

Álafoss – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,52	8,52
Innviðir áfangastaðar	7,78	7,78
Verðmæti áfangastaðar	6,00	6,00
Heildareinkunn áfangastaðar	7,01	7,01

Breytingar á milli ára

Sveitarfélagið setti upp öryggishandrið á steiptan pall á svæðinu.

Úrbætur

Loka þarf villustígum. Halda þarf lúpínu og öðrum ágengum tegundum í skefjum. Hlúa þarf að menningarminjum sem eru á svæðinu. Setja þarf upp á svæðinu lítil kennileiti til að afmarka svæðið betur.

Ásfjall og Ástjörn

www.ust.is/asfjall

Ástjörn og Ásfjall í Hafnarfirði voru friðlýst sem fólkvangur árið 1996. Fólkvangurinn umlykur friðland Ástjarnar en tjörnin og svæðið umhverfis hana var friðlýst árið 1978. Fólkvangurinn er í þéttbýli og er vinsæll til útivistar allt árið um kring.

Ásfjall – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	5,42	6,19
Innviðir áfangastaðar	7,33	7,33
Verðmæti áfangastaðar	6,00	6,00
Heildareinkunn áfangastaðar	6,24	6,40

Breytingar á milli ára

Engar breytingar áttu sér stað árið 2023.

Úrbætur

Bæta þarf skipulag stíga á fjallinu, loka villustígum og auðkenna þær leiðir sem til stendur að nýta áfram með merkingum eða með því að bæta sýnileika þeirra. Afmarka þarf sérstakar hjólaleiðir ef umferð hjóla eykst á fjallinu. Nauðsynlega þarf að fara í átak til að stemma stigu við útbreiðslu lúpínu og annars ágengs gróðurs. Setja þarf skilti við bílastæðið Ásvallalaugar og skipuleggja aðkomu að svæðinu fyrir gesti sem koma keyrandi og gangandi frá því svæði. Setja þarf upp teljara.

Ástjörn

www.ust.is/astjorn

Ástjörn í Hafnarfirði og svæðið umhverfis hana var friðlýst sem friðland árið 1978. Tjörnin og svæðið umhverfis hana einkennist af mjög auðugu gróðurfari og dýralífi. Ástjörn er afar vinsælt svæði til útivistar fyrir almenning og ferðafólk allt árið um kring. Göngustígur liggur umhverfis tjörnina. Gangandi fólki er heimil för um svæðið en á varptíma fugla á tímabilinu 1. maí - 15. júlí takmarkast umferðin við gangandi fólk á stígum.

Ástjörn – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	5,83	5,83
Innviðir áfangastaðar	7,33	7,33
Verðmæti áfangastaðar	6,00	6,00
Heildareinkunn áfangastaðar	6,33	6,33

Breytingar á milli ára

Mikil lúpína og annar ágengur aðkomugróður er að dreifa sér um svæðið sem annars einkennist af votlendisgróðri og lágvöxnum gróðri í hrauninu. Unnið var að því að taka lúpínu upp með rótum. Traðk og rask á gróðri myndast þegar fólk er að stytta sér leið.

Úrbætur

Halda þarf áfram aðgerðum til að stemma stigu við lúpínu og öðrum ágengum tegundum plantna sem eru að dreifa sér inn í friðlandið. Endurnýja þarf skilti, bæði fræðsluskilti og bannskilti. Bæta þarf fræðslu- og upplýsingaskilti við Ásvallalaug. Stýra þarf betur umferð gesta á svæðinu. Auka þarf eftirlit landvarða á varp- og ungatíma. Setja þarf upp teljara til að telja hversu margir gestir heimsækja friðlandið. Setja þarf upp lítil kennileiti til að afmarka betur mörk friðlandsins.

Bakktjörn

www.ust.is/bakktjorn

Bakktjörn á Seltjarnarnesi var friðlýst sem friðland árið 2000. Friðlandið er mjög vinsælt útivistar- og fuglaskoðunarsvæði. Útivist er stunduð á svæðinu allt árið um kring og koma gestir ýmist gangandi,

hlaupandi eða hjólandi. Almenningi er heimil för um svæðið sé góðrar umgengni gætt. Á varptíma fugla, frá 1. maí – 1. júlí er umferð um friðlandið næst Bakkatjörn takmörkuð.

Bakkatjörn – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	6,25	6,25
Innviðir áfangastaðar	8,89	8,89
Verðmæti áfangastaðar	6,67	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,18	7,18

Breytingar á milli ára

Engar breytingar áttu sér stað árið 2023.

Úrbætur

Útbúa þarf tengistíg frá göngustíg sem liggur meðfram friðlandinu, að fuglaskoðunarhúsi, til að stýra betur umferð. Einnig þarf að loka villustígum. Setja þarf upp teljara til að telja hversu margir gestir heimsækja friðlandið. Setja þarf upp upplýsingaskilti um umgengi, bæta við staurum og kaðli til að koma í veg fyrir að fólk gangi á tjarnarbakkanum á varp- og ungatíma. Uppfæra þarf texta á skiltum til að samræma upplýsingar. Mikilvægt er að bæta landvörslu á varp- og ungatíma. Skoða þarf leiðir til að minnka gróðurskemmdir vegna bíla sem lagt er í vegköntum. Uppræta þarf ágengar tegundir á svæðinu. Setja þarf upp kennileiti til að afmarka betur mörk svæðisins.

Bessastaðanes

<https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudvesturland/bessastadanes/>

Bessastaðanes í Garðabæ var friðlýst sem friðland árið 2023. Bessastaðanes er hluti af alþjóðlega mikilvægu fuglasvæði við Skerjafjörð. Fuglalíf er fjölbreytt allt árið og svæðið er mikilvægur viðkomustaður farfugla og sjaldgæfra fuglategunda. Á svæðinu eru jafnframt fjölbreyttar fjörur og grunnsævi með auðugu lífríki sem eru mikilvæg fæðusvæði fugla. Merkilegar menningarminjar eru á svæðinu.

Bessastaðanes – ástand	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,14
Innviðir áfangastaðar	8,33
Verðmæti áfangastaðar	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	7,56

Úrbætur

Þar sem svæðið var friðlýst í lok júní 2023, á eftir að stofna samstarfshóp til að ræða mál friðlandsins. Skilgreina þarf gönguleiðir sem á að stika sem og mögulega reiðleið. Setja þarf upp skilti um umgengisreglur á svæðinu. Vinna þarf gegn ágengum tegundum.

Borgir

www.ust.is/borgir

Náttúruvættið Borgir var friðað 1981 vegna merkra ísaldarminja sem eru klapparholt með fjörugrjóti og vegna lífríkis. Friðlýsta svæðið er lítið og í miðri byggð í Kópavogi. Kópavogskirkja er í miðju náttúruvættisins en þó utan marka þess. Margir ganga í gegnum svæðið á hverjum degi og er umferð á svæðinu allt árið.

Borgir – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	6,67	6,67
Innviðir áfangastaðar	8,67	8,67
Verðmæti áfangastaðar	7,67	7,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,73	7,73

Breytingar á milli ára

Átak til að stöðva útbreiðslu óæskilegra tegunda (garðmarústakks) og ágengra tegunda (lúpínu) var aukið með aðstoð sjálfboðaliða frá verkefninu Grænni helgi. Landverðir eyða óæskilegum plöntum í náttúruvættinu á hverju ári.

Úrbætur

Uppfæra þarf skilti á svæðinu eða setja nýtt skilti frá Umhverfisstofnun til að leggja áherslu á að um náttúruvætti er að ræða. Bæta þarf merkingar innan svæðisins og marka leiðir að minjunum svo gestir geti skoðað þær. Áfram þarf að fylgjast með að ræktaðar tegundir úr görðum í nágrenninu sái sér ekki meira en þegar er orðið innan svæðisins. Einnig þarf að halda áfram að taka smáplöntur trjáa og saga niður stærri tré svo jarðminjarnar hverfi ekki í gróður. Huga þarf betur að rusli sem kemur frá kirkjuplani. Setja þar upp kennileiti til að afmarka svæðið betur.

Bringur

www.ust.is/bringur

Fólkvangurinn Bringur var friðlýstur 2014 en hann er partur af jörðinni Bringum í Mosfellsdal. Fólkvangurinn er nýttur til útivistar og um hann liggur vinsæl gönguleið, Skáldastígur. Einnig eru þarna búsetuminjar og Kaldakvísl með fallegum fossum s.s. Helgufoss. Gestir svæðisins eru aðallega af höfuðborgarsvæðinu en einnig erlent ferðafólk. Útivist er stunduð þar allt árið, mikið er af göngufólki og hlaupurum jafnframt sem náttúruskoðun er vinsæl.

Bringur – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	5,42	5,83
Innviðir áfangastaðar	5,56	5,56
Verðmæti áfangastaðar	6,11	6,11
Heildareinkunn áfangastaðar	5,82	5,90

Breytingar á milli ára

Villustígum hefur fjölgað og traðk eykst sérstaklega í brekkum við áнна og Helgufoss. Sveitarfélagið er að laga og bæta göngustíg að og við Helgufoss, framkvæmdir eru hafnar. Upplýsingaskilti Umhverfisstofnunar hefur verið fjarlægð.

Úrbætur

Loka þarf villustígum, lagfæra og stika stíga, gera þarf þrep í brekkur og bæta við stikum þar sem þær eru horfnar. Girða þarf tóftirnar af til að hlífa þeim við traðki vegna ágangs hrossa ef halda á áfram að beita hrossum á svæðinu. Laga þarf traðk eftir hesta við brýr. Auka þarf eftirlit. Veg frá Þjóðvegi að Bringum þarf að heflla.

Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá

www.ust.is/burfell

Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá voru friðlýst árið 2020 sem náttúruvætti. Hluti af svæðinu er einnig innan Reykjanesfólkvangs sem var friðlýstur 1975. Náttúruvættið er við höfuðborgarsvæðið og er í landi Garðabæjar. Náttúruvættið er kjörið til umhverfisfræðslu og rannsókna en það er einnig gríðarlega vinsælt útivistarsvæði allt árið, ekki síst vegna nálægðar þess við þéttbýli höfuðborgarsvæðisins. Einnig sækja ferðamenn á svæðinu í náttúruvættið í náttúruskoðun og útivist.

Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,92	8,75
Innviðir áfangastaðar	6,67	6,88
Verðmæti áfangastaðar	6,67	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	6,93	7,16

Breytingar á milli ára

Verktaki hóf lagfæringu göngustíga í kringum og á Búrfelli í vor og eru framkvæmdirnar enn í gangi. Öðrum villustígum var lokað eða þeir afmáðir. Hafin er uppbygging í tengslum við stjörnuskoðun við bílastæði svæðisins á vegum Garðabæjar.

Úrbætur

Vinna þarf stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Brýnt er að ljúka við lagfæringu á núverandi stíg, marka hvar gengið er á gíginn og loka villustígum. Merkingar mætti bæta með því að uppfæra skilti í samræmi við ákvæði friðlýsingar og koma upp upplýsingaskilti um að lausaganga hunda sé bönnuð. Mikilvægt er að halda lúpínu og öðrum óæskilegum gróðri s.s. sígrænum trjám í skefjum til að vernda nútímahraunin og fjölbreyttan náttúrulegan staðargróður sem þar er að finna. Auka þarf viðveru landvarða á svæðinu, bæta upplýsingagjöf og stýringu mismunandi hópa sem sækja svæðið á sama tíma.

Fjaran við Kasthúsatjörn

www.ust.is/fjaranvidkasthusatjorn

Aðliggjandi fjara við Kasthúsatjörn á Álftanesi í Garðabæ var friðlýst sem fólkvangur árið 2002. Fjaran og aðliggjandi sjávarsvæði eru sérstaklega áhugaverð og vinsæl til náttúruskoðunar svo sem fugla- og fjöruskoðunar. Almennigur heimsækir svæðið allt árið um kring. Góður stígur liggur meðfram svæðinu á mörkum fólkvangsins sem nýtist til útivistar.

Fjaran við Kasthúsatjörn - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	6,67	6,67
Innviðir áfangastaðar	8,00	8,00
Verðmæti áfangastaðar	7,00	7,00
Heildareinkunn áfangastaðar	7,20	7,20

Breytingar á milli ára

Engar breytingar áttu sér stað árið 2023.

Úrbætur

Afmarka þarf betur bílastæði svæðisins og setja upp móttökuskilti. Hægt væri að sameina upplýsinga- og fræðsluskilti með korti fyrir bæði friðland (Kasthúsatjörn) og fólkvang. Bæta þarf aðgengi að fjörunni og upp á sjóvarnargarð, jafnvel setja upp útsýnispall. Auka þarf landvörslu.

Fossvogsbakkar

www.ust.is/fossvogsbakkar

Fossvogsbakkar voru friðaðir 1999 sem náttúruvætti til verndar sjávarsetlögnum sem eru frá lokum ísaldar. Fossvogsbakkarnir eru við Skerjafjörð og í landi Reykjavíkurborgar. Náttúruvættið er afar vinsælt útivistarsvæði en það tengir saman tvö vinsæl útivistarsvæði í Fossvogsdal, Nauthólsvík og Öskjuhlíð. Góðir stígar liggja við svæðið og malarstígur eftir því endilöngu. Almennigur notar svæðið til útivistar og náttúruskoðunar allt árið. Ferðamenn sækja líka á svæðið.

Fossvogsbakkar – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,50	7,50
Innviðir áfangastaðar	7,33	7,33
Verðmæti áfangastaðar	6,00	6,00
Heildareinkunn áfangastaðar	6,68	6,68

Breytingar á milli ára

Engar breytingar áttu sér stað árið 2023.

Úrbætur

Setja þarf upp skilti sem vara við hraphættu og hrunchættu og benda á örugga útsýnisstaði og loka þarf villustígum sem liggja fram á brúnir. Stemma þarf stigu við ágengum og þekjandi tegundum innan svæðisins og setja fram aðgerðaáætlun. Mikilvægt er að fylgjast vel með umgengni og ruslahaugum og hreinsa rusl jafnóðum.

Garðahraun neðra og efra, Vífilstaðahraun

www.ust.is/gardahraun

Fólkvangurinn var friðlýstur 2014, hann nær yfir stór og falleg hraunsvæði Búrfellshrauns og votlendi við Vífilstaði. Hann er í landi Garðabæjar. Góðir stigar liggja um svæðið. Svæðið er afar vinsælt útivistar- og náttúruskoðunarsvæði í þéttbýli og mikið notað af almenningi og ferðafólki allt árið.

Garðahraun, Vífilsstaðahraun– ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,14	7,14
Innviðir áfangastaðar	9,52	9,44
Verðmæti áfangastaðar	6,33	6,33
Heildareinkunn áfangastaðar	7,36	7,34

Breytingar á milli ára

Kominn er nýr göngustígur neðan Urriðaholts við Svína- eða Vífilstaðahraun. Óæskilegur gróður var fjarlægður af atvinnubótaveginum í sumar.

Úrbætur

Bæta þarf merkingar á svæðinu til að stemma stigu við lausagöngu hunda og koma í veg fyrir akstur vélknúinna farartækja á stígum. Bæta þarf skilti um fólkvanginn og ný mörk hans.

Hefta þarf útbreiðslu trjágróðurs á svæðinu auk lúpínu og kerfils. Gera þarf aðgerðaáætlun og halda þessum tegundum í skefjum til að vernda náttúrulegan gróður á svæðinu og um leið upplifun.

Gálgahraun

www.ust.is/galgahraun

Gálgahraun var friðlýst árið 2009 sem friðland og er um að ræða mikilvægt fuglasvæði. Hraunið er nyrsti partur Búrfellshrauns. Almennigur sækir mikið á svæðið til útivistar og náttúruskoðunar allt árið um kring.

Gálgahraun– ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,22	7,22
Innviðir áfangastaðar	9,17	9,17
Verðmæti áfangastaðar	7,33	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	7,81	7,81

Breytingar á milli ára

Stikur eru sum staðar að týnast í gróðri eða þarf að bæta í svo leiðir sjáist vel. Einnig eru að myndast villustígar.

Úrbætur

Uppfæra þarf fræðslu- og upplýsingaskilti þannig að það sýni hvað er friðlýst svæði á kortinu. Bæta þarf stýringu gesta, til að draga úr neikvæðum áhrifum á fuglalíf. Stemma þarf stigu við lausagöngu hunda í friðlandinu. Laga þarf stíga þar sem komnir eru margir samhliða stígar og traðk. Einnig þarf að endurnýja stikur og viðhalda þeim sem fyrir eru.

Skoða þarf mótvægisáðgerðir vegna lúpínu til að koma í veg fyrir að hún skjóti rótum innan friðlandsins, einnig þarf að fylgjast með trjágróðri.

Gróttta

www.ust.is/grotta

Gróttta á Seltjarnarnesi var friðlýst sem friðland árið 1974. Friðlandið er vinsælt fuglaskoðunar-, útivistar- og norðurljósaskoðunar svæði. Í næsta nágrenni eru önnur vinsæl útivistarsvæði og við jaðar þeirra liggur fjölfarin göngu- og hjólaleið. Heimafólk og erlent ferðafólk heimsækja svæðið allt árið. Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 1. maí til 15. júlí. Hundar er bannaðir í Gróttu allt árið um kring.

Gróttta – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,29	7,29
Innviðir áfangastaðar	8,67	8,67
Verðmæti áfangastaðar	7,56	7,56
Heildareinkunn áfangastaðar	7,80	7,80

Breyting á milli ára

Sett var upp lokun á eyjunni á varptíma í ár. Unnið var að upprætingu á kerfli og hvönn.

Úrbætur

Setja þarf upplýsinga- og fræðsluskilti með korti af friðlandinu og afmörkun þess ásamt merkingum um drónabann við aðkomu að friðlandinu. Afmarka þarf betur göngustíga til að koma í veg fyrir óþarfa traðk og villuslóða. Setja þarf upp tröppur með palli til að fólk komist upp á sjóvarnargarðiinn og sjái yfir svæðið. Meta þarf ástand menningarminja. Mikilvægt að halda áfram að halda ágengum plöntum í skefjum t.d. kerfli. Bæta þarf merkingar og lokun á svæðinu til að loka eyjunni á varptíma.

Hamarinn

www.ust.is/hamarinn

Hamarinn var friðlýstur sem náttúruvætti árið 1984. Hann er í þéttbýli og nýtur vinsælda sem útivistarsvæði. Takmarkaðir innviðir eru innan svæðisins. Almennigur heimsækir svæðið allt árið.

Hamarinn – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,62	7,62
Innviðir áfangastaðar	8,67	8,67
Verðmæti áfangastaðar	6,67	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,41	7,41

Breyting á milli ára

Villustígum hefur fjölgað á svæðinu sem og traðk aukist við göngustíga. Umferð hjólandi hefur jafnframt aukist á svæðinu. Unnið var að upprætingu lúpínu og lítilla trjáplantna.

Úrbætur

Efst á toppnum eru ágætt skilti og útsýnisskífa en engir stígar liggja þar á milli. Þar sem engir eiginlegir stígar liggja um stóran hluta svæðisins er nokkuð um traðk. Loka þarf óþarfa villustígum og hlífa svæðum sem liggja undir ágangi. Mikill skógur af furu, greni og lauftrjám er að vaxa upp á náttúruvættinu. Ef jökulsorfnir klettur og útsýni eiga að vera aðgengileg í framtíðinni verður að halda þessari miklu sjálfsáningu trjáplantna í skefjum. Setja þarf upp aðkomuskilti við bílastæði til að auka vitund um verndargildi svæðisins.

Hleinar

www.ust.is/hleinar

Hleinar í Hafnarfirði voru friðlýstir sem fólkvangur árið 2009. Svæði er að mestu hraun og strandlengja. Töluverðar búsetuminjar eru á svæðinu. Vegurinn skiptir svæðinu í tvennt, hraun í byggð og strönd við

bílastæðið. Fólkvangurinn er vinsælt útivistarsvæði í næsta nágrenni við þéttbýli og er notaður allt árið um kring sem slíkur.

Hleinar – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	6,19	6,19
Innviðir áfangastaðar	6,11	6,11
Verðmæti áfangastaðar	5,33	5,33
Heildareinkunn áfangastaðar	5,72	5,72

Breyting á milli ára

Íbúar virða ekki lóðamörk og losun rusls og garðúrgangs frá nærliggjandi einkalóða innan fólkvangsins hefur aukist. Tré eru að vaxa og dreifast meira innan fólkvangsins. Utan vega akstur hefur aukist á svæðinu.

Úrbætur

Afmarka þarf gönguleiðir samkvæmt gildandi deiliskipulagi, til að hlífa viðkvæmum svæðum fyrir ágangi. Bæta þarf við skiltum. Mikið er af minjum á svæðinu sem eru í hættu vegna vaxtar gróðurs og skemmdarverka og við þær vantar upplýsingaskilti. Einkalóða- og fólkvangsmörk eru óskýr fyrir gesti og íbúa og valda árekstrum. Lagt er til að sett verði upp á svæðinu lítil kennileiti til að afmarka betur mörk fólkvangsins. Loka þarf fyrir umferð um malarkamb frá bílastæði og við hundasvæði í Garðabæ til að stöðva akstur utan vega. Stemma þarf stigu við útbreiðslu óæskilegra trjá- og plöntutegunda og veiða þarf mink. Auka þarf eftirlit.

Hlið

www.ust.is/hlid

Fólkvangurinn Hlið var fyrst friðlýstur 2002 og svo stækkaður árið 2020. Hann er staðsettur á Álftanesi í landi Garðabæjar. Markmið friðlýsingarinnar er að tryggja landsvæði til útivistar og almenningsnota og að vernda fuglalíf, búsvæði fugla og líffræðilega fjölbreytni. Almennur sækir svæðið til útivistar og náttúruskoðunar allt árið um kring.

Hlið – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	5,42	5,42
Innviðir áfangastaðar	8,89	8,89
Verðmæti áfangastaðar	5,67	5,67
Heildareinkunn áfangastaðar	6,48	6,48

Breytingar á milli ára

Akstur utan vega átti sér stað á svæðinu. Nærliggjandi rekstraraðili fór í jarðvinnu innan fólkvangsins án leyfis Umhverfisstofnunar. Efni var losað við sjóvarnargarð.

Úrbætur

Endurnýja þarf skilti sem eru farin að láta á sjá. Stemma þarf stigu við lúpínu og kerfil sem vaxa á svæðinu. Gera þarf stjórnunar- og verndaráætlun til að stýra aðgengi almennings á svæðinu. Koma þarf í veg fyrir utan vega akstur í fólkvanginum með greinilegum lokunum og vinna að endurheimt gróðurs. Ná þarf samkomulagi um að nærsamfélag virði mörk fólkvangsins. Endurskoða þarf legu rafmagnsgirðinga hestabeitahólfa með tilliti til fuglaverndar og aðgengi gesta. Setja þarf upp á svæðinu lítil kennileiti til að afmarka betur mörk svæðisins.

Hvaleyrarlón

www.ust.is/hvarleyrarlon

Hvaleyrarlón og Hvaleyrarhöfði voru friðlýst sem fólkvangur árið 2009. Fólkvangurinn er í jaðri byggðar í Hafnarfirði. Svæði við Hvaleyrarlón er vinsælt til útivistar og fuglaskoðunar en við jaðar þess er að finna golfvöll. Almennur heimsækir svæðið allt árið um kring.

Hvaleyrarlón - ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	6,19	6,19
Innviðir áfangastaðar	8,33	8,33
Verðmæti áfangastaðar	6,67	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,02	7,02

Breyting á milli ára

Engar breytingar á milli ára.

Úrbætur

Við Hvaleyrina mætti bæta fræðsluskilti um varpsvæðið sem myndi draga úr ágangi fólks á varpsvæðinu. Merkja þyrfti gönguleið um svæðið þar sem gert yrði ráð fyrir útivistarleið til að stýra umferð fólks um svæðið og koma í veg fyrir ágang á viðkvæm lífríkissvæði. Gera þarf stjórnunar- og verndaráætlun. Auka þyrfti viðveru landvarða á varptíma, m.a. til að veita fræðslu sbr. friðlýsingaskilmála. Stemma þarf stigu við útbreiðslu óæskilegra plöntutegunda á Hvaleyrarlónshöfða.

Kaldárhraun og Gjárnar

www.ust.is/kaldarhraun

Náttúruvættið var friðlýst árið 2009 og er í landi Hafnarfjarðarbæjar. Svæðið einkennist af hraunbreiðum með gjám og fallegum hraunmyndunum. Þetta er afar vinsælt útivistar- og náttúruskoðunarsvæði. Gangandi, hlaupandi, hjólandi og fólk á hestum sækir þangað allt árið um kring.

Kaldárhraun og Gjárnar – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	4,81	4,81
Innviðir áfangastaðar	6,19	6,19
Verðmæti áfangastaðar	7,33	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	6,50	6,50

Breyting á milli ára

Engin breyting á milli ára.

Úrbætur

Merkja þarf stíga og loka villustígum til að stoppa traðk og akstur á mosa og viðkvæmum gróðri á svæðinu. Vinna þarf að eyðingu ágengra plantna og þeirra sem ekki eiga heima á svæðinu, t.d. útbreiðslu sjálfháðra trjáa, sem gengur á móti friðlýsingaskilmálum. Koma þarf í veg fyrir að farið sé á hestum inn í gjárnar þ.e. út fyrir útivistarveginn, t.d. með lokunum og skiltum. Endurnýja þarf upplýsinga- og fræðsluskilti. Stöðva þarf utan vega akstur bíla upp á gjárnar.

Kasthúsatjörn

www.ust.is/kasthusatjorn

Kasthúsatjörn og umhverfi hennar á Álfanesi í landi Garðabæjar var friðlýst árið 2002 sem friðland til að vernda tjörnina með fjölskrúðugu fuglalífi hennar og lífríki. Tjörnin býr yfir líffræðilegri fjölbreytni og er ákjósanleg til rannsókna og fræðslu. Í dag er svæðið vinsælt útivistar- og fuglaskoðunarsvæði. Umferð fólks um friðlandið er takmörkuð á varptíma frá 1. maí til 1. júlí.

Kasthúsatjörn – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,50	7,50
Innviðir áfangastaðar	7,22	7,22
Verðmæti áfangastaðar	7,00	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,17	6,99

Breytingar á milli ára

Hestabeit hafði meiri áhrif á gróður í ár.

Úrbætur

Vinna þarf stjórnunar- og verndaráætlun. Bæta þarf landvörslu og fræðslu. Skilgreina þarf betur reglur um hestabeit í friðlandinu á varp- og ungatíma og taka tillit til árferðis. Afmarka þarf bílastæði svo að bílar leggi ekki á reið- og gönguleið. Uppfæra þarf skilti. Bæta þarf fræðslu um neikvæð áhrif lausagöngu hunda og katta á varp- og ungatíma fugla.

Laugarás

www.ust.is/laugaras

Laugarás var friðlýstur sem náttúruvætti árið 1982. Náttúruvættið er í Reykjavík og hefur mikið gildi sem útivistarsvæði í miðri íbúðarbyggð. Almennigur notar svæðið til að komast milli staða en einnig til útivistar og náttúruskoðunar allt árið um kring.

Laugarás – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,10	8,10
Innviðir áfangastaðar	7,33	7,33
Verðmæti áfangastaðar	7,33	7,00
Heildareinkunn áfangastaðar	7,49	7,32

Breytingar á milli ára

Töluvert af úrgangi er hent inn á svæðið frá nærliggjandi húsum.

Úrbætur

Viðhalda þarf sýnileika jarðminjanna. Stemma þarf stigu við lúpínu innan svæðisins og passa að trjágróður vaxi ekki yfir jarðminjar. Skilgreina þarf stíga og halda þeim við, bæta þarf stígum á svæðið og loka villustígum. Passa þarf upp á úrgangslosun á svæðinu. Setja þarf upp á svæðinu lítil kennileiti til að afmarka betur mörk svæðisins.

Maríuhellar við Vífilstaðahraun

www.ust.is/gardahraun

Svæðið er lítið með nokkrum hellum í Heiðmörk og er partur af stærri fólkvangi. Afar mikil umferð er um svæðið þar sem gestir, sem eru ýmist gangandi, hlaupandi og hjólandi, eiga leið hjá, en almenningur notar þetta svæði mikið til útivistar allt árið um kring.

Maríuhellar við Vífilstaðahraun – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,14	7,14
Innviðir áfangastaðar	6,00	6,67
Verðmæti áfangastaðar	6,67	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	6,59	6,77

Breytingar á milli ára

Aukin umferð er um svæðið vegna útivistar. Garðabær endurgerði gönguleið. Bílar aka út fyrir malarbílastæði og valda tjóni á gróðri.

Úrbætur

Búa þarf til nýja stíga til að leiða hlaupara, göngufólk og hjólafólk fram hjá svæðinu og loka villustígum. Það þarf að endurnýja skilti á svæðinu. Eyða þarf óæskilegu plöntum á svæðinu.

Rauðhólar

www.ust.is/raudholar

Rauðhólar og nágrenni þeirra í landi Reykjavíkur voru friðlýstir sem fólkvangur árið 1974. Svæðið er safn gervígiga innan votlendis. Fólkvangurinn er vinsælt útivistarsvæði við bæjardyrnar og í næsta nágrenni við Heiðmörk og Elliðavatn. Svæðið er mikið notað af almenningi og ferðamönnum allt árið um kring.

Rauðhólar – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	5,71	5,71
Innviðir áfangastaðar	5,42	5,42
Verðmæti áfangastaðar	5,56	5,56
Heildareinkunn áfangastaðar	5,55	5,55

Breytingar á milli ára

Umferð hestamanna og hjólandi gesta um votlendissvæðið hefur aukist, gróður hefur skemmst og fleiri villustígar myndast. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið er í vinnslu.

Úrbætur

Vinna þarf eftir nýju deiliskipulagi fyrir göngu-, hjóla- og reiðstíga, bílastæði og fl. á svæðinu. Stika og merkja stíga og loka slóðum. Merkja þarf og afmarka reiðleið sem liggur um svæðið. Koma þarf í veg fyrir umferð utan stíga. Stýra þarf betur umferð um votlendissvæðið þannig að umferð raski ekki lífríki. Bregðast þarf við lúpinu á svæðinu, uppræta stakar plöntur og slá stærri breiður

Stekkjahraun

www.ust.is/stekkjahraun

Stekkjahraun í Hafnarfirði var friðlýst árið 2009. Fólkvangurinn er vinsælt útivistarsvæði í byggð og almenningur heimsækir svæðið árið um kring.

Stekkjahraun – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	6,67	6,67
Innviðir áfangastaðar	7,78	7,78
Verðmæti áfangastaðar	6,67	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	6,97	6,97

Breyting á milli ára

Gott stígakerfi liggur um svæðið en eitthvað er um að fólk fari út fyrir stíga og hafa því myndast villustígar. Sjálfstjórnir eru að vaxa og dreifa sér meira innan fólkvangsins. Mikið rusl er á svæðinu sérstaklega við skólann.

Úrbætur

Engar merkingar eru á svæðinu sem sýna að um friðlýst svæði sé að ræða. Gera þarf upplýsinga- og fræðsluskilti með kortum af fólkvanginum, mörkum hans og öðrum fróðleik um svæðið. Einhverjar smávægilegar gróðurskemmdir eru á svæðinu sem fylgja traðki utan stíga. Loka þarf villustígum og styttingum. Taka þarf ákvörðun um hve miklu af þessu svæði skal lagt undir trjágróður. Halda þarf trjáplöntum í skefjum og uppræta lúpínu.

Tröllabörn

www.ust.is/trollaborn

Náttúruvættið Tröllabörn í landi Kópavogsbæjar var friðlýst árið 1983. Náttúruvættið einkennist af sérkennilegum hraundrylum (hornító) í Leitahrauni. Lítið bílastæði, fræðsluskilti og stuttur malarborinn stígur taka á móti gestum, sem eru mjög fjölbreyttur hópur, m.a. skólahópar, ferðafólk og útivistarfólk sem hjólar og gengur meðfram svæðinu allt árið um kring.

Tröllabörn – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	5,42	6,25
Innviðir áfangastaðar	6,67	6,67
Verðmæti áfangastaðar	5,67	6,33
Heildareinkunn áfangastaðar	5,88	6,41

Breytingar á milli ára

Vegaframkvæmdir eru á mörkum náttúruvættis. Svæðið var afgirt að hluta til að vernda svæðið gegn utan vega akstri. Unnið var að upprætingu lúpínu. Gönguleið var stikuð. Sumarbústaður við mörk svæðisins hefur grafið niður einhverja þró inni á friðlýstasvæðinu án leyfis Umhverfisstofnunnar.

Úrbætur

Loka þarf villustígum sem hafa myndast og afmarka bílastæði betur. Bæta mætti merkingar á svæðinu en svæðið hefur mikið fræðslugildi. Endurgera þarf skilti við svæðið, fjármagn tryggt af Landsáætlun 2023. Halda þarf áfram að uppræta lúpínu við mörk náttúruvættisins. Setja þarf upp á svæðinu lítil kennileiti til að afmarka svæðið betur.

Tungufoss

www.ust.is/tungufoss

Tungufoss í Mosfellsbæ var friðlýstur sem náttúruvætti árið 2013. Svæðið er vinsælt til útivistar og náttúruskoðunar allt árið. Gestir koma gangandi inn á svæðið.

Tungufoss – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,50	7,50
Innviðir áfangastaðar	8,67	8,67
Verðmæti áfangastaðar	5,00	6,00
Heildareinkunn áfangastaðar	6,52	7,04

Breytingar á milli ára

Göngustígur (tröppur) sem var lagður sunnan megin við ána dró úr áhrif gangandi við brekkuna. Ásýndin er því betri og dregið hefur úr gróðurskemmdum.

Úrbætur

Laga þarf skilti Umhverfisstofnunar sem er á staðnum. Tryggja þarf að hestaumferð fari ekki út fyrir reiðstíga og þannig inn á friðlýsta svæðið. Mosfellsbær hefur kortlagt útbreiðslu ágengra tegunda innan sveitarfélagsins og er aðgerðaáætlun í vinnslu. Stemma þarf stigu við lúpínu, bjarnarkló, kerfli og öðrum ágengum og þekjandi plöntum sem eru áberandi á svæðinu. Laga þarf kant meðfram nýju tröppunum og huga þarf að að bættu aðgengi að svæðinu hinu megin árinna. Setja þarf upp á svæðinu lítil kennileiti til að afmarka svæðið betur.

Valhúsahæð

www.ust.is/valhusahaed

Valhúsahæð á Seltjarnarnesi var friðlýst sem náttúruvætti árið 1998. Á Valhúsahæð er rákað berg eftir ísaldarjökul. Á svæðinu eru einnig merkilegar minjar. Náttúruvættið er staðsett í miðri íbúðarbyggð við útivistarsvæði þar sem er að finna fótboltavöll og frísbíggvöll. Engir innviðir eru á svæðinu nema eitt fuglaskilti. Almennigur sækir svæðið heim allt árið um kring.

Valhúsahæð – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,22	7,22
Innviðir áfangastaðar	8,33	8,33
Verðmæti áfangastaðar	6,67	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,23	7,23

Breyting á milli ára

Engar breytingar hafa átt sér stað á milli ára.

Úrbætur

Bæta þarf stýringu gesta um svæðið til að koma í veg fyrir rask og skemmdir, þ.m.t. skemmdir á menningarminjum. Deiliskipulag gerir ráð fyrir göngustíg inn á svæðið sem vert væri að leggja. Engar merkingar eru við svæðið sem gefa til kynna að um friðlýst svæði sé að ræða eða fræðsluefni um verndargildi þess. Setja þarf upplýsinga- og fræðsluskilti og aðkomuskilti. Mikilvægt er að halda gróðri úr nálægum görðum í skefjum og stöðva vöxt trjáa þar sem flóra svæðisins er afar fjölbreytt og falleg. Fjarlægja þarf lúpínu með rótum.

Varmárósar

www.ust.is/varmarosar

Varmárósar í Mosfellbæ voru fyrst friðlýstir árið 1980 sem friðland og var friðlýsingin endurskoðuð árið 2012. Árið 2021 var friðlandið stækkað. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda og viðhalda fitjasefi (*Juncus gerardii*) og búsvæði þess, fitjum og búsvæðum fugla sem þar er. Stígur liggur meðfram byggð við Leirvog inn á friðlandið og er svæðið vinsælt til útivistar, náttúru- og fuglaskoðunar allt árið um kring.

Varmárósar – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	6,67	6,67
Innviðir áfangastaðar	9,33	9,33
Verðmæti áfangastaðar	8,67	8,67
Heildareinkunn áfangastaðar	8,43	8,43

Breyting á milli ára

Akstur utan vega tíðkast á svæðinu og hefur aukist mikið frá fyrra ári. Ítrekað er rusli frá hesthúsasvæði hent inn á svæðið s.s. skítur og moð.

Stjórnunnar og verndaráætlun fyrir svæðið er í kynningaferli.

Úrbætur

Gera þarf ný skilti með nýjum friðlandsmörkum, reglum og fræðslu. Gera mætti stíga á útjöðrum friðlandsins og fuglaskoðunarstaði með fræðslu. Stöðva þarf lausagöngu hunda og utan vega akstur.

Ágengar og óæskilegar tegundir eru í mikilli útbreiðslu mjög nálægt fitjasefinu sem halda þarf áfram að uppræta með því að gera markvissa áætlun sem fylgt er um eyðingu þessara plantna. Skoða þarf mörk friðlandsins til að fylgja gildandi friðlýsingarskilmálum.

Vífilsstaðavatn

www.ust.is/vifilsstadavatn

Vífilsstaðavatn og nágrenni í Garðabæ var friðlýst sem friðland árið 2007. Friðlandið er vinsælt fugla- og útivistarsvæði í jaðri höfuðborgarsvæðisins með tengingu við önnur útivistarsvæði. Mikið er um

fuglaskoðun og ljósmyndun á svæðinu og einnig er vatnið vinsælt hjá veiðimönnum. Flórigoðar verpa á svæðinu og strangari reglur gilda á varp- og ungatíma. Almennur og ferðafólk heimsækja svæðið allt árið um kring. Árið 2023 heimsóttu mikill fjöldi geta svæðið, en teljari sem staðsettur er á gönguleið við vatnið hefur talið rúmlega 105.000 ferðir framhjá. Vitað er að hluti gesta fara fleiri en eina ferð framhjá teljaranum í hverri heimsókn.

Vífilsstaðavatn – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,52	8,52
Innviðir áfangastaðar	7,08	7,08
Verðmæti áfangastaðar	6,67	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,17	7,17

Breytingar á milli ára

Lítill sem engin breyting á milli ára.

Úrbætur

Bæta þarf eftirlit á svæðinu á varptíma fugla. Loka þarf villustígum og stöðum þar sem fólk stytir sér leið að óþörfu. Fuglaskoðun, ljósmyndun og veiðimenn valda miklu álagi á svæðinu milli stígs og vatns og marka þyrfti betur hvar má vera og hvar ekki svo traðk á gróðri og truflun minnki. Finna þarf leið til að ná jafnvægi á notkun friðlandsins, notkun svæðisins til íþróttaiðkunar hefur aukist og er farið að hafa áhrif á aðra notendur. Ljúka þarf frágangi við nýja stíginn að Grunnvötnum. Endurnýja þarf brú á svæðinu sem er orðin fúin. Grisja þarf gróður við stíg við botn vatnsins.

Víghólar

www.ust.is/vigholar

Náttúruvættið Víghólar var friðlýst 1983 og er í miðri byggð í Kópavogsbæ. Þar er að finna jökulsorfnar grágrýtisklappir eða hvalbök, frá lokum ísaldar. Svæðið er mikið notað af almenningi til útivistar allt árið um kring.

Víghólar – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	6,19	6,19
Innviðir áfangastaðar	9,17	9,17
Verðmæti áfangastaðar	6,89	6,89
Heildareinkunn áfangastaðar	7,36	7,36

Breytingar á milli ára

Traðk er enn að aukast mikið á svæðinu sem og villustígar t.d. við sjónskífu. Mörk náttúruvættisins eru ekki virt á einum stað og hluti fólkvangsins lítur út eins og einkalóð.

Úrbætur

Skýra þarf mörk náttúvættisins fyrir íbúum, þar sem lóðir liggja að því, en lóðamörk eru ekki alltaf virt. Bregðast þarf við garðaúrgangi og öðru drasli frá lóðum sem losaður er inn á náttúruvættið. Brýnt er að sett verði upp á svæðinu lítil kennileiti til að afmarka betur mörk svæðisins til að skýra hvar mörk náttúruvættisins eru. Uppfæra þarf fræðsluskilti sem eru ágæt en gamaldags.

Bera þarf ofan í stíga og gera vatnsrásir. Afmarka þarf betur göngustíga til að koma í veg fyrir að farið sé út fyrir þá og loka þarf eitthvað af þeim mörgu villustígum sem hafa myndast á svæðinu. Fara þarf í aðgerðir til að koma í veg fyrir að gróður vaxi yfir jarðminjar. Uppræta þarf lúpínu og annan ágengan og þekjandi gróður.

Suðvesturland

Bláfjallafólkvangur

Bláfjallafólkvangur er 90,4 km² að stærð og var friðlýstur árið 1973. Hann liggur að mestu í upplandi Kópavogs. Bláfjallafólkvangur er vinsæll allt árið um kring. Á veturnar sem áfangastaður skíðafólks en á sumrin fyrir bæði göngu- og fjallahjólafólk. Ferðafólk heimsækir einnig áfangastaðinn Þríhnjúkagíga. Stór hluti fólkvangsins er jafnframt hluti af vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Í fólkvanginum er að finna náttúruvættið Eldborg í Bláfjöllum sem er friðlýst ásamt hluta af Drottningarfelli sem er austan megin við það.

Bláfjallafólkvangur – Skíðasvæði

www.ust.is/blafjallafolkvangur

Í fólkvanginum er skíðasvæðið vestan megin við Bláfjöll. Á svæðinu eru lyftur af mismunandi gerðum og lengd. Ekki er fullljóst hve margir gestir heimsækja svæðið árlega, mikill fjöldi stundar skíðin á veturna en svæðið þar í kring er einnig mjög vinsælt á sumrin.

Skíðasvæði – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,04	7,04
Innviðir áfangastaðar	8,00	8,00
Verðmæti áfangastaðar	5,00	5,00
Heildareinkunn áfangastaðar	6,24	6,24

Breytingar á milli ára

Talsvert hefur verið framkvæmt, m.a. við bílastæði og við skíðalyftu. Framkvæmdir eru í gangi vegna snjóframleiðslu. Við hefðbundin eftirlit komu í ljós framkvæmdir sem unnar hafa verið án leyfis.

Mikið rusl er inni á svæðinu. Ruslið verður mjög áberandi þegar snjóá leysir. Utanvegaakstur hefur aukist á svæðinu, bannskilti hafa verið tekin niður vegna framkvæmda við gönguskiðasvæðið og ekki sett upp aftur.

Úrbætur

Bæta þarf frágang eftir vetrarstarfsemina og eftir framkvæmdir. Nota þarf staðargróður til að endurheimta raskað svæði, þar sem það á við. Vinna þarf stjórnunar- og verndaráætlun fyrir fólkvanginn og aðgerðaáætlun til að láta skíðasvæðin falla betur að náttúrunni. Bæta þarf ásýndina og upplifun gesta sem heimsækja svæðið að sumri.

Bæta þarf aðkomuskilti sem segir að skíðasvæðið sé innan marka fólkvangsins og upplýsinga- og fræðsluskilti um sérstöðu náttúrufrýrbæra sem finna má í fólkvanginum. Auka þarf viðveru landvarða og bæta upplýsingagjöf. Fylgjast þarf vel með akstri utan vega.

Bláfjallafólkvangur – Þríhnúkagígur

www.ust.is/blafjallafolkvangur

Þríhnúkar eru innan Bláfjallafólkvangs og tilheyra lögsögu Kópavogsbæjar. Þríhnúkar eru staðsettir á hálendisbrúninni ofan við Heiðmörk í Kóngslandi, um 4 km norðvestur af Bláfjöllum. Þríhnúkagígur er gíghvelfing í norð-austasta hnúki Þríhnúka þar sem mosavaxin hraun einkenna svæðið. Þríhnúkar eru aðgengilegir með göngustíg frá skíðasvæði. Í gíghvelfingunni er afmörkuð stutt hringleið.

Þríhnúkagígur – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	8,33	8,33
Innviðir áfangastaðar	9,44	9,44
Verðmæti áfangastaðar	8,78	8,78
Heildareinkunn áfangastaðar	8,86	8,86

Breytingar á milli ára

Engar breytingar áttu sér stað á milli ára.

Úrbætur

Fylgjast þarf vel með traðki meðfram gönguleið sem tengir Þríhnúkagíg og skíðasvæðið. Bæta mætti við staurum og köðlum í kafla á göngustígnum. Vinna þarf stjórnunar- og verndaráætlun fyrir fólkvanginn.

Eldborg í Bláfjöllum

www.ust.is/eldborgiblafjollum

Eldborg var friðlýst sem náttúruvætti árið 1971 og er einn þriggja gíga af eldborgargerð hjá Kóngsfelli. Á svæðinu er mosavaxin gjallgígur, hraun og hluti af fjallinu Drottningu. Eldborg er vinsælt útivistarsvæði bæði meðal almennings og ferðamanna allt árið um kring.

Eldborg í Bláfjöllum – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	5,24	5,71
Innviðir áfangastaðar	8,33	8,33
Verðmæti áfangastaðar	8,67	8,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,86	7,96

Breytingar á milli ára

Stikur voru yfirfarnar, nýjar settar þar sem þurfti og allt málað aftur.

Úrbætur

Bæta þarf umsjón á svæðinu og fylgjast með að ekki myndist fleiri villustígar jafnvel með mosaígræðslu. Setja þarf mól í stíga á blautum köflum. Endurgera þarf skilti og bæta við korti með merktum gönguleiðum.

Viðhalda þarf stikum árlega og bæta við hærri vetrarstikum þar sem snjór safnast fyrir. Vinna þarf stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.

Eldborgir undir Geitahlíð

www.ust.is/eldborgvidgeitahlid

Eldborgir undir Geitahlíð voru friðlýstar sem náttúruvætti árið 1987. Náttúruvættið er gígaröð í Reykjanesfólkvangi í landi Grindavíkurbæjar. Eldborgir eru vinsælar sem útivistarsvæði fyrir almenning og ferðamenn, einkum að sumri.

Eldborgir undir Geitahlíð – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	6,25	6,67
Innviðir áfangastaðar	8,33	8,33
Verðmæti áfangastaðar	7,00	7,00
Heildareinkunn áfangastaðar	7,20	7,29

Breytingar á milli ára

Sjálfbóðaliðar á vegum Umhverfisstofnunar unnu í stígagerð frá bílastæði að gígnum í Stóru Eldborg. Stikum var bætt við hringleið í kringum gígn og út að Litlu Eldborg, þær sem fyrir voru endurmálaðar.

Úrbætur

Setja þarf upp fræðslu- og upplýsingaskilti með korti við bílastæði Stóru Eldborgar. Fylgjast þarf með hvernig gígurinn þolir þróun svæðisins. Tryggja þarf fjármagn til að viðhalda gönguleið í náttúruvættinu. Bæta þarf við táknmyndum upp á gígnum til verndar jarðminjum. Gott væri að auka gildi hringleiðar með meiri fræðslu t.d. skiltum.

Herdísarvík

www.ust.is/herdisarvik

Herdísarvík í Ölfusi var friðlýst sem friðland árið 1988. Á sumrin er nokkuð um að ferðafólk heimsæki svæðið þó það sé ekki í alfaraleið. Almennigur sækir á svæðið vegna fuglalífs, minja og til að fara í berjamó.

Herdísarvík– ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	5,19	5,93
Innviðir áfangastaðar	6,67	6,67
Verðmæti áfangastaðar	7,33	7,00
Heildareinkunn áfangastaðar	6,70	6,68

Breytingar á milli ára

Fleiri lokanir vegna utan vega aksturs voru settar upp. Hraun- og fjöruhreinsanir fóru fram í sumar og í haust.

Úrbætur

Bæta þarf aðkomuskilti og fræðsluskilti t.d. með mörkum friðlandsins. Engir skipulagðir stígar eru um svæðið en gamlir stígar eru til staðar frá því búseta var á svæðinu. Bæta þarf merkingar við bílastæði og gönguleiðir til að stýra umferð um svæðið, hlífa viðkvæmum hlutum þess og bæta upplifun gesta.

Meta þarf þörf fyrir innviði og uppbyggingu svæðisins með tilliti til hversu mörgum gestum svæðið á að þjóna. Æskilegt er að slíkt verði gert í tengslum við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar. Auka þarf viðveru landvarða til að bæta verndun og auka fræðslu.

Litluborgir

www.ust.is/litluborgir

Náttúruvættið er í landi Hafnarfjarðarbæjar og innan Reykjanesfólkvangs. Svæðið er mosavaxið hraun, hraunborgir og gervigígar með dropasteinum. Einhver umferð er um svæðið af útivistarfólki allt árið en sennilega þó minnst að vetri.

Litluborgir – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	6,11	6,19
Innviðir áfangastaðar	7,78	10,00
Verðmæti áfangastaðar	6,67	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	6,85	7,47

Breytingar á milli ára

Gerð var stikuð gönguleið um svæðið og stöðum lokað til að vernda gróður. Töluverðar skemmdir eru á gróðurþekju innan svæðisins, en það má rekja til ratleiks sem var með merki inn á þessu litla náttúruvætti á stað þar sem ekki var neinn átroðningur fyrir.

Úrbætur

Meta þarf hvort aukið álag, vegna gesta, er að auka skemmdir. Koma þarf í veg fyrir trað er tengist ratleik.

Setja þarf upp upplýsinga- og fræðsluskilti, um friðun og um hversu viðkvæmt svæðið er, t.d. við upphaf gönguleiðar að Helgafelli á bílastæði. Stjórnar og verndaráætlun er í vinnslu.

Reykjanesfólkvangur

www.ust.is/reykjanesfolkvangur

Reykjanesfólkvangur var friðlýstur árið 1975 og er er 292,62 km² að stærð. Jarðfræðileg fjölbreytni er mikil s.s. gígaraðir, jarðhiti, hraun, grösugir balar og vellir. Í Krísvíkurbjargi er að finna mikla sjófuglabyggð. Á svæðinu er að finna minjar s.s. vinnslu brennisteins, búskapar og verstöðvar. Innan Reykjanesfólkvangs er fjöldi gönguleiða og fornar þjóðleiðir. Á svæðinu er skipulagt tjaldsvæði við Krókamýri. Svæðið er mjög vinsælt meðal útivistafólks, ljósmyndara og ferðafólks. Veiði er í vötnum innan svæðisins. Stjórn Reykjanesfólkvangs fer með umsjón og rekstur svæðisins. Inni í fólkvanginum eru einnig tvö náttúruvætti: Eldborgir undir Geitahlíð og Litluborgir.

Reykjanesfólkvangur – Helgafell

Helgafellið er hár móbergsstapi og er meðal vinsælustu útivistarstaða á höfuðborgarsvæðinu. Mikil umferð er á svæðinu allt árið um kring af gangandi, hlaupandi og hjólandi fólki. Á fyrstu 11 mánuðum ársins 2023 voru komnar 17.236 heimsóknir á svæðið.

Helgafell – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	5,93	5,93
Innviðir áfangastaðar	6,04	6,04
Verðmæti áfangastaðar	6,00	6,00
Heildareinkunn áfangastaðar	6,00	6,00

Breytingar á milli ára

Engar breytingar voru á svæðinu milli ára.

Úrbætur

Uppfæra þarf upplýsinga- og fræðsluskilti með korti af svæðinu um mörk fólkvangsins. Afmarka þarf gönguleiðir og stika þær til að stýra umferð, til verndar lífríkis og af öryggisástæðum. Koma þarf í veg fyrir smávörðuhleðslur og krot á jarðminjum með fræðslu, jafnframt því sem fjarlægja þarf það sem nú er komið. Eyða þarf lúpínu. Vinna þarf stjórnar- og verndaráætlun fyrir svæðið.

Reykjanesfólkvangur – Krísvíkurbjarg

www.ust.is/reykjanesfolkvangur

Krísvíkurbjarg er stórt fuglabjarg innan Reykjanesfólkvangs í landi Hafnarfjarðar. Áfangastaðurinn er vinsælt útivistarsvæði. Bæði innlendir sem erlendir ferðamenn heimsækja svæðið allt árið um kring en þó er mest um heimsóknir á sumrin.

Krýsuvíkurbjarg – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	6,30	6,30
Innviðir áfangastaðar	5,33	5,33
Verðmæti áfangastaðar	7,00	7,00
Heildareinkunn áfangastaðar	6,40	6,40

Breytingar á milli ára

Vegna jarðskjálfta er stöðugt að hrynja úr bjarginu og nýjar sprungur að myndast sem getur aukið hættu á svæðinu.

Úrbætur

Bæta þarf merkingar á staðnum og setja upp upplýsinga- og fræðsluskilti. Stefnt er á að afmarka og færa bílastæði, gera útsýnispall (hefur verið frestað vegna jarðskjálfta og hruns) og leggja gönguleiðir til að stýra umferð um svæðið. Framkvæmdirnar munu einnig takmarka akstur utan vega við bjargið. Hafnarfjarðarbær stefnir að því að bæta innviði á svæðinu samkvæmt nýlegu deiliskipulagi. Framkvæmdir eru í endurskoðun vegna sprungna sem hafa myndast á svæðinu. Vinna þarf stjórnunar- og verndaráætlun og auka viðveru landvarða.

Reykjanesfólkvangur – Leiðarendi

www.ust.is/reykjanesfolkvangur

Hraunhellirinn Leiðarendi er innan Reykjanesfólkvangs í upplandi Hafnarfjarðarbæjar. Bílastæði er við Bláfjallaveg og göngustígur liggur á milli bílastæðis og hellisops. Fjöldi gesta, innlendra sem erlendra, heimsækja staðinn árlega en ferðaþjónustufyrirtæki selja ferðir í hellinn auk þess sem fólk heimsækir hann á eigin vegum.

Leiðarendi – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,92	7,92
Innviðir áfangastaðar	7,50	7,50
Verðmæti áfangastaðar	5,67	5,67
Heildareinkunn áfangastaðar	6,63	6,63

Breytingar á milli ára

Keðjur sem settar voru inn í helli til að hlífa dropasteinum eru slitnir. Ennþá er verið að krota inn í hellinu.

Úrbætur

Endurnýja þarf keðjur sem hlífa því sem eftir er af dropasteinum. Bæta þarf fræðslu um umgengni og öryggismál í og við hellinn. Bæta þarf stýringu gesta um hellinn, bæði hvar er gengið og hve stórir hópar mega heimsækja hann í einu. Umhverfi hellisins hefur látið mikið á sjá og gróðurskemmdir eru áberandi í

kringum stíginn sem liggur að honum og í kringum hið nýgerða bílastæði. Lagfæra þarf gróðurskemmdir með mosaflutningi. Auka þarf viðveru landvarða við Leiðarenda.

Reykjanesfólkvangur – Seltún

www.ust.is/reykjanesfólkvangur

Seltún er fallett hverasvæði við Krýsuvíkurveg í landi Hafnarfjarðar í hjarta Reykjanesfólkvangs. Svæðið er afar vinsælt bæði meðal almennings og ferðamanna allt árið um kring. Á fyrstu 11 mánuðum ársins 2023 voru komnar 252.532 heimsóknir á svæðið.

Seltún – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	7,67	7,67
Innviðir áfangastaðar	8,10	8,33
Verðmæti áfangastaðar	7,00	7,00
Heildareinkunn áfangastaðar	7,44	7,50

Breytingar á milli ára

Unnið var í stígakerfi, pallar voru endurnýjaðir í kringum hverasvæði og bætt var við útsýnispalli. Vinna við gönguleið stendur enn yfir. Salerni þyrftu að vera opin allt árið.

Úrbætur

Vinna þarf stíg að Píni. Endurnýja þarf tákmyndir í kringum hverasvæði Pínir. Bæta þarf upplýsingar um að áfangastaðurinn sé í Reykjanesfólkvangi og upplýsa um friðunina. Meta þarf hvort þörf sé á aukinni landvörslu.

Reykjanesfólkvangur – Sogin og nærumhverfi

www.ust.is/reykjanesfólkvangur

Sogin eru hverasvæði í landi Grindavíkurbæjar. Svæðið er vinsælt meðal göngufólks allt árið um kring. Gönguleiðin Reykjavegur liggur um svæðið.

Sogin og nærumhverfi – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	3,33	3,33
Innviðir áfangastaðar	5,83	5,83
Verðmæti áfangastaðar	6,33	6,33
Heildareinkunn áfangastaðar	5,57	5,57

Breytingar á milli ára

Umferð jókst mikið á svæðinu í sumar, bæði almenningur og skipulagðar gönguferðir. Aukin vitneskja um svæðið og nálægð við gossvæðið í Fagradal hefur einnig aukið umferð um Sogin. Akstur utan vega jókst í ár vegna eldgos nr. 3, sem var norðar en það fyrra, en margir keyrðu utan vega þarna í gegn til að komast á gossvæði. Sett höfðu verið upp allur akstur bannaður skilti á nokkrum stöðum á svæðinu og lokanir með böndum og staurum sem fólk fór samt framhjá.

Úrbætur

Setja þarf upp upplýsingaskilti um svæðið og leiðbeiningar um hegðun. Laga þarf malarveg sem liggur að borholuplani en hann er oft í slæmu ástandi og nánast ófær, jafnvel fyrir stóra jeppa. Koma þarf í veg fyrir akstur utan vega. Athuga hvort þörf sé á að stika eina leið frá borholuplani yfir til Djúpavatns til að bæta stýringu. Endurnýja þarf stikur sem hafa fallið á þeim stikuðu leiðum sem eru á svæðinu.

Reykjanesfólkvangur - Stapar og fjaran við Kleifarvatn

www.ust.is/reykjanesfolkvangur

Staparnir og nærliggjandi fjörur við Kleifarvatn eru í landi Grindavíkurbæjar. Svæðið er mikið notað við myndatökur. Svæðið er jafnframt vinsæll áfangastaður ferða- og útivistarfólks allt árið um kring.

Stapar og fjaran við Kleifarvatn – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	3,75	3,75
Innviðir áfangastaðar	6,00	6,00
Verðmæti áfangastaðar	6,33	6,33
Heildareinkunn áfangastaðar	5,70	5,70

Breytingar á milli ára

Akstur utan vega er mjög mikill og er sífelld að aukast. Sett var girðing meðfram veginum við „Indíanafjöru“ en bílar geta enn ekið niður í fjöru.

Úrbætur

Afmarka þarf fleiri bílastæði/útskot meðfram þjóðvegi, meðal annars þar sem rampar liggja niður í fjöru, með því að loka þeim og gera þá að bílastæðum. Afmarka þarf betur malarsvæði norðan megin við Kleifarvatn (við Lambahagatjörn) þannig að ekki sé stundaður utanvegaakstur þar. Bæta þarf merkingar á staðnum og setja upp skilti og frekari upplýsingar um bann við akstri utan vega við hliðina á veginum. Afmarka þarf leið frá bílastæði að ákveðnum útsýnistöðum. Auka þarf aðgerðir til að uppræta lúpínu á svæðinu. Auka þarf viðveru og virka eftirfylgni landvarða til að taka á ólöglegu athæfi á svæðinu, s.s. áletrana á jarðminjar, ólöglegri næturdvöl og utan vega akstri.

Reykjanesfólkvangur – Vigdísarvellir og Vigdísarvallaleið

www.ust.is/reykjanesfolkvangur

Á Vigdísarvallaleið er stórbrotið landslag með mosavöxnum hraunum og gígum, umkringdum fjöllum og hamrabeltum. Svæðið er vinsælt allt árið.

Vigdísarvellir og Vigdísarvallaleið – ástand	Einkunn 2022	Einkunn 2023
Skipulag áfangastaðar	5,42	5,42
Innviðir áfangastaðar	5,19	5,19
Verðmæti áfangastaðar	4,00	4,00
Heildareinkunn áfangastaðar	4,62	4,62

Breytingar á milli ára

Aukinn vitneskja um svæðið og nálægð við gossvæðið hefur aukið umtalsvert umferð um Vigdísarvallaleið. Akstur utan vega jókst enn meira vegna eldgos nr. 3 í Fagradalsfjalli en margir keyrðu þarna utan vega í gegn til að komast á gossvæði. Að auki er svæðið notað sem leiksvæði fyrir ýmis farartæki og er því um að ræða miklar skemmdir á náttúru svæðisins. Settar hafa verið upp nokkrar mjög áberandi „allur akstur bannaður“ lokanir sem ekki voru virtar og fleiri skilti. Töluvert var af förum vegna ólöglegs akstur utan vegar á nýjum svæðum. Rakað var yfir för á stórum svæðum en því miður voru ný för eftir hringakstur komin viku síðar.

Úrbætur

Vegur kom illa undan vetri sem leiddi til enn meiri utan vega aksturs. Leita þarf leiða til að koma í veg fyrir akstur utan vega og taka á honum. Loka þar förum með landmótun á mörgum stöðum. Fara þarf í viðhald á stikum við gönguleiðir. Skoða möguleika á að merkja búsetuminjar og koma upp fræðsluefni um þær. Fara þarf í mótvægisáðgerðir gegn lúpínu áður en hún breiðir meira úr sér. Laga þarf gamlar efnisnámur svo minna beri á þeim. Skoða þarf uppgræðsluverkefni innan marka fólkvangsins í heild og halda fund með hagsmunaaðilum til að koma í veg fyrir að plastmenguðum úrgangi sé dreift á svæðinu eða úrgangi menguðum af fræjum plantna sem ekki eiga heima á svæðinu.

Lokaorð

Umhverfisstofnun hefur nú unnið með ástandsmatsverkfærið í sjö ár og Vatnajökulsþjóðgarður og Þingvallapjóðgarður í fjögur ár. Er það trú stofnananna að verkfærið sé að gagnast vel við að vernda íslenska náttúru fyrir ágangi og til að forgangsraða úrbótaverkefnum innan hvers svæðis fyrir sig. Með því að fylgjast markvisst með þróun ástands á áfangastöðum ferðamanna er hægt að grípa inn í, áður en til ófna kemur. Stofnanirnar vinna samkvæmt því og leggja sérstaka áherslu á að bæta þau svæði sem koma illa út úr matinu.

Þrátt fyrir mikla aukningu í komum gesta á svæðin þá stendur í stað fjöldi þeirra svæða sem skilgreind eru sem rauð, áfangastaðir í hættu og ánægjulegt að sjá að áfangastaðir á appelsínugulum lista fækkar milli ára. Tveir nýjir áfangastaðir bætast á appelsínugula listann og eru þeir í báðum tilfellum áfangastaðir sem hafa ekki verið metnir áður.

Tíu áfangastaðir hækka töluvert í einkunn (0,5 eða meira) milli ára og má þar sjá hvernig innviðauppbygging og aukin stýring gesta er að skila sér í hærrí einkunn. Sjö svæði lækka töluvert í einkunn (0,5 eða meira) og má þar sjá hvernig aukið álag fylgir auknum gestakomum, sérstaklega þar sem innviði skortir. Hér má nefna svæði líkt og Klasar við Mývatn, Skútustaðagígar, Dettifoss að vestanverðu og Jökulsárlón. Vert er að nefna hér að góð tíð í sumar hjálpaði til við að halda þessum svæðum þetta fáum, enda þurrkar miklir og því mun minna álag á göngustíga og gróður sem verður fyrir traðki en annars væri.

Ef litið er til allra áfangastaða í matinu, þá hefur meðaltalseinkunn þeirra lækkað lítillega milli ára, úr 6,70 í 6,68 sem er þó mjög góður árangur ef litið er til fjölda gesta í ár miðað við árið á undan.

Viðauki 1

Mat á ástandi ferðamannasvæða, leiðbeiningar

INNGANGUR

Undanfarin ár hefur ferðamönnum fjölgað verulega á vinsælum stöðum hérlendis. Margir staðir hafa samhliða orðið fyrir neikvæðum áhrifum vegna fjölgunarinnar. Á sumum ferðamannastöðum hefur álagið jafnvel valdið óafturkræfu tjóni á umhverfi og náttúru. Þar eru fyrst og fremst þrír meginþættir sem bregðast.

Skipulag svæða:

Gestasókn verður oft stjórnlaus og án skipulags. Fólki fjölgar stöðugt án þess að samhliða séu hannaðar leiðir til að taka við fjöldanum. Lítil eða engin umsjón er með svæðunum og framtíðarsýn ekki til staðar.

Innviðir svæða:

Innviðir ásamt umsjón eru einn þeirra þátta sem eykur þol svæða gagnvart mikilli gestasókn. Innviðir geta verið í margskonar formi, s.s. akvegir, bílastæði, göngustígar, upplýsingar og leiðbeiningar, salerni o.s.frv. Innviðir auka stjórn á ferðum gesta og draga úr álagi. Skortur á innviðum veldur því að svæðum hnignar hratt, lítil stýring er á ferðum gesta með tilheyrandi raski á náttúru og umhverfi.

Verðmæti svæða:

Verðmætin geta verið í formi landslags, gróðurs, jarðminja, dýralífs og menningarminja. Verðmætin eru aðdráttarafli svæðanna og skapa upplifun gesta. Skortur á skipulagi og innviðum ásamt mikilli gestasókn getur valdið átroðningi og tjóni á verðmætum svæðum, jafnvel óafturkræfum. Mjög kostnaðarsamt getur reynst að koma röskuðum svæðum í samt lag á ný og mjög raskað svæði missir gildi sitt, aðdráttarafli og upplifun gesta.

Aðferðir til að meta ástand lands:

Ýmsar aðferðir hafa verið nýttar til að leggja mat á ástand ferðamannasvæða, ekki síst friðlýstra svæða sem draga til sín gesti. Eitt þeirra verkfæra er „Ástandsskýrsla“ Umhverfisstofnunar varðandi friðlýst svæði í umsjón hennar svo og „Rauðlistaskýrslan“ þar sem útlistuð eru þau svæði sem eru undir það miklu álagi að hætta er á að verndargildi þeirra tapist. Umræddar skýrslur hafa þó haft vissa hnökra, t.d. eru ólíkar aðferðir nýttar til að meta svæði, samanburðarhæfni ekki til staðar og þá hafa þær, ekki síst Rauðlistaskýrslan, haft á sér orð fyrir að vera hlutlægar á köflum.

Á vordögum 2016 gerðu Umhverfisstofnun og Stjórnstöð ferðamanna með sér samning um að fyrrgreindi aðilinn myndi hanna og þróa verkfæri sem nýta mætti til að leggja mat á svæði sem eru undir álagi vegna gestasóknar. Áhersla var lögð á að verkfærið legði hlutlægt mat á verndarsvæði, væri samanburðarhæft milli svæða og gæfi til kynna hvort ástand svæða færi batnandi eða versnandi milli ára. Umræddir þrír meginþættir (skipulag, innviðir og verðmæti) eru metnir til að

byrja með en bæta má við nýjum meginþáttum, fella þætti út ef þarf o.s.frv. Verkfærið sem hér fylgir er í þróun og verður sennilega áfram um komandi ár. Það á að geta aðlagð sig að breyttum tímum, áherslum o.s.frv. Mikilvægt er að verkfærið sé einfalt í notkun og að ekki þurfi sérþekkingu til að nýta það. Verkfærið gefur hverjum meginþátta einkunn á bilinu 0 til 10 svo og svæðinu eina heildareinkunn.

Hönnun verkfærisins:

Ýmsar leiðir eru þekktar erlendis til að leggja mat á ástand og álag á fjölsótt svæði svo og mat á stjórnun þeirra. Við gerð þessa verkfæris voru ýmis erlend verkfæri skoðuð og hugmyndafræði þeirra nýtt. Ber sérstaklega að nefna *Management Effectiveness Tracking Tool - WWF* sem er verkfæri hannað til að meta virkni stjórnunar á friðlýstum svæðum. Aðferðarfræði ástandsmatsins er byggð á svipuðum grunni, þ.e. settar eru fram fullyrðingar um vissa þætti sem skipta ástand svæða máli og sú fullyrðing sem á best við gefur vissa einkunn (sjá síðar).

Sett voru fram alls 27 viðföng sem skiptast í þá þrjá meginþætti sem verkfærið leggur mat á, skipulag, innviði og verðmæti. Hvert viðfang hefur fjórar fullyrðingar sem gefa einkunn og einnig dálk sem merkt er í ef viðfang á ekki við umrætt svæði.

Kallaður var saman fundur margra hagsmunaaðila þar sem viðföng voru samin, rædd og metin, allt atriði sem skipta máli er kemur að ástandsmati ferðamannasvæða. Í kjölfarið voru viðföngin fínþússuð og sett fram með einkunnum. Þá var sett fram reiknilíkan til að leggja lokamat á einkunnargjöf hvers metins svæðis. Hafa ber í huga að þótt nothæft verkfæri sé þegar til staðar á það eftir að taka breytingum á komandi árum samhliða aukinni reynslu af notkun þess.

Úrvinnsla:

Við hönnun verkfærisins voru fjölmörg svæði sem Umhverfisstofnun hefur eftirlit með metin og verkfærið prófað. Eðlilega fundust hnökrar sem bætt var úr og mat þá endurtekið. Það verkfæri sem hér birtist er fyrsta útgáfa af ástandsmatinu. Verkfærið er ekki fullkomið og enn á eftir að laga margt til, bæta við viðföngum og jafnvel taka einhver út, en grunnurinn er lagður og fyrsta tilraunaútgáfa gerð með mati á svæðum frá 2017. Aftur verður lagt mat á umrædd svæði 2018 og fleirum bætt við. Samhliða verður matið lagfært, enda komin samanburður og reynsla af nýtingu verkfærisins.

Notkun, leiðbeiningar:

Hafa skal í huga að verkfæri þetta er hannað til að leggja mat á ástand svæða sem eru undir álagi vegna gestasóknar svo og þekktir ferðamannastaðir. Ekki er ástæða til að leggja mat á svæði sem fáir sækja heim og áhrif vegna gesta eru óveruleg. Það er þó mat hverju sinni. Sama á við ef álag á svæði er vegna náttúrulegra þátta og/eða vegna framkvæmda þriðja aðila s.s. virkjanir, vegaframkvæmdir eða annað álag sem ekki er hægt að rekja beint til ferðamanna. Verkfærið metur gestaálag og leiðir til úrbóta. Þó eru stök viðföng sem heyra ekki beint undir álag gesta, en geta haft áhrif á upplifun þeirra, t.d. landnýting, framandi ágengar lífverur o.s.frv.

Að fylla út matið:

Verkfærið samanstendur af 27 viðföngum, með fjórum til sex fullyrðingum í hverju viðfangi. Viðföngin skiptast í þrjú meginflokkka (skipulag, innviðir, verðmæti). Sá sem tekur út svæði merkir við hvert viðfang þá fullyrðingu sem á best við. Vissulega getur komið upp að ástand sé metið milli tveggja fullyrðinga (tvær fullyrðingar gætu átt við) og er þá hægt að fara milliveg og gefa einkunnir með kommu. Dæmi: svæðið liggur á milli 2 og 3 og má gefa einkunn 2,5 eða aðra þá tölu sem metandi telur gilda. Samhliða skal þá setja athugasemd við í athugasemdadálk, á hverju matið byggist.

Ástands- og úrbótarmat:

Tveir reitir eru aftan við einkunnargjöfina, annars vegar reitur fyrir ástand og hins vegar reitur fyrir úrbætur. Dæmi: Ástand; Talsvert er farið að sjá á göngustígum á svæðinu, sérstaklega í bleytutíð... Úrbætur; Mikilvægt er að bæta drenun göngustíga og setja betra burðalag í efsta hluta stíganna. Hér er bæði ástandi og úrbótum lýst. Mikilvægt er að textinn sé stuttur og hnitmiðaður og þegar skýrsla er unnin um ástand allra metinna svæða flyst þessi texti yfir í samanburðarskýrsluna. Gott er að hafa í huga að ekki er eingöngu verið að lýsa ástandi heldur og einnig úrbótum. Í raun má tala um ástands- og úrbótamat verkfærisins.

Við hvaða svæði miðast matið:

Líkt og fyrr segir er um að ræða svæði sem eru undir álagi vegna fjölda ferðamanna. Svæðin geta verið jafnt innan friðlýstra svæða, þjóðgarða eða svæði án hirðis sem draga að sér fjölda gesta. Svæðin sem metin eru, eru afmörkuð, þ.e. ekki er lagt mat á stórt heildarsvæði, D: Fjallabak, heldur umsetin svæði innan þeirra, t.d. Landmannalaugar, Laugahraun og Grænagil. Það eru þau svæði sem eru undir álagi vegna gesta. Benda má á að stór friðlönd eru yfirleitt í góðu ástandi þótt innan þeirra geti stöku staðir verið ofsetnir eða undir skemmdum. Á þau svæði er lagt mat og úrbætur. Fyrri ástandsmatsskýrslur lögðu fremur mat á heildarsvæði oft út frá einstaka stöðum sem illa voru farnir innan þeirra (Fjallabak var í heild á rauðum lista þó aðeins lítill hluti þeirra væri í raun undir óafturkræfu álagi). Sá sem leggur mat á ástands svæðis þarf því að hafa það í huga að leggja mat á álagssvæði og geta þau oft verið fleiri en eitt á stóru ferðamannasvæði. D: Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, mat er lagt á Svalpúfu, Lóndranga, Malarif, Djúpalón, Saxhól, Skarðsvík, Öndverðarnes o.s.frv. en ekki á þjóðgarðinn í heild, enda stór hluti hans utan ferðamannaleiða og álags sem fylgir oft gestum. Öll svæðin eru sótt af fjölda ferðamanna. Einnig má leggja mat á einstaka göngustíga/ gönguleiðir (Laugahraun, gönguleiðin Stapar-Hellnar o.s.frv.).

Hvenær skal gera matið?

Strax og sjá fer á ferðamannasvæði eða þegar fjöldi gesta er orðinn það mikill að svæði verði hugsanlega fyrir neikvæðum áhrifum, skal gera ástandsmat. Einnig má gera mat á svæði sem er í mjög góðu standi og fáir gestir sækja heim, en þá munu mörg viðföng falla út (eiga ekki við). Mjög brýnt er að meta illa farin svæði. Gott er að gera matið þegar álagið er sýnilegt, t.d. á sumrin eða á haustin þegar fjöldi gesta kemur á svæði. Í raun má þó taka matið hvenær árs sem er. Ljúka þarf mati og skila því af sér um miðjan nóvember ár hvert. Þegar lokaskil liggja fyrir er unnin stöðugreining á öllum metnum svæðum. Benda skal á að með auknum fjölda gesta á vetrar- og vortíma hefur álag á mörgum stöðum breyst. Brýnt er að fylgjast með og skrá ástand álagssvæða

á þeim tíma. Ástandsmat skal endurtekið árlega, þannig verður matið svæði samanburðarhæft milli ára og breyttar áherslur t.d. í úrbótum á umræddum svæðum skila sér árlega.

Hverjir fylla út matið (því fleiri, því betra)

Umsjónaraðili svæðis (ábyrgðaraðili) fyllir út matið þar sem slíkur aðili er til staðar. Hann getur jafnframt látið aðra (s.s. landverði) fylla út matið með leiðsögn og eftirliti svo rétt sé unnið. Ef enginn hefur umsjón með svæði getur fulltrúi sveitafélags unnið það, eigendur svæða o.s.frv. Best er að fleiri en einn aðili fylli út mat hvers svæðis, t.d. gætu einn eða fleiri landverðir fyllt út matið hver í sínu lagi og borið saman og rætt niðurstöður sínar í kjölfarið ásamt yfirmanni. Umhverfisstofnun sér um að setja upp matsskýrslu og skal skila gögnum til hennar. Fulltrúi stofnunarinn metur áreiðanleika gagna og sækir frekari upplýsingar ef þörf er á um einstök svæði.

Viðföng:

Líkt og áður segir eru þrír meginþættir metnir á álagssvæðum. Þættirnir ásamt eintökum þáttum eru:

- Skipulag áfangastaðar
 - Leiðbeiningar og upplýsingar
 - Umsjón, landvarsla
 - Fjármögnun
 - Stefnumótun, stjórnunar- og verndaráætlun
 - Skipulagsáætlanir, aðalskipulag, deiliskipulag
 - Ólöglegt athæfi, utanvegar akstur, næturdvöl, veiði, framkvæmdir, vísvitandi skemmdir á náttúru, vörðuhleðsla
 - Vöktun, talning gesta
- Innviðir
 - Göngustígar
 - Stikaðar varðaðar leiðir
 - Salerni
 - Bílastæði
 - Akvegir að/innan áfangastaðar
 - Umferð reiðhjóla
 - Reiðleiðir
 - Áningarstaðir, Útsýnisstaðir, þjónustustaðir (nestisstaðir)
 - Tjaldsvæði
- Verðmæti svæðis
 - Gróður
 - Ágengar, framandi tegundir
 - Landslag
 - Menningarminjar
 - Jarðminjar
 - Lífríki, Dýralíf

- Landnýting á eða við áfangastaði ferðamanna, t.a.m. efnistaka, skógrækt, landbúnaður eða annað

Er hægt að tryggja að matið sé ekki huglægt?

Þegar mat og einkunn liggur fyrir eru niðurstöður skoðaðar, ekki síst ef svæði kemur illa út. Skoða þarf hvort ástandsmatið hafi verið fyllt rétt út og hvort metandi hafi gerst of huglægur eða misskilið viðföngin. Gott er að bera saman einkunnir nokkurra svæða. Ef einstakar einkunnir eru mjög á skjön skal skoða þær sérstaklega. Funda þarf um viðföng sem koma illa út og leggja sameiginlegt mat á hvort einkunnir séu réttar. Þetta skal gert til að tryggja að matið sé fyllt rétt út og fyrirbyggja að mat á ástandi sé byggt á huglægum forsendum.

Einstakir þættir matsins:

Hvað dregur úr álagi svæða og hvað skiptir framgang þess máli?

Skipulag áfangastaðar

Skipulag skiptir svæði miklu máli. Með skipulagi er átt við hvort einhver hafi umsjón og eftirlit með svæði, hvort leiðbeiningar um ferðahegðun séu til staðar og hvort þörf sé á þeim. Jafnframt hvort svæðið hafi fjármagn til að takast á við álagsvalda, s.s. með viðhaldi, uppbyggingu innviða, landvörslu o.s.frv. Er stefnumótun ráðandi og hvernig er opinberu skipulagi háttað? Gagnast gilt aðalskipulag svæðinu? Miðast deiliskipulag við þarfir og innra skipulag? Þá skal lagt mat á ólöglegt athæfi s.s. utanvegaakstur eða annað slíkt. Loks er lagt mat á vitneskju um álagsvalda s.s. fjölda ferðamanna, eigindi þeirra o.fl.

Innviðir áfangastaða

Innviðir eru flestum svæðum mjög mikilvægir, enda fylgir þeim stýring á álagi. Innviðir snúa að þörfum ferðamanna, að komast leiða sinna, njóta staða, öryggi og þægindi, læsileika áfangastaðar (hvar má ég ganga, sitja, leggja bílnum, borða nesti o.s.frv.), samhliða og vel hannaðir staðir auka á margbreytileika, fræðslu og upplifun gesta. Góðir innviðir hækka þol áfangastaða.

Verðmæti

Verðmætin liggja í náttúru og arfleifð svæða. Þau eru hið raunverulega aðráttarafl og væntingar og upplifun gesta stendur og fellur með ástandi þeirra. Í matinu er sýnilegt ástand gróðurs, jarðminja og menningarminja metið út frá álagstjóni sem gestir geta valdið (troðningar og rof). Þá er lagt mat á áhrif gesta á dýralíf, en slíkt er þó oft dulið og erfitt að meta án frekari rannsókna. Fremur er skoðað hvort gestir geti haft áhrif á varplönd fugla o.s.frv. Landslag er einn matsþátta og mat lagt á hvort athafnir, vegir, mannvirki o.s.frv., hafi neikvæð áhrif á svæði og upplifun gesta. Jafnframt setur það þá kröfu á umsjónaraðila að standa vel að hönnun innviða og tryggja að þeir falli vel að umhverfi sínu. Loks er metin önnur landnýting s.s. efnistaka, beit, akuryrkja eða annað sem getur haft neikvæð áhrif á upplifun gesta og gildi svæðisins. Landslag og landnýting geta leitt til huglægs mats og þarf því að skoða þá þætti sérstaklega ef einkunnir eru lágar.

Einkunn:

Hvert viðfang gefur ákveðin stig. Þegar heildarfjöldi stiga er lagður saman fyrir öll viðföng kemur út talan 100 stig. Stigunum er skipt í tug og svæði með fullt hús stiga fær þannig 10 í einkunn. Slík einkunn yrði þó ósennileg. Einkunn er með tveimur aukastöfum (D: 5,42). Það getur komið fyrir að viðfang á ekki við áfangastað, t.d. svæðið er girt af og umferð hrossa bönnuð, reiðleið á þ.a.l. ekki við í umræddu viðfangi. Í útreikningum er tekið tillit til þess sem á ekki við og fellur viðfangið út úr heildarreikningi svæðis. Það eru því eingöngu metin viðföng sem gefa einkunn.